| 8. Edda Kvaran, Borgarh.br. 37,Kópavogi | - | - | 8/9 1941 |
| 9. Einar Pálsson, Kvisth. 11 | - | - | 28/8 1950 |
| 10. Einar Ingi Sigurðsson, Hrísat. 15 | - | - | 13/6 1952 |
| 11. Elín Ingvarsdóttir, Harrastaðir | - | - | 13/6 1952 |
| 12. Emilía Borg, Lauf. 5 | - | - | 10/8 1933 |
| 13. Erna Sigurleifsdóttir, Sólv. 31 | - | - | 28/8 1950 |
| 14. Freymóður Jóhannesson, Blönduhl. 8 | - | - | 29/12 1930 |
| 15. Guðjón Einarsson, Mím. 2 A | - | - | 28/8 1950 |
| 16. Guðlaugur Guðmundsson, Hverf. 67 A | - | - | 28/8 1950 |
| 17. Guðný Pétursdóttir, Langahl.9 | - | - | 28/8 1950 |
| 18. Gunnar Bjarnason, Víð. 65 | - | - | 7/7 1944 |
| 19. Gunnar Eyjólfsson, Hólat. 6 | - | - | 5/7 1951 |
| 20. Gunnar Möller, Garð. 43 | - | - | 25/1 1935 |
| Gerður Hjörleifsd., Þórs. 23 | - | - | [illegible] |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Hafliði Bjarnason, Grett. 77 - Fél. 25/1 1935

22. Haraldur Á. Sigurðsson, Barm. 24 - - 7/4 1926

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 21. Hafliði Bjarnason, Grett. 77 | - | Fél. | 25/1 1935 | |
| 22. Haraldur Á. Sigurðsson, Barm. 24 | - | - | 7/4 1926 | |
| 23. Haukur Óskarsson, Háv. 7 | - | - | 1/2 1947 | |
| 24. Helga Möller, Mikl. 18 | - | - | 28/8 1950 | |
| 25. Helgi Guðmundsson, Fossv.kapella | - | - | 25/1 1935 | |
| 26. Henrik Berndsen, Öld. 6 | - | - | 28/8 1936 | |
| 27. Hjörleifur Hjörleifsson, Kirkj. 10 | - | - | 8/9 1930 | |
| 28. Inga Laxness, Lauf. 25 | - | - | 3/10 1943 | |
| 29. Ingibjörg Steinsdóttir, Sigt. 59 | - | - | 24/7 1936 | |
| 30. Jóhanna Lárusdóttir, Háteigsv. 18 | - | - | 28/8 1950 | |
| 31. Jón Leós, Blönduhl. 6 | - | - | 11/6 1933 | |
| 32. Katrín Thors, Smár. 16 | - | - | 14/8 1951 | |
| 33. Kristinn Kristjánsson, Leifs. 30 | - | - | 7/4 1926 | |
| 34. Kristín Thorberg, Egiss. 98 | - | - | 11/6 1934 | |
| 35. Lárus Sigurbjörnsson, Tómasarh.12 | - | - | 29/12 1930 | |
| 36. Magnþóra Magnúsdóttir, Lauf. 8 | - | - | 30/6 1945 | |
| 37. Margrét Magnúsdóttir, Eskihl. 15 | - | - | 28/8 1950 | |
| 38. Nína Sveinsdóttir, Fram. 30 | - | - | 7/7 1944 | |
| 39. Ólafía Jónsdóttir, Lauf. 55 | - | - | 8/9 1941 | |
| 40. Ólafur Þorgrímsson, Víð. 63 | - | - | 29/12 1930 | |
| 41. Pétur Á. Jónsson, Ásv. 3 | - | - | 28/8 1936 | |
| 42. Pétur Pétursson, Meðalh. 5 | - | - | 5/7 1935 | |
| 43. Ragnhildur Steingrímsdóttir, Ag.26 | - | - | 13/6 1952 | |
| 44. Sigfús Halldórsson, Lauf. 47 | - | - | 8/9 1941 | |
| 45. Sigurður Guðnason, Hring. 88 | - | - | 25/1 1935 | |
| 46. Soffía Karlsdóttir, Vest. 54 A | - | - | 5/7 1951 | |
| 47. Sófus Guðmundsson, Ásv. 39 | - | - | 14/8 1951 | |
| 48. Sólveig Eyjólfsdóttir, Ásv. 67 | - | - | 29/12 1930 | |
| 49. Steindór Hjörleifsson, Egiss. 26 | - | - | 28/8 1950 | |
| 50. ~~Steingerður Guðmundsdóttir, Bjarn. 12~~ | - | - | 28/8 1950 | úrs. 13/6 '52 |
| 51. Steinunn Bjarnadóttir, | - | - | 13/6 1952 | |
| 52. Sveinn V. Stefánsson, | - | - | 5/7 1951 | |
| 53. Tómas Hallgrímsson, Vesturv. 6 A | - | - | 28/8 1950 | |
| 54. Wilhelm Norðfjörð, Víð. 65 | - | - | 26/8 1940 | |
| Knútur R. Magnússon, Grett. 29 | - | - | 3/7 1951 | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



55. Þorsteinn Ö. Stephensen, Lauf. 4 - Fél. 25/1 1935

A u k a f é l a g a r :

55. Þorsteinn Ö. Stephensen, Lauf. 4 - Fél. 25/1 1935

## A u k a f é l a g a r :

### A.: Ársráðnir hjá Þjóðleikhúsi 1952/53

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Anna Guðmundsdóttir, Tjarn. 10 B | - | Fél. | 13/9 1933 |
| 2. | Bryndís Pétursdóttir, | - | - | 13/6 1952 |
| 3. | Emilía Jónasdóttir, Öð. 22 | - | - | 3/10 1943 |
| 4. | Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Bar. 39 | - | - | 5/7 1951 |
| 5. | Klemens Jónsson, Lind. 12 | - | - | 7/7 1944 |
| 6. | Rúrik Haraldsson, Grett. 16 | - | - | 5/7 1951 |
| 7. | Sigrún Magnúsdóttir, Hagam. 14 | - | - | 29/12 1930 – 28/8 1950 |
| 8. | Valdemar Helgason, Skól. 33 | - | - | 18/8 1933 |
| 9. | Þorgrímur Einarsson, Nýl. 15 | - | - | 5/7 1951 |

### B.: Fastráðnir hjá Þjóðleikhúsi

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Gestur Pálsson, Bár. 33 | - | Fél. | 25/1 1935 | |
| 2. | Guðni Bjarnason, Hallv. 9 | - | - | 4/10 1942 | |
| 3. | Haraldur Björnsson, Berg. 83 | - | - | 29/12 1930 | |
| 4. | Hallgrímur Bachmann, Óð. 18 A | - | - | 25/1 1935 | |
| 5. | ~~Herdís Þorvaldsdóttir, Leifs. 15~~ | - | - | 1/2 1947 | úrsögn 13/6 1952 |
| 6. | Hildur Kalman, Bar. 39 | - | - | 19/4 1935 | |
| 7. | Indriði Waage, Grett. 31 | - | - | 5/9 1925 | |
| 8. | Ingibjörg Bachmann, Bergþ. 23 | - | - | 29/12 1930 | |
| 9. | Jón Aðils, Lauf. 45 | - | - | 25/1 1935 | |
| 10. | Kristinn Friðfinnsson, Skól. 29 | - | - | 4/10 1942 | |
| 11. | Kristólína Kragh, Mikl. 66 | - | - | 7/7 1944 | |
| 12. | Lárus Ingólfsson, Berg. 68 | - | - | 19/4 1935 | |
| 13. | Lárus Pálsson, Víð. 70 | - | - | 8/9 1941 | |
| 14. | Magnús Pálsson, Skól. 3 A | - | - | 5/7 1951. | |
| 15. | Regína Þórðardóttir, Tún. 5 | - | - | 24/7 1936 | |
| 16. | Róbert Arnfinnsson, Austurbæjarsk. | - | - | 15/3 1948 | |
| 17. | Valur Gíslason, Reyn. 58 | - | - | 4/3 1928 | |
| 18. | Þóra Borg Einarsson, Lauf. 5 | - | - | 20/11 1928 | |
| 19. | Ævar R. Kvaran, Sólv. 3 | - | - | 13/7 1939 | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sagði formaður því fundi slitið

[illegible signature]
Haukur Óskarsson,
ritari.
Einar Pálsson

Félagatal 3. júlí 1953

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur L.R. var haldinn í Iðnó föstudaginn 3. júlí 1953.

Mættir voru 29 félagar. Formaður, Brynjólfur Jóhannesson setti fundinn og gaf síðan ritara orðið. Las ritari upp fundargerð síðasta aðalfundar. Var hún samþykkt með örlítilli orðalagsbreytingu.

Þá voru bornar upp inntökubeiðnir frá [illegible] Hjörleifsdóttur og Knúti Magnússyni og báðar samþykktar einróma með handauppréttingu.

Síðan las formaður skýrslu um síðastl. leikár. Kvað hann L.R. hafa sett met í sýningafjölda á ~~[illegible]~~ einu ári, leikið alls 115 kvöld, en flest hefðu verið 109 áður. Sótt hefðu sýningarnar um 30.000. áhorfendur, en leikkvöld hefðu skipzt þannig á leikrit: Óperan Miðillinn 9 kvöld, Ævintýri á gönguför 50 kvöld, Góðir eiginmenn sofa heima" 41 kvöld, Vesalingarnir 15 kvöld.

Kvað form. byrjun leikárs hafa verið erfiða, þar sem dala hefði orðið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

peningaláni, en það lán hafði verið greitt að fullu um áramót og hafði aðgöngumiðasala numið kr. 852.417.50, en hreinn ágóði félagsins á leikárinu numið kr. 95.513.39 Hefði félagið orðið að greiða talsvert af skuldum frá fyrri árum á leikárinu, en styrkir til félagsins verið hækkaðir úr kr. 65.000. upp í kr. 100.000 frá ríki og bæ. Hefði stjórn félagsins því getað endurgreitt styrktarsjóð, sem fengnir hefði verið að láni. Einn versti liðurinn í fjárhagsáætlun félagsins kvað form. félagsgjöldin, þar sem enn væru ógreiddar af þeim kr. 10.500. Kvað form. slíkt ástand óviðunandi. Lauk form. máli sínu með því að skýra frá för þeirri á leiklistarþing í Stokkhólmi, er hann hafði farið fyrir hönd L. R.

Síðan las gjaldkeri, Jón Leós, upp reikninga félagsins og endurskoðandi Wilhelm Norðfjörð, gerði athugasemdir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við þá. Kvað endurskoðandi reikninga
félagsins á leikárinu mjög glæsilega,
en gagnrýndi færslu á reikningum
fyrir óperuna Miðilinn.

Fékk þá ritari, Einar Pálsson, orðið, og
gerði grein fyrir skiptum sínum og
stjórnar L.R. varðandi óperuna. Las
síðan upp reikninga fyrir Miðilinn
í einstökum atriðum og svaraði
fyrirspurnum.

Voru síðan reikningar félagsins
bornir undir atkvæði og samþykktir
í einu hljóði.

Því næst stóð formaður upp og bar
fram eftirfarandi tillögur fyrir
hönd stjórnarinnar:

„ Af hagnaði leikársins 1952-53
leggist kr. 25000.oo. inn á reikning,
sem heiti: Húsbyggingarsjóður
Leikfélags Reykjavíkur"

og

„ Að gefnu tilefni heimilast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórn L.R. að strika út ~~úr~~ félagatölu
þá sem eigi hafa greitt áfallin
félagsgjöld fyrir 31. des. 1953"

Voru báðar þessar tillögur samþykkt-
ar með öllum greiddum atkvæðum.
Síðan fór fram stjórnarkosning.
Fyrst var kosið til formanns og var
stungið upp á Brynjólfi Jóhannessyni.
Bárust ekki fleiri uppástungur og var
hann samþykktur með lófaklappi.
Þá var kosið til ritara og var
stungið upp á Steindóri Hjörleifssyni,
Einari Pálssyni og Ernu Sigurleifsdóttur.
Var Steindór kosinn með 20 atkvæð-
um, Einar fékk 7 og Erna 2.
Þá var kosið til gjaldkera og barst
ein uppástunga: Jón Leós og var hann
samþykktur með lófaklappi.
Næst var kosinn varaformaður.
Bárust uppástungur um Þorstein
Ö. Stephensen og Vilhelm Norðfjörð. Var
Vilhelm kosinn með 19 atkvæðum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorsteinn fékk 9. Vararitari var kosinn Guðjón Einarsson og varagjaldkeri Árni Tryggvason, báðir einróma.

Í leikritavalsnefnd voru kosnir Þorsteinn Ö. Stephensen með 26 atkvæðum og Lárus Sigurbjörnsson með 15 atkv. Emma Sigurleifsd. fékk 11 atkv. og Inga Laxness 4.

Endurskoðendur voru kosnir Gunnlaugur Guðmundsson frá félaginu og Manscher löggiltur.

Að stjórnarkosningu lokinni stóð formaður, Brynjólfur Jóhannesson upp og þakkaði fráfarandi ritara gott samstarf á liðnum árum.

Engin tillaga barst um lagabreytingar, en eftirfarandi tillaga til hússtjórnar Iðnó var samþykkt einróma:

„Aðalfundur L.R. lítur svo á, að fortjaldið fyrir leiksviðinu sé orðið það slitið og úr sér gengið, enda um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20 ára gamalt, að ekki sé hægt að nota það lengur og skorar á hússtjórn Iðnó að kaupa nýtt fortjald fyrir leiksviðið, er verði komið upp áður en leikstarfið hefst á næsta hausti. Rvk. 3/7 '53

Stjórn L.R.

Eftir samþykkt þessarar tillögu stóð Lárus Sigurbjörnsson upp og benti fundarmönnum á það, að gullbrand sú er saumuð væri utan á núverandi fortjald í Iðnó væri eign L.R. og skoraði á þá að láta hana ekki fara forgörðum. Höfðu fundarmenn þar um góð orð.

Að síðustu gerði Jón Leós grein fyrir fjárreiðum félagsins, fráfarandi ritari þakkaði stjórn og félagsmönnum samstarfið á liðnum árum og Lárus Sigurbjörnsson bar fram þakkir fyrir neftóbaksbauk þann, er félagið hafði fært honum á fimmtugsafmæli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans.

Að svo mæltu þakkaði formaður félagsmönnum komuna og sleit fundi.

Bergsveinn Jóhannsson
form.

Einar Pálsson (rit.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur L.R. var haldinn
í Iðnó, - þriðjudaginn 13. júlí 1954.
Mættir voru 25 félagar og einn
aukafélagi.
Formaður setti fundinn, og minntist
Frú Magnþóru Magnúsdóttur
hárgreiðslukonu félagsins, er látist
hafði á árinu. Bað hann fundarmenn
að minnast hennar með því að rísa
úr sætum og var svo gert.
Því næst las ritari fundargerð síðasta
aðalfundar og var hún síðan sam-
þykkt samhljóða og athugasemdalaust
Þá las formaður bréf er honum
hafði borist og fylgdu því kr. 1000,-
sem var áheit frá gamalli konu.-
Næst voru lesnar upp inntökubeiðnir
frá 7 ungum leikurum og leikkonum,
þeim: Sigríði Hagalín, - Margréti
Ólafsdóttur, Kristjönu Breiðfjörð, -
Einari Þ. Einarssyni, Valdemar
Lárussyni, Helgu Valtýsd. og
Steingrími Þórðarsyni, - og
voru þau allar samþ. samhljóða.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður las einnig bréf sem fundin-
um barst frá Höskuldi Skagfjörð.-
Þar sem hann segir, óvissu ríkja um
hvort hann teljist löglegur félagi í
L.R. Biður hann aðalfund úrskurða
um félagsaðild sína.- Höskuldur var
ekki staddur á fundinum, en hafði
talað við Lárus Sigurbjörnsson sem
uppl. að nafn H. Skagfjörð finndist
ekki í félagaskrá L.R. en hann
segðist hafa mætt á 2 aðalfundum
og engin athugasemd hafi verið við
það gerð.- Ákveðið var að fela
stjórninni að rannsaka mál þetta
og benda H. S. á að senda nýja umsókn
fyrir framhaldsaðalfund.
Að þessu loknu flutti formaður skýrslu
sína um starfsemi félagsins sl. ár.
Kvað hann ekki hafa unnist tími til
að endurskoða reikninga fél. vegna
þess að sýn. lauk ekki fyr en í
júlíbyrjun, en þrátt fyrir það hefði
hann ekki viljað fresta að halda
aðalfund svo hægt yrði að kjósa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórn fyrir næsta starfsár.
Framhaldsaðalfund yrði svo að halda að hausti, og yrðu þá lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.-
Starfsemi félagsins hófst seint, ekki fyr en 4. nóv. m.a. vegna starfa beggja leikstjóra félagsins hjá Þjóðleikhúsinu. - sagði formaður.
Sýnd voru 6 leikrit á leikárinu og urðu sýn. alls 94, sem skiftust þannig.

| | |
|---|---|
| Undir heillastjörnu. | 7. sýn. |
| Skóli fyrir skattgreiðendur | 12. -"- |
| Mýs og menn. | 23 -"- |
| Hviklynda konan | 6 -"- |
| Frænka Charles | 34 -"- |
| Gimbill | 12 -"- |

Leikhúsgestir alls 23.671.- eða ca 81.4%
Tap varð á öllum leikritunum, nema Frænku Charles, eða ca 62 þús. kr sem þó væri ekki viðunandi niðurstaða.
Fengist hefði 35 þús. kr. yfirdráttur á hlr. í Útvegsbankanum.
Formaður sagði að þó tap hefði orðið á leikárinu mætti það vera

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

draga mjög úr mönnum, slíkt
hefði áður gerst. - Eignaaukning hefði
orðið töluverð, bæði í búningum
bókagögnum og hárkollum. -
Stofnkostn. leikrita kvað formaður orðinn
geysimikinn og nefndi dæmi til
stuðnings máli sínu. -
Þá gat formaður gjafar þeirrar er
húsbyggingarsjóði fél. hafði borist
á árinu frá velunnara félagsins
að upph. 25 þús. krónur. Samkvæmt
tilmælum hans risu fundarmenn
úr sætum í þakkarskyni fyrir gjöf
þessa og einnig þær 1000, kr. er
bárust á fundinum.
Formaður skýrði og frá því, at samkvæmt
samþ. síðasta aðalfundar um at fá
nýtt fortjald fyrir leiksviðið hefði
hann í samráði við hússtjórn leitað
að góðu efni í fortjald, en það
hefði ekki fengist ennþá.
Einnig sagði hann frá tilraunum
stjórnarinnar til að tryggja þær
lagfæringar á Iðnó, sem enn

hafðu ungann áhuga borið, þó góð orð hefðu fengist þar um frá hússtjórn.-
Formaður gat samstarfs þess við Þjóðleikhúsið og hófst á leikárinu með starfi Lár. Páls. hjá fél. og kvað það von stjórnar L.R. að áframhald geti orðið á því.
Í lok skýrslu sinnar gat formaður þess að stjórn fél. hefði ákveðið að fengnu samþ. aðalfundar að L.R. gerðist meðlimur í Alþjóða-leikhúsmálastofnuninni, sem hefir aðsetur í París, ásamt Þjóðl. húsinu, fél. ísl. leikara, starfsmannafélagi Þjóðl.h. og Fél. ísl. gagnrýnenda.
Er formaður hafði lokið máli sínu, spurðist Frú Edda Kvaran fyrir um, hvort stjórn L.R. hefði sótt um styrk til bæjar eða ríkis til húsbyggingar. Formaður svaraði því til að stjórnin hefði mikið rætt „fjáröflunarplön“ í sambandi við væntanlega húsbygginguna og ýms

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og fundarmönnum væri kunnugt,
sótt um lóð til bæjarins. - en
um beinan styrk hefði að svo
komnu máli ekki verið sótt.
Stjórnin bar fram svohljóðandi
tillögur sem samþ. voru samhljóða:
Aðalfundur L.R. 13 júl. '54.
heimilar stjórn fél. að hefja nú
þegar framkvæmdir til ~~undirbúnings~~ s
undirbúnings húsbyggingu fyrir
félagið — og . aðalfundur
L.R. samþ. að leggja í húsbyggingar-
sjóðinn, stofnframlag félagsins, og
einnig 1000 kr. áheitið sem barst á
fundinum.
Þ.Ó. Stephensen tók til máls, og
kvaðst ekki sjá nauðsyn þess að
ganga í Alþjóðaheilbrigðismálastofn.
og lagði til að ákvörðun um inngöngu
L.R. yrði frestað til framhaldsaðal-
fundar. Hjörl. Hjörleifsson kvaðst ekki
sjá ástæðu til að L.R. hafnaði
inngöngu í nefnt samband og
skærist þannig úr leik. Tillaga Þ.Ó.St.
var

borin undir atkvæði og samþ.
Þvínæst tók enginn til máls, og var
gengið til stjórnarkosningar.
Brynjólfur Jóhannesson baðst undan
~~[illegible]~~ endurkosningu og var
stungið upp á Lárusi Sigurbjörnssyni
var hann kosinn með 18 atkvæðum. –
auðir seðlar voru 7.
Ritari var endurkosinn Steindór Hjörleifsson
með 24 atkv. 1 seðill auður.
Gjaldkeri endurkosinn Jón Leós
með 24 atkv. 1 seðill auður.
Lárus Sigurbjörnsson þakkaði
traust það er félagsmenn hefðu
sýnt sér, og þakkaði fráfarandi
formanni Brynjólfi Jóhannessyni mikið
og óeigingjarnt starf í þágu
félagsins og óskaði eftir því að hann
tæki að sér varaformannsstarfið og
var hann kosinn með almennu
lófaklappi. Sem ~~[illegible]~~ VARARITARA var
stungið upp á Guðjóni Einarssyni og
varagjaldkera Árna Tryggvasyni
og þar eð ekki fleiri uppástungur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og voru þeir kjörnir með lófaklappi
Í leikritavalsnefnd voru tilnefndir
þeir Þ. Ö. Steph. og Brynjólfur
Jóhannesson, og voru þeir kosnir
með lófaklappi, þar eð ekki bárust
fleiri uppástungur. Formaður lagði
til að ~~[illegible]~~ kjöri endurskoðenda
yrði frestað til framh. aðalf. og
var það samþ.
Formaður gerði grein fyrir nýrri
launaskrá er stjórnin hafði samið
og greitt eftir á leikárinu og var
hún samþ. með samhljóða atkv.
Þóra Borg Einarsson kvartaði
undan því að áfallin fél. uppágjöld
hefðu ekki verið ~~[illegible]~~ rukkuð,
heldur hefði hinum skuldugu verið
sent að því er hún taldi
~~[illegible]~~ hvatvíst bréf. Jón
Leós varð fyrir svörum.
Fráfarandi formaður þakkaði
stjórn og leikritavalsnefnd gott
samstarf á leikárinu og var
fundi síðan frestað.

Brynjólfur Jóhannesson    Steindór Hjörleifsson
ÞNN.    Rit.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

168. fundur

Mættir voru 24. félagar

Framhaldsaðalfundur L.R. var haldinn í Iðnó 21. febr. '55. kl. 8³⁰

Formaðurinn L. Sigurbjörnsson setti fundinn og síðan las ritari fundargjörð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða. -

Þá voru bornar upp inntökubeiðnir frá eftirtöldum leikurum og leikkonum.
Karli Jóh. Guðmundssyni
Höskuldi Skagfjörð.
Hólmfríði Pálsdóttur
Kristínu Önnu Þórarinsdóttur
Jóhanni Pálssyni
Helgu Bachmann, - og voru öll samþ. samhljóða. -

Formaður gat þess að vegna þess að endurskoðun reikn. félagsins hjá N. Manscher & Co. lauk ekki fyr en í jan. og auk þessa mikið annríki hjá félagsmönnum, hafi ekki verið unnt að halda aðalfund fyrr. -

Las hann þvínæst upp reikn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leikársins og gerði grein fyrir mismun
á bátabyrgða uppgjöri og undarlegri
niðurstöðu á rekstrarreikningi. –
Tap á leikárinu reyndist hafa
orðið krónur 105.498.02. –
Formaður las einnig efnahagsreikn.
félagsins og athugasemdir endur-
skoðenda og voru ~~þær~~ reikningarnir að því
loknu samþ. samhljóða. –
Formaður gerði grein fyrir sérprentun
þeirri á félagslögum, félagatali, samþ.
launataxta og reglugerð fyrir ~~fél.~~
leikara og starfsfólk, sem ~~stjór~~
stjórnin hafði látið gera og útbýtt
var meðal fundarmanna. –
Í félagaskrá þessari eru aðeins
skuldlausir félagar taldir
og kvað hann það tillögu
stjórnarinnar að skv. heimild frá
aðalf. 3 júl. 1952 yrðu þeir sem
ekki hefðu greitt félagsgjöld,
strikaðir út af félagaskrá. –
Wilhelm Norðfjörð andmælti því
að slíkt yrði gert; óskaði þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að mál þetta yrði ekki afgreitt
fyr en samþ. fjölmennari fundar
kæmi til. Þó kvað hann sjálfsagt
að strika út þá er ekki hefðu
greitt inntökugjöld. Ef útstrikanir
þessar yrðu gerðar kvaðst hann
óska þess að hver einstakur
skuldugur félagsmaður yrði borinn
undir atkvæði.
Klemenz Jónsson tók undir þessi
orð W.N. Frosts.
Frú Kristín Jacobsen kvaðst óska
þess að ~~sérhverjum~~ öllum skuldugum
félagsmönnum yrði skrifað, og
þeir beðnir senda skriflega úrsögn
úr félaginu, ef þeir óskuðu ekki
lengur eftir því að vera félagar V.R.
Jón Ljós tók einnig til máls og
sagði m.a. það vera tilmæli
endurskoðenda að eitthvað yrði gert
ljóst dráttarlaust í máli þessu.
Í þessu máli var samþykkt
eftirfarandi tillaga frá Brynjólfi
Jóhannessyni og Klemenz Jónssyni:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Leggjum til, að allir skuldugir meðlimir L.R. verði sundurstrikaðir fyrir 1. apríl n.k. – eða að frá þeim komi skrifleg ósk um úrsögn." Tillaga þessi var samþ. með ~~öllum~~ 23 atkvæðum gegn einu.
Formaðurinn óskaði þess að ályktuninni um inngöngu L.R. í Alþýðu-leikhúsmálastofnunina, sem frestað var að taka, til framhald aðalf. yrði eins frestað til aðalfundar að vori.–
Þ. Ó. Stephensen kvaðst hafa kynnt sér samtök þessi og m.a. fengið tímarit frá þeim, – og sagðist vera því hlynntur að L.R. gerðist aðili að samtökum þessum. Kvaðst hann hafa lagst gegn því að samþykkt þessi yrði gerð á ~~að~~ síðasta aðalfundi, vegna þess hve samtök þessi voru lítt kunn. Sagðist geta tekið undir þá tillögu L.S. að fresta atkvæðum þessum til aðalfundar

at vori. Sú tillaga var samþ.
með öllum greiddum atkvæðum.
Formaður gat þess at stjórnin
hefði sótt um aukinn styrk til
bæjarráðs, og fengist hefði 20 þús.
kr. hækkun. Leikskráin hafi
verið stækkuð, og auglýsingar í
henni aukist töluvert. Gerði
hann og grein fyrir afkomu
félagsins. Það sem af er lið-
árinu.
Formaður skýrði frá því at í
sambandi við afmælissýninguna
Br. Jón. hefði velunnari félagsins
boðið fél. aðstoð, sem mundi, ef
vel tækist til verða til mikillar
aukningar á húsbyggingarsjóð. —
Kvaðst hann at svo komnu máli
ekki geta gefið frekari upplýsingar
um þetta höfðinglega boð.
Sagði hann at stjórnin teldi
æskilegt at sérstök fjáröflunar-
nefnd yrði kosin og væntanl.
húsbygg. félagsins þar sem stjórnin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði nóg á einni könnu.
Þ. Ó. Stephensen. Brynj. Jóh. og Wilhelm Norðfjörð tóku til máls og voru sammála um að nauðsynlegast yrði að stjórnin réði einn mann sem yrði launaður, til að starfa mest sér að þessum málum.
Samþ. var tillaga frá stjórninni svohljóðandi: „Framhaldsaðalfundur ályktar að fela stjórninni að ráða framkv.-stjóra til að standa fyrir happdrætti til ágóða fyrir húsbyggingasjóð félagsins."
Formaður ræddi einnig vandkvæði félagsins með geymsluhúsnæði. Kvað hann ágnir fél. liggja undir skemmdum og brýna nauðsyn á að fá betri geymslur. Skýrði hann frá hugsanlegum möguleikum á að fá leigt húsnæði í Hn.-skólanum við hliðina á Hnó.
Þ. Ó. Stephensen ræddi möguleika á því að fara þess á leit við bæjarstjórn að hún legði

félagsins til geymsluhúsnæði.
Velvilja bæjarstjórnarinnar hvað hann auglýsann og mæltist til þess at stjórnin leitaðist eftir því at bæjarstjórnin veitti L.R. slíkan óbeinan styrk.
Stjórnin bar fram eftirfarandi tillögu sem var samþykkt samhljóða: Framhaldsaðalfundur L.R. ályktar at fela stjórn fél. at láta gera skrá yfir allar eignir félagsins, eins ítarlega og kostur er á, og vega þar til nauðsynlegu framlagi úr félagssjóði.
Stjórnin taldi til: Búninga, leiktjöldin, leiktjalda, húsgögn, ljósatæki, og annara muna.
Í því augnamiði at koma eignum félagsins í góða og örugga geymslu, felur fundurinn stjórninni at taka á leigu hentugt húsnæði.
Formaðurinn ræddi hina aðkallandi þörf á breytingum í Iðnó.
Sýnt er, sagði formaðurinn, at

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öftustu bekkir hússins eru lítt
seljanlegir að alvarlegri viðfangs-
efnum félagsins og fyrirsjáanlegt
ekki hægt annað en taka upp
sýningar léttari gamanleikja
eingöngu. Bar hann fram eftir-
farandi tillögu, sem samþ. var
samhljóða: „Framhaldsaðalfundur
L.R. lýsir ánægju sinni yfir því,
að hússtjórn Iðnó hefur tekið
til athugunar að gera breytingar
á húsinu til hagræðis fyrir
sjónleikahald og til þæginda
fyrir áhorfendur. Telur fundur-
inn þessar breytingar svo aðkall-
andi að öll listræn starfsemi
félagsins í húsinu sé í hættu,
ef breytingar þessar verða ekki
framkvæmdar fyrir næsta leikár.
Brynjólfur Jóh. átaldi hávaða
starfsmanna húss og ~~[illegible]~~ leikara á leik-
sýningum. Bað hann stjórnina
að taka slíkt alvarlegum
tökum. Fleira var ekki gert.
Fundi slitið.

Lárus Sigurbjörnsson

Steindór Hjörleifsson
Ritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

169. fundur

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó 1. júlí 1955 kl. 8.3o. Formaður setti fundinn og minntist Friðfinns Guðjónssonar leikara, sem lést á árinu. Friðfinnur var einn af stofnendum félagsins og fyrsti ritari þess og var formaður um skeið. Heiðursfélagi var hann frá 1. júlí 1935. Formaður bað fundarmenn að rísa úr sætum og heiðra þannig minningu hins látna félaga, og var svo gert.

Ritari las upp fundargjörð síðasta aðalfundar og var hún síðan samþykkt samhljóða og athugasemdalaust.

Formaður bar upp þá einu inntökubeiðni er borist hafði, frá Gissuri Pálssyni ljósameistara, (170. félagi) og var hún samþykkt samhljóða. Því næst bar formaður upp tillögu stjórnar um að frú Kristín Thorberg yrði kjörin heiðursfélagi L.R. og var hún kjörin samhljóða.

Formaður flutti skýrslu um starf félagsins og afkomu á leikárinu. Gat hann þeirra erfiðleika sem félagið hefir átt í með geymsluhúsnæði og málarasal og gat þess bráðabirgðahúsnæðis sem fengist hefði í Borgartúni, en nú þyrfti að rýma og einnig þeirrar vonar sem stjórnin hefði um húsnæði í Iðnskólanum gamla. Sýnd voru sex leikrit á árinu. Erfinginn, Frænka Charles, Gimbill, Nói, Kvennamál Kölska og Inn og út um gluggann. Frænka Charles var eina leikritið sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ágóði var af. Formaður gerði grein fyrir stofnkostnaði og útkomu samkvæmt bráðabirgðauppgjöri sínu, en endanlegar tölur eru ekki fyrir hendi, þar sem endurskoðun reikninga er enn ekki lokið hjá hinum löggilta endurskoðanda og þess vegna, sagði formaður, yrði að halda framhaldsaðalfund á hausti komanda er fyrir lægju endurskoðaðir reikningar. Niðurstöður reikninga skv. bráðabirgðauppgjöri: Tekjur,kr: 856.488,- þar af seldir aðgöngumiðar kr: 659,ooo,- leikskrá Kr:55.788,- Gjöld eru kr: 867.498,- Tap skv. uppgjöri þessu Kr: 11.olo,-

Af skuldum fyrri ára kvað formaður hafa verið greiddar kr: 1o.o57,- Á árinu voru keyptar nýjar eignir sem ekki heyra til beinum reksturskostnaði: Segulbandstæki, ljósatæki, leikrit og bækur fyrir kr: 2o.415,- svo þegar þessa væri gætt væri reksturs~~kostnaður~~afkoma félagsins eftir atvikum sæmileg. Formaður gat þeirrar hækkunar sem fékkst á bæjarstjórnarstyrk á fyrra ári. Kvað hann ekki hafa verið sótt um hækkun ríkissjóðsstyrks m.a. vegna þeirrar vonar að einhver lagfæring yrði gerð á skemmtanaskatti við fyrirhugaða endurskoðun skemmtanaskattslaganna á næsta Alþingi. Ef engin lagfæring yrði gerð þá yrði að sjálfsögðu farið fram á hækkun ríkisstyrks að m.a.k. til jafns við bæjarstjórnarstyrkinn.

Formaður gat happdrættisleyfis þess sem félagið hefir fengið. Í lok máls síns sagði formaður að framhaldsaðalfundur yrði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

haldinn svo fljótt sem fyrirlægju endurskoðaðir reikningar félagsins. Að skýrslu formanns lokinni var gengið til stjórnarkosninga. Stungið var upp á Lárusi Sigurbjörnssyni sem formanni og var hann kosinn með 16 atkvæðum. Þorsteinn Ö. Stephensen fékk eitt atkv. Auðir seðlar voru 7.

Sem ritara var stungið upp á Steindóri Hjörleifssyni. Hann gat þess að líklega yrði hann erlendis frá áramótum og var þá stungið upp á þeim Einari Inga Sigurðssyni, Árna Tryggvasyni og Ragnhildi Steingrímsdóttur. Atkvæði féllu þannig, að Steindór var kosinn með 17 atkv. Einar Ingi fékk 3 atkv. Árni Tryggvason 3 atkv. og Ragnhildur 1 atkv. Auður seðill 1.

Gjaldkeri var endurkosinn Jón Leós með 21 atkv. auðir seðlar voru 3. Varaformaður var kjörinn Brynjólfur Jóhannesson með almennu lófaklappi. Vararitari var kosinn Guðjón Einarsson með 10 atkv. Árni Tryggvason hlaut 9 atkv. Einar Ingi Sigurðsson 6 atkvæði. Vara~~ritari~~gjaldkeri var kjörinn Árni Tryggvason með almennu lófaklappi. Í leikritavalsnefnd var stungið uppá Þorsteini Ö. Stephensen og Brynjólfi Jóhannessyni. Þorsteinn tók þá til máls og sagði m.a.að "Vegna þess að stungið hefir verið upp á okkur Brynjólfi í leikritavalsnefnd höfum við komið okkur saman um að bera fram breytingartillögu við 11.gr. félagslaga að gefnu tilefni og verður 11.gr. þá svohljóðandi: Stjórnin setur hverskonar starfsreglur, ræður fasta starfsmenn. Hún annast og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leikritaval ásamt tveim mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi til þessara starfa og heldur þar um sérstaka gerðabók. Stjórnin ásamt leikritavalsnefnd ræður leiðbeinendur sem síðan ráða hlutverkaskipun í samráði við stjórnina og leikritavalsnefnd. Leiðbeinendur geri sundurliðaða kostnaðaráætlun sem stjórnin samþykki síðan. -----

Í 11.gr. eins og hún er nú segir að leiðbeinendur félagsins ráði hlutverkaskipun í samráði við stjórnina, en þetta atriði hefur alltaf verið "praktiserað" þannig að undirskilið við stjórnina þarna, sé stjórnin og leikritavalsnefnd. Með öðrum orðum, að hlutverk leikritavalsnefndar sé ekki einungis að velja leikritið heldur einnig, ásamt stjórninni, að velja leiðbeinanda og ásamt honum og stjórninni að velja í hlutverkin. En nú á síðastliðnum vetri brá formaður út af þessari venju, sem verið hefir í gildi og viðhöfð í félaginu a.m.k. svo lengi sem ég hefi verið í leikritavalsnefnd,- og bar fyrir sig 11.gr. félagslaga. Nú má það vera hverjum manni ljóst að enginn maður vill eiga sæti í leikritavalsnefnd aðeins til að gera tillögur um leikrit. Það væri út í bláinn að tilnefna leikrit sem verkefni fyrir félagið án þess að hafa minnstu íhlutun um það hver eigi að setja leikritið á svið og hverjir eigi að skipa hlutverkin. Þetta þarf ekki að skýra fyrir leikhúsfólki, það er sjálfsagður hlutur. Að vísu eiga lagabreytinga-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tillögur að vera komnar til stjórnarinnar viku fyrir aðalfund, en við vildum beina því til stjórnarinnar að gera undantekningu í þetta sinn, eða gera tillöguna að sinni tillögu ef ekki er öðruvísi hægt. Tel nauðsynlegt að starfssvið leikritavalsnefndar sé skírt ákveðið á þennan hátt í félagslögum." ----

Formaður tók til máls og sagði m.a. " Tillaga þessi er ekki framkomin fyr en útrunninn er sá frestur sem gefinn er í félagslögum um lagabreytingartillögur. Og þar sem hér um ræðir allverulega breytingu á félagslögum þá þykir mér persónulega viðurhlutamikið að ganga til samþykktar á slíkri tillögu á þessum aðalfundi. Það gæti skapað það fordæmi að tillögur kæmu fram eins og þessi að stjórnarkosningu lokinni um ýmsar breytingar aðrar í lögum félagsins, sem kynnu að vera einstökum félagsmönnum eða heilum hópi félagsmanna óþægilegar. Ég vil ekkert segja um efnislegt innihald þessarar tillögu annað en það, að hún bindur hverja þá stjórn sem kosin erí félaginu til þess að lúta meirihlutavaldi leikritavalsnefndar í hverju og einu máli. Hins-vegar er það rétt sem að framsögumaður tillögunnar sagði, að undan þessu meirihlutavaldi smokkaði stjórnin sér á síðari hluta vetrar, þegar á milli bar um ákveðinn og mjög ákveðinn skilning á vissum hlutum sem þurfti að framkvæma. Ég er þeirrar skoðunar að gangi félagamenn að því að samþykkja þessa tillögu hér, þá hafi þeir gert tvennt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í senn: Fyrst og fremst skapað fordæmi fyrir því að fram kæmu aðrar tillögur seinna, sem gætu stillt hverri nýskipaðri stjórn í talsverðan vanda og þá vitnað til þess að ekki var hikað við að ganga að svo viðurhlutamikilli tillögu sem þessari á þessum félagsfundi og svo hitt, að félagsmenn lýsa nú þegar vantrausti sínu á hinni nýkjörnu stjórn með tilliti til þess að hún skuli bundin meirihlutavaldi leikritavalsnefndar. Ég fyrir mitt leyti tel að hverri stjórn í félaginu sé það nægilegt aðhald að vera bundin meirihlutavaldi félagsins sem slíks á aðalfundi. Stjórninni er innan handar að kalla leikritavalsnefndina, sem ávallt munu vera þeir reyndustu og beztu menn í félaginu á hverjum tíma, til ráðagerða um ákveðna hluti, en þegar á milli ber um skilning, um ákveðin málefni; sem kannske eru persónuleg þá hlýtur stjórnin að taka af skarið en ekki að vera seld undir úrskurð leikritavalsnefndar, sem ekki ber ábyrgð á stjórnarstörfum að öðru leyti. Þessvegna lýsi ég mig andvígan því að þessi tillaga komi til atkvæða hér á þessum fundi"

Þorsteinn Ö. Stephensen tók til máls og benti á að ekki væri um neitt meirihlutavald leikritavalsnefndar að ræða gagnvart stjórninni. Í þeirri nefnd væru aðeins tveir menn en aftur á móti þrír í stjórninni. Þegar fjallað er um leikrita, leikstjóra og leikaraval, þá væri stjórnin raunverulega samsett af fimm mönnum, svo hefði alltaf verið og gefist vel.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann kvað alla geta skilið það að ekki væri nema hálfur hlutur unninn í listrænu verki hjá leikhúsi þó leikrit væri ~~væri~~ ákveðið. Ákvörðun um leikstjóra og leikendur væri stór hluti af því.

Brynjólfur Jóhannesson tók til máls og tók fram að allt til síðari hluta síðastliðins leikárs hafi starf stjórnar og leikritavalsnefndar byggst á þeim skilningi sem fram kæmi í breytingartillögunni á 11. grein. Ritari tók til máls og mælti með því að breytingartillagan yrði borin undir atkvæði fundarmanna. Haukur Óskarsson tók til máls og mælti á móti breytingartillögunni og því að hún yrði borin undir atkvæði nú að lokinni stjórnarkosningu. Kvað hann ekki eðlilegt að formaður gæti ~~unnt~~ unnað þeirri málsmeðferð. Formaður kvaðst reiðubúinn til að ræða þessa tillögu innan stjórnarinnar og með flutningsmönnum, en varaði við því að gera afbrigði frá lögunum með því að greiða atkvæði um tillöguna á þessum fundi. Formaður sagði að ef hann hefði haft minnstu hugmynd um að tillaga sem þessi væri á leiðinni, þá hefði hann í fyrsta lagi ekki gefið kost á sér í formannssæti og í öðru lagi komið með gagntillögu í þá átt að leikritvalsnefnd yrði lögð niður en í þess stað kosin fimm manna stjórn í félaginu. Ef fundarmenn liti svo á að tillaga Brynjólfs og Þorsteins gæti komið til atkvæða nú, þá liti hann svo á að hann gæti fyrir hönd stjórnarinnar eða meirihluta stjórnarinnar komið með þá breytingartillögu að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9 gr. yrði þannig: Félaginu stjórna fimm menn,- formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur kosnir af aðalfundi, og gengið yrði til kosninga aftur. Gjaldkeri Jón Leós tók einnig til máls og mælti gegn því að leikritavalsnefnd yrðu fengin of mikil völd og sýndi fram á með dæmi á skemmtilegan hátt hvernig orðið gætu mannaskipti í stjórn og leikritavalsnefnd.

Að svo komnu máli ákváðu tillögumenn að fresta tillögu sinni til framhaldsaðalfundar. Sem svar við fyrirspurn frá Hauk Óskarss. lýsti Þorsteinn Ö. Stephensen því yfir að hann mundi segja af sér störfum í leikritavalsnefnd á framhaldsaðalfundi ef tillaga þeirra Brynjólfs eða önnur svipuð næði ekki fram að ganga þá.

Fór þá fram kosning leikritavalsnefndar og voru kosnir Brynjólfur Jóhannesson með 17 atkv. og Þorsteinn Ö. Stephensen með 15 atkv. Haukur Óskarsson fékk 1 atkv. auðir seðlar voru 9.

Formaður gat þess að allvel hefði gengið að innheimta áfallin félagsgjöld og skv. ósk gjaldkera yrði útstrikun skuldugra félagsmanna frestað, því hann hefði von um að geta innheimt hjá fleirum. Samþykkt var einróma að ganga í Alþjóðaleikhúsmálastofnunina sem hefur aðsetur í París. Frú Kristín Thorberg kvaddi sér hljóðs og þakkaði þann heiður sem sér hefði verið sýndur með því að ~~kx~~ vera kosin heiðursfélagi L.R.

Vegna fyrirspurnar frá Haflíða Bjarnasyni upplýsti formaður að engin nefnd hefði verið kjörin til að gera tillögur um laun starfsmanna félagsins, það væri stjórnarinnar að fjalla um þau

Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mál ef uppi væru raddir um breytingar á þeim.

Þorsteinn Ö. Stephensen beindi þeim tillögum til stjórnar að athugað yrði nánar hverjir skildu aukameðlimir L.R. vegna starfa hjá Þjóðleikhúsinu. Klemenz Jónsson tók til máls þar um. Því næst sagði formaður fundi frestað til framhaldsaðalfundar að hausti.

Á fundi voru 25 félagar og 2 aukafélagar.

Steindór Hjörleifsson
-----------------------------------
Steindór Hjörleifsson
Ritari.

form.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*170. fundur* *1955*

Framhaldsaðalfundur L. R. var haldinn sunnudaginn 2. október kl. 4 e.h. í Iðnó. Formaður setti fundinn og bað ritara lesa fundargjörð síðasta fundar, sem síðan var samþykkt. Ein inntökubeiðni hafði borist, frá Karli Sigurðssyni og var hún samþykkt samhljóða. *(171. bls.)*

Formaður gerði grein fyrir reikningum félagsins er fyrirlágu endurskoðaðir. Sýningar voru 106 á leikárinu. Sala aðgöngumiða nam Kr: 656.710,- Auglýsingar kr: 24.600,- Seldar leikskrár kr:33.678,- Styrkir kr: 120.000,- Tap á leikárinu kr: 16.349.32.

Að lokinni greinargerð formanns voru reikningar félagsins samþykktir samhljóða og athugasemdalaust.

Endurskoðandi var kosinn Guðlaugur Guðmundsson af hálfu félagsmanna og löggiltur endurskoðandi kjörinn ~~XXXXXXXXXX~~ N. Manscher &Co, ~~xx~~ til vara Ólafur Ólafsson löggiltur endurskoðandi.

Þá var tekin fyrir tillaga leikritavalsnefndarmanna., þeirra Þorsteins Ö. Stephensen og Brynjólfs Jóhannessonar er frestað hafði verið á aðalfundi til framhaldsaðalfundar. Tillagan er breytingartillaga við 11 gr. félagslaga og svohljóðandi: "Stjórnin setur hverskonar starfsreglur, ræður fasta starfsmenn. Hún annast og leikritaval ásamt tveim mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi til þessara starfa og heldur þar um sérstaka gerðabók. Stjórnin ásamt leikritavalsnefnd ræður leiðbeinendur sem síðan ráða hlutverkaskipun í samráði við stjórnina og leikritavalsnefnd. Leiðbeinendur gera sundurliðaða kostnaðaráætlun, sem stjórnin samþykki síðan",-

Lárus Sigurbjörnsson kvaðst ~~xxxxx~~ vísa í ummæli sín á aðalfundi í vor og sagðist algjörlega mótfallinn þessari breytingu á félagslögum. Wilhelm Norðfjörð tók til máls og mælti gegn því að tillagan yrði samþykkt en sagði líklega kominn tíma til að endurskoða lög félagsins.

Þorsteinn Ö. Stephensen tók til máls og vísaði til fyrri ummæla sinna á aðalfundi og ræddi tilefni og tilgang tillögunnar. Brynjólfur Jóhannesson tók einnig til máls.

Anna Guðmundsdóttir tók til máls og skoraði á forustumenn félagsins að reyna að halda góðri samvinnu og vinna af samheldni og samstarfsvilja að málum félagsins.

Eftir allmiklar umræður var borin undir atkvæði svohljóðandi tillaga frá Gissuri Pálssyni:"Í trausti þess að þeir ágætu félagar, sem kosnir hafa verið í stjórn og leikritavalsnefnd geti nú sem fram að þessu unnið saman og verði heppnari með leikritaval eftirleiðis en á síðasta leikári, samþykkir fundurinn að fresta framkominni tillögu, en kjósa 3 manna nefnd til að yfirfara lög félagsins fyrir næsta aðalfund".

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillagan var felld með 11 atkv. gegn 2. Auðir seðlar voru
7.

Þá var borin undir atkvæði félagsmanna tillaga þeirra Þorst.Ö. Stephensen og Brynjólfs Jóhannessonar um breytingu á 11. gr. félagslaga og var hún felld með 8 atkv. gegn 6. Auðir seðlar voru 6.

Á fund komu 23 félagsmenn. Í fundarlok voru 3 félagsmenn farnir af fundi.

Fleira var ekki gert og sagði formaður fundi slitið.

Lárus Sigurbjörnsson — Steindór Hjörleifsson

---------------------- formaður. — -------------------------- ritari.

171. fundur

Aðalfundur L.R. var haldinn í Iðnó þriðjudaginn 10. júlí 56 kl. 8.30.
Formaður setti fundinn og bað varagjaldkera Árna Tryggvason, að lesa fundargerð síðasta fundar, vegna fjarveru ritara og vararitara og bað hann einnig gegna fundarritarastörfum. (Ritari erlendis)
Fundargerðin var lesin og samþykkt athugasemdalaust. Form. tók til máls og minntist látinna fél. á árinu. Þeirra: Alfreðs Andréssonar, Péturs Á. Jónssonar og Jakobs Möllers. Jakob Möller var félagi í L.R. frá 1913. Hann var form. fél. 1915-1917 og aftur 1928-29
Heiðursfélagi var hann frá 26 ág. 1940
Alfreð Andrésson varð félagi 1933.
Varaform. var hann 1941 og aftur 1943. Pétur Á. Jónsson var félagsm. 1936. Allir höfðu þessir félagsm. tekið virkan þátt í starfi félagsins.
Form. bað fundarmenn að rísa úr sætum og heiðra þannig minningu hinna látnu og var svo gert.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Síðan flutti form. skýrslu um störf félagsins og afkomu á árinu.
Sýnd voru fjögur leikr. á árinu: „Inn og út um gluggann", „Kjarnorka og kvenhylli", „Galdra Loftur" og „Systir María".
Sýningar urðu 86 hér í Rvk og 6 sýn. á Systur Maríu á Akureyri samt. 92 sýn. Hafði afkoma á árinu orðið góð, og gert form. samanburð nokkurra gjaldal. undanfarinna ára. Form. ræddi fyrirhugaða leikför L.R. til Færeyja með leikr. „Galdra Loft" og taldi að úr henni hefði ekki orðið vegna ófullkominna útbúnaðar á leiksviði þar, og hafði hann orð leikst.
Gunnar Hansen fyrir Jóni að það svaraði ekki kostnaði að breyta leiktjöldum í samræmi við það.
Síðan las hann upp bréf frá Havnarsjónleikarfélaginu. Þá gat form. þess að félagið hefði á árinu efnt heit sitt frá fyrra leikári og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fært Brynjólfi Jóhannessyni málverk eftir Halldór Pétursson, af Brynjólfi sjálfum, í tilefni af 30 ára starfsafmæli hjá L. R. Brynjólfur þakkaði félagsmönnum, fyrir hina góðu gjöf, og hafði honum hugkvæmst, að senda eftir sjálfum sér heim, þ.e.a.s. myndinni og var mynd og fyrirmynd, klappað lof í lófa. Þá las form. upp reikn. félagsins og sýndu þeir kr: 27.680- hagnað. Aðgöngumiðar námu kr: 579.000. Sýningargestir voru 22.334, eða 83.7% af sætafjölda. Af útgjaldal. hafði sparast talsvert á leiktjöldum og búningum, svo liður var kr: 100.000 lægri en árið áður. Efnahagsreikn. sýndi, að húsbyggingarsjóður nemur nú rétt innan við kr. 100.000.

Reikningar voru endurskoðaðir af N. Manscher og Co og endurskoðanda fél. Guðlaugi Guðmundssyni. Reikn. voru bornir undir atkvæði og samþykktir, eftir að form. hafði svarað fyrirspurnum Einars Inga Sigurðssonar,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

varðandi einstaka liði. Næsti liður á dagskrá var stjórnarkosning. En áður en hún fór fram, beindi form. því til fundarmanna, að hann myndi ekki gefa kost á sér sem form., af heilsufarsástæðum og óskaði þess einnig, að hann yrði ekki í neinum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Þá bað Brynjólfur Jóhannesson um orðið, og þakkaði Lárusi Sigurbjörnssyni fyrir vel unnin störf, í þágu félagsins á liðnum árum og bað fundarmenn að klappa Lárusi lof í lófa og var það gert mjög ~~með [illegible] ágætum~~ kröftuglega.

Þá var borin undir atkvæði svofelld tillaga frá: Þorsteini Ö. Stephensen Brynjólfi Jóhannessyni, Eddu Kvaran og Birni Tryggvasyni.

„Vegna ónógs undirbúnings til myndunar samstilltrar stjórnar fyrir L.R. á næsta starfsári, sem fundurinn telur mikla nauðsyn að reynt verði að mynda, samþykkir hann að fresta aðalfundi

til næsta þriðjudags, 17. þ.m. og að kjósa fimm manna nefnd, er athugi möguleika á myndun slíkrar stjórnar og geri tillögur um menn í hana." Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
→ Fimmti nefndarmaður var kjörin Helga Valtýsdóttir. Því næst sagði form. fundi frestað til framhaldsaðalfundar 17. júlí
Á fundi voru 26 félagar og 2 aukafélagar.

→ Tillögurnar voru kosnir í nefndina.

Lárus Sigurbjörnsson Árni Tryggvason
vara gjaldkeri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

172 fundur

Framhaldsaðalfundur K.R.
var haldinn þriðjudaginn 17 júlí í
Iðnó og hófst kl 8.50 e.h.

1. Formaður Lárus Sigurbjörnsson setti
fundinn og bað Arna Tryggvason að lesa
fundargerð síðasta fundar, var fundargerðin
samþ. samhljóða

2. Inntökubeiðnir komu frá Guðmundi
Pálssyni sem verður félagi nr. 172 og Jóni
Sigurbjörnssyni sem ber nr. 173 í félagatali
voru þeir samþ. með öllum greiddum
atkvæðum gegn einu

3. Formaður gat þess að kjörin
hefði verið nefnd á síðasta aðalfundi
til að gera tillögur um stjórn í félaginu
Brynjólfur Jóhannesson hafði orð fyrir
nefndinni, sem gerði svohljóðandi
tillögur um stjórn í félaginu. Form.
Jón Sigurbjörnsson, ritara Steindór Hjörleifsson
gjaldkera Eddu Kvaran, varformann Brynjólf
Jóhannesson, vararitara Hólmfríði Pálsdóttur
og varagjaldkera Arna Tryggvason, enfremur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í leikritavalsnefnd þau Þorstein Þ Stephensen
og Helgu Valtýsdóttur. Brynjólfur gat þess
að nefndin legði áherslu á að fá ungt fólk
í forustu félagsins. Wilhelm Norðfjörð taldi
það rétt farið hjá nefndinni að velja ungt
fólk til forustu í félaginu, en hann kvaðst
því mótfallinn að telja þá Brynjolf og
Þorstein meðal unga fólksins.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Formaður var kjörinn | Jón Sigurbjörnsson | með | 21. atkv. |
| | Steindór Hjörleifsson | fékk | 6. " |
| | auðir | | 3 - |
| Ritari var kjörinn | Steindór Hjörleifsson | með | lófataki |
| Gjaldkeri var - | Edda Kvaran | " | 18 atkv. |
| | Jón Leós | fékk | 9 - |
| | auðir | | 2 - |
| Varaformaður var kjörinn | Brynjolfur Jóhannesson | með | lófataki. |
| vararitari - " | Hólmfríður Pálsdóttir | - | - |
| varagjaldkeri - " | Árni Tryggvason | - | - |

Leikritavalsnefnd voru kjörin þau

| | | |
|---|---|---|
| Helga Valtýsdóttir | með | 21 atkv. |
| Þorstein Þ Stephensen | " | 20 - |
| Auróra Halldórsdóttir | fékk | 6 - |
| Lárus Sigurbjörnsson | " | 1 - |
| Auðir voru | | 5 - |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurskoðandi af hálfu félagsins var kjörin Guðjón Einarsson með 12 atkv. Guðlaugur Guðmundsson fékk 9. atkv. Wilhelm Norðfjörð fékk 2 atkvæði 5 voru auðir

Lárus Sigurbjörnsson árnaði hinni nýju stjórn giftu í starfi á þessu 60 starfsári félagsins.

Wilhelm Norðfjörð og Brynjólfur Jóhannesson ræddu nokkuð um húsnæðis og byggingarsjóð félagsins. Töldu báðir heppi-legt að festa sjóðinn þótt lítill væri í húsnæði fyrir félagið

Jón Sigurbjörnsson hinn nýkjörni formaður þakkaði fundarmönnum sér sýnt traust og hét á félagsmenn að styrkja sig í starfi Þá þakkaði hann jafnframt fráfarandi stjórn ágætt starf í þágu félagsins á undanförnum árum

Var þá fundi slitið kl 10 eh

Lárus Sigurbjörnsson
form.

Guðjón Einarsson
vara-ritari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

173.

Aðalfundur L.R. var haldinn í Iðnó mánudaginn 3. júní kl. 2o.3o
Formaður setti fundinn og bað ritara lesa fundargjörð síðasta fundar og var hún síðan samþykkt samhljóða.

(174)

Borist höfðu inntökubeiðnir frá þeim Haraldi Jóhannssyni og Birgi (175) Brynjólfssyni og voru þær samþykktar samhljóða. Að því loknu flutti formaður skýrzlu sína. Gat hann þess fyrst er gerst hefur í húsbygg- ingarmálum félagsins.á árinu."Velunnari" félagsins, sem í xxmkxndi tilefni 30 ára leikafmælis Brynjólfs Jóhannessonar hafði boðist til að gefa félaginu bifreið, sem verða skyldi vinningur í happdrætti til ágóða fyrir húsbyggingarsjóð félagsins, hefði afhennt kr. 60 þús. til kaupa á bifreið. Keypt var Fiatbifreið sem væntanleg er til landsins á næstunni. Nokkrir aðrir vinningar hefðu verið gefnir og sala happdrættismiða hafin, svo sem félagsmönnum væri kunnugt. Formaður skýrði frá viðræðum stjórnar við borgarstjóra, lóð þeirri sem félaginu var úthlutað og möguleikum á því að fá lóð í Klambratúni. Hann sagði einnig frá þeim viðbótarstyrkjum er félagið hefði fengið á árinu: Krónur 20 þús. frá ríkissjóði, svo nú er styrkur ríkisins kr. 70 þús. - og kr. 30 þús. frá bæjarsjóði í tilefni 60 ára afmælisins. Fastir styrkir félagsins eru því nú kr. 140 þúsund. Stjórnin gerði þegar í byrjun leikárs tilraunir til að fá hækkun á aðgöngumiðaverði og átti í því sambandi viðræður við bæði félags og menntamálaráðherra, en fékk ákveðna neitun á þeirri málaleitan. Einnig var reynt að fá niðurfelldan skemmtanaskattinn, án árangurs. Formaður skýrði frá því að tekið hafi verið á leigu húsnæði fyrir búningageymslu og skúr til leiktjaldasmíði og málunar.

Sýnd voru fjögur ný leikrit á árinu og auk þess "Kjarnorka og Kvenhylli" frá fyrra leikári. Formaður gaf yfirlit yfir fjárhagsútkomu hvers leikrits en gat þess að þær tölur sem hann nefndi væru ekki endan- legar og gætu breyst að nokkru og lokaniðurstaða fengist ekki fyr en á framhaldsaðalfundi þegar fyrir lægju endurskoðaðir reikningar leikársins. Kjarnorkan var leikin 17 sinnum og ágóði c.a. 6.700,- kr. Það er aldrei að vita " 15 sinnum og tap ca. 53. þús. xxjáxxsýxxxx

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þrjár systur 11 sýn. tap 104 þús.(þ.eþs. uppsetn. og reksturskostn.)
Browningþýðingin 9 sýningar, tap 47.500,- Tannhvöss Tengdamamma 52 sýn. fram að aðalfundi. Ágóði c.a. 62 þús. krónur. Sýningafjöldi fram að aðalfundi 104. Þrátt fyrir þessi miklu töp sagðist formaður gera sér vonir um að útkoma leikársins væri sæmileg.
Brynjólfur Jóhannesson skýrði frá gjöfum þeim er borist höfðu húsbygg-ingarsjóði á árinu. Lárus Sigurbjörnsson þakkaði stjórninni starf hennar á árinu. Þvínæst var gengið til stjórnarkosningar.
Formaður var kjörinn Jón Sigurbjörnsson, með 29 atkv. einn seðill auður. Ritari var kosinn Steindór Hjörleifsson með 28 atkv. 2 seðlar auðir. Edda Kvaran gjaldkeri baðst undan endurkosningu og tilnefndi Guðmund Pálsson. Komu ekki fram fleiri ~~uppástungur~~ uppástungur og var hann kjörinn gjaldkeri með 29 atkv. einn seðill auður. Varaformaður var kjörinn Brynjólfur Jóhannesson með almennu lófataki. Sem vararitara var stungið uppá þeim Guðjóni Einarssyni og Einari Inga Sigurðssyni. Við atkv.greiðslu hlutu þeir jöfn atkv. 15 atkv. hvor. Var þá kosið aftur og féllu atkv. þannig að Einar Ingi var kjörinn með 15 atkv. Guðjón hlaut 12 og 3 seðlar voru auðir. Varagjaldkeri var kjörinn Árni Tryggvason með 24 atkv. Guðjón Einarsson hlaut 6.
Í leikritavalsnefnd voru kjörin: Edda Kvaran með 23 atkv. Þorsteinn Ö. Stephensen með 14 atkv. Wilhelm Norðfjörð hlaut 11 atkv. Helga Valtýsd. 8 atkv. Lárus Sigurbjörnsson 1 atkv. Inga Laxness 1 atkv. Auðir seðlar voru 2. Endurskoðendur voru kjörnir Guðjón Einarsson og N. Mancher & Co. sem löggiltur endurskoðandi. Þá voru teknar fyrir svohljóðandi tillögur stjórnar til breytinga á lögum: Í 16 gr. verði 1. málsgrein svohljóðandi: Aðalfund skal halda ekki síðar en 1 mánuði eftir síðustu frumsýningu leikársins og framhaldsaðalfund þegar endurskoðun reikninga er lokið, þó eigi síðar en 1. september. Auka-fundir skulu haldnir þegar stjórnin telur þess þörf eða ef minnst 1/3. hluti skráðra félaga óskar þess skriflega. 9. grein breytist einnig og verði þannig: Félaginu stjórna þrír menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn skriflegri kosn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingu, hver í sínu lagi. Á sama hátt skal kjósa varamenn. Allir þessir menn skulu vera meðlimir félagsins, þegar kosning fer fram. Fráfarandi stjórn skal gegna störfum þar til framhaldsaðalfundi er lokið. Laun stjórnarinnar skulu ákveðin á aðalfundi.

Formaður fylgdi tillögunum úr hlaði og skýrði sjónarmið stjórnar. Brynjólfur Jóhannesson kvaðst fylgjandi þessum breytingum. Lárus Sigurbjörnsson kvaðst mótfallinn þessum breytingartillögum. Kvað hann e ekki líklegt að ný stjórn yrði fús til að taka við störfum án þess að vita raunverulega hvernig hagur félagsins væri. Hægt væri og hefði verið gert, að halda aðalfund fyrr en í júní ef nauðsyn krefði. W. Norðfjörð kvaðst vera fylgjandi þessari breytingu. Að nokkrum umræðum loknum komu tilmæli um að lagabreytingunum yrði frestað til ~~xxxxxxxxx~~ framhaldsaðalfundar og félagsmönnum kynnt efni þeirra með fyrirvara, og var það samþykkt. Þá var borin fram tillaga stjórnar um kosningu húsbyggingarnefndar, svohljóðandi: Stjórnin leggur til að kosin verði 3 manna húsbyggingarnefnd, sem hafi á hendi allar framkvæmdir varðandi leikhúsbyggingu félagsins. Skal einn nefndarmanna ganga úr árlega, með hlutkesti.- Í sambandi við tillöguna gat formaður þess að stjórnin hefði ráðið Guðmund Pálsson til að veita happdrættinu forstöðu, en stjórnin teldi nauðsyn á að nefnd yrði skipuð til að sjá um allar framkvæmdir í þessu máli. Formaður gat einnig þess, að borgarstjóri hefði á fundi með stjórn L.R. talið ~~xxxxxxxxx~~ geta komið til mála að kosin yrði 3 manna nefnd af bæjarins hálfu, móti öðrum 3 er kosnir yrðu hjá L.R. og nefnd þessi ynni sameiginlega að framgangi þessa máls.

Lárus Sigurbjörnsson kvaðst ekki álíta heppilegt að skipa nefnd strax, heldur bíða og sjá betur hverja tilhögun Borgarstjóri hugsaði sér á málinu. Mál þetta var mikið rætt og tóku margir til máls, m.a. Brynjólfur Jóhannesson og var því meðmæltur að skipuð yrði nefnd til að ræða málið við borgarstjóra. Jón Leós var því hlyntur að skipuð yrði slík nefnd, og önnur til fjáröflunar. Gissur Pálsson kvað starfsvið þessarar nefndar óljóst í tillögu stjórnar. Að lokum var samþykkt svohljóðandi tillaga frá Karli Sigurðssyni, eftir að stjórnin hafði dregið till.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sína til baka: Fundurinn samþykkir að kjósa bráðab.nefnd 3 manna til að annast viðræðu við borgarstjóra um undirbúningsstörf fyrir húsbyggingu Leikfélagsins og að leggja fram á aðalfundi í sumar, tillögu um ~~xxxxxxxxg~~ starfsgrundvöll væntanlegrar húsbyggingarnefndar. ---

Við kosningu í nefndina féllu atkvæði þannig: Brynjólfur Jóhannesson hlaut 24 atkv. Edda Kvaran 20 atkv. Lárus Sigurbjörnsson 17 atkv. Wilhelm Norðfjörð 17 atkv. Helga Valtýs. 2 atkv. og Guðm. Pálsson 1 atkv. Auðir seðlar 6. Þar sem þeir Lárus og Wilhelm voru jafnir að atkv. var kosið aftur á milli þeirra og lauk þeirri kosningu svo, að Wilhelm var kosinn með 14 atkv. Lárus fékk 11. og auðir 3. Í nefndina voru því kosin Brynjólfur Jóhannesson, Edda Kvaran og Wilhelm Norðfjörð. Varamaður var tilnefndur Lárus Sigurbjörnsson.

Formaður gat þess að heiðursfélagi L.R. Frú Guðrún Indriðadóttir ætti 70 ára afmæli þennan dag og hefði stjórnin fært henni blómakörfu frá félaginu í tilefni dagsins. Var hún hyllt af fundarmönnum.

Rætt var um happdrættið og tóku til máls þar um Edda Kvaran, Klemenz Jónsson, Brynjólfur Jóhannesson og fleiri. Ritari þakkaði fráfarandi gjaldkera ágætt og ánægjulegt samstarf og var henni klappað lof í lófa.

Formaður sagði síðan fundi frestað til framhaldsaðalfundar. Á fundi voru 3o félagar og 2 aukafélagar.

Steindór Hjörleifsson
RITARI.

Jón Sigurbjörnsson
FORMAÐUR.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn föstudaginn 3o. ágúst 1957 kl. 20.3o e.h.
Formaður setti fundinn og minntist látins félaga, Ingibjargar Bachmann, sem lengi starfaði hjá félaginu. Bað hann fundarmenn heiðra minningu hins látna félaga með því að rísa úr sætum.
Því næst las ritari upp fundargjörð fyrri hluta aðalfundar, og var hún samþykkt samhljóða.

Þá las fráfarandi gjaldkeri Edda Kvaran upp endurskoðaðan Rekstrar og Efnahagsreikning fyrir leikárið 1956 - 57. Á leikárinu hafði orðið tap kr: 17.2o9,86. Heildarniðurstaða Rekstrarreiknings Kr: 1.022.168,52. Sýningafjöldi 1o7, þaraf 5 úti á landi. (Utan Reykjavíkur). Er gjaldkeri hafði lesið og skýrt reikningana voru þeir bornir undir atkvæði fundarmanna og samþykktir samhljóða. Þá voru teknar fyrir breytingartillögur stjórnar á félagslögum, en þeim hafði verið frestað frá fyrra aðalfundi og þær prentaðar í fundarboði þessa fundar, félagsmönnum til íhugunar. Breytingartillögurnar voru svohljóðandi:
1. málsgrein í 16. grein félagslaga verði þannig: Aðalfund skal halda ekki síðar en 1 mánuði eftir síðustu frumsýningu leikársins og framhaldsaðalfund þegar endurskoðun reikninga er lokið, þó eigi síðar en 1. september. Aukafundir skulu haldnir þegar stjórnin telur þess þörf eða ef minnst 1/3. hluti skráðra félaga óskar þess skriflega. 9. grein verði þannig: Félaginu stjórna 3 menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn skriflegri kosningu, hver í sínu lagi. Á sama hátt skal kjósa varamenn. Allir þessir menn skulu vera meðlimir félagsins, þegar kosning fer fram. Fráfarandi stjórn skal gegna störfum þar til framhaldsaðalfundi er lokið. Laun stjórnarinnar skulu ákveðin á aðalfundi. Tillögur þessar voru bornar undir atkvæði félagsmanna og samþykktar samhljóða.
Brynjólfur Jóhannesson skýrði frá samtali er hann hafði átt við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóra í sambandi við fyrirhugaða leikhúsbyggingu og lagði Brynjólfur til að undirbúningsnefndin, er kosin hafði verið á fyrra aðalfundi starfaði áfram til næsta aðalfundar. Var það samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki tekið fyrir. Á fundi voru 17 félagar og einn aukafélagi. ~~XXXXXXXXXXXXX~~ Formaður sagði fundi slitið.

Jón Sigurbjörnsson
Formaður.

Steindór Hjörleifsson
Ritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn laugard. 7.júní 1958 kl. 2 e.h. Formaður setti fundinn og síðan las ritari fundargjörð síðasta aðalfundar og var hún samþykkt samhljóða. Þá las formaður upp inntökubeiðnir, frá þeim Birni Thors, Magnúsi Pálssyni, Guðrúnu Stephensen, Kötlu Ólafsdóttur og Þóru Friðriksdóttur og voru þau öll samþykkt samhljóða.
FOrmaður flutti stutt yfirlit yfir starfsemi leikársins. Hann gat þess að þær Nína Sveinsdóttir og Áróra Halldórsd. hefðu tekið að sér umsjón búninga. Magnús Pálsson var og ráðinn til að gera leiktjöld hjá félaginu á leikárinu og Einar Ingi Sigurðsson ráðinn ritstjóri leikskrár. Þá ræddi formaður um framkvæmd happdrættisins og þakkaði félagsmönnum ágætt starf. Einnig gat hann árshátíðar félagsins og þakkaði þeim Guðbjörgu Þorbjarnardóttur og Einari Inga Sigurðssyni ágætt starf við undirbúning hennar. Alls urðu sýningar 119 á leikárinu og er það hæsta sýningatala hjá félaginu á einu leikári. Þó ber þess að gæta að 9 sýningar voru utanbæjar.
Gjaldkeri flutti bráðab.skýrzlu um afkomu leikársins. Skv. henni var ágóði á sýningum á Tannhvassri Tengdamömmu ca. 68.725,- Á Grátsöngvaranum ca. 5.875,- Tap á sýningum á Glerdýrunum var ca. 23,180,- og á sýningum á Nótt yfir Napoli var ca. 40.890,- króna tap.
Styrkir voru óbreyttir á leikárinu kr: 140.000,-
Gjaldkeri gerði einnig grein fyrir sölu"Lukkuseðilsins".
Út voru gefnir 60 þús. miðar og seldir á kr. 10,- stk. Alls seldust 37.667 miðar og kostnaður við rekstur happdrættisins varð kr: 40.334,76 Ágóði af happdrættinu var því kr. 336.335,24 Þó er þess að gæta að eftir er að gera upp kostnað v/happdrættisvinninga og endanleg niðurstöðutala ekki fyrir hendi fyr en á framhaldsaðalfundi.

Þá var gengið til stjórnarkosningar. Formaður var kjörinn Jón Sigurbjörnsson með 28 atkv. 2 seðlar auðir. Ritari var kjörinn Steindór Hjörleifsson með 25 atkv. Einar Ingi Sigurðsson fékk 1 atkv. auðir seðlar voru 3. Gjaldkeri var kosinn Guðmundur Pálsson með 27 atkv. Knútur Magnússon fékk 1 atkv. 1 seðill var auður. Varastjórn var öll endurkjörin, en hana skipa: Brynjólfur Jóhannesson varaform. Einar Ingi Sigurðsson vararitari og Árni Tryggvason varagjaldkeri.

Áður en gengið skyldi til kosningar leikritavalsnefndar, bar stjórnin fram svofellda breytingartillögu við 11. gr. félagslaga. "Leggjum til að eftirfarandi breyting verði gerð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á 11. grein félagslaga: Úr greininni falli þessi setning,--
--- ásamt tveim mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi til
þessara starfa,--- Að öðru leiti sé greinin óbreytt.
Þar af leiðandi falli og niður d. liður 17. greinar laganna.
Jón Sigurbjörnsson, Guðm. Pálsson, Steindór Hjörleifsson.

Formaður sagði tillögu þessa flutta af þeim sökum að stjórni teldi í alla staði heppilegra að leikritavalið, sem og annað er við kæmi stjórn og rekstri félagsins væri í höndum stjórn arinnar eingöngu. Það hefði oft sýnt sig að þegar 5 manns þyrftu að lesa hvert leikrit er til mála kæmi, tæki það alltof langan tíma að komast að niðurstöðu. Bað hann fundar menn segja álit sitt´a tillögu þessari. Einar Pálsson tók til máls og ~~xxxxx~~ bað Brynjólf Jóhannesson segja álit sitt á þessari tillögu. Brynjólfur kvaðst eindregið fylgjand tillögunni og lagði til að hún yrði borin undir atkvæði. Edda Kvaran tók einnig til máls og mælti með því að tillagan yrði samþykkt. Fleiri tóku ekki til máls og var tillagan borin upp og samþykkt með 25 atkv. gegn 4. Auður seðill var 1

Endurskoðendur voru kjörnir Guðjón Einarsson og N. Manscher & Co. löggiltur Endurskoðandi.

Brynjólfur Jóhannesson skýrði frá samtali bráðab.nefndar v/leikhússbyggingar og stjórnar við Borgafstjóra og Skipulags stjóra og sagði frá því að félaginu biðist lóð undir væntan- legt leikhús við Háaleitisveg. Sýndi hann félagsmönnum skipul lagsuppdrátt fyrir það svæði. Samþykkt var tillaga frá undirb.nefndinni og stjórninni svohljóðandi:"Aðalfundur L.R. haldinn 7. júní 1958 samþykkir að taka tilboði Borgarstj Rvíkur og skipulagsstjóra um lóð fyrir væntanlegt leikhús félagsins í svokölluðu Háaleitishverfi, eða nánar tiltekið ~~xx~~ við götu, sem á að heita Háaleitisbraut" Brynjólfur Jóhanness. Edda Kvaran, Steindór Hjörleifsson,Guðm. Pálsson, Jón Sigurbj. Tillaga þessi var samþykkt samhljóða.

Einar Pálsson spurðist fyrir um hvort ekki hefði komið til ~~má~~ mála að festa fé húsbyggingarsjóðs í fasteign. Form. kvaðst hafa athugað um kaup á íbúð en ekki hefði verið tekin ákvörð- un í því efni. Áróra Halldórsdóttir lagði til að kosin yrði 3 manna sérstök/fjáröflunarnefnd. Var það gert og í hana kosin:
Björn Thors með 21 atkv. Einar Ingi Sigurðsson með 17 atkv. ~~x~~ og Guðbjörg Þorbjarnardóttir með 14 atkv.

Einar Páls. fékk 8 atkv. Jón Leós 3 atkv. Guðm. Pálss. 2 atk Áróra Halld. 1 atkv. Auður seðill var 1.

Samþykkt var að undirbúningsnefndin, en í henni eru þau Brynjólfur, Edda Kvaran og WIlhelm Norðfjörð, starfaði áfram til undirbúnings og viðræðu við bæjaryfirvöld.

Stjórnin bar fram eftirfarandi tillögu:"Fundurinn samþykkir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að kjósa 2 menn, sem starfi með stjórninni við athugun á breytingu á launataxta félagsins og skal stjórnin ásamt þessum tveimur mönnum skila áliti á framhaldsaðalfundi." Lagði stjórnin til að þau Helga Valtýsdóttir og Árni Tryggvason yrðu kosin til þessara starfa og var það samþ. samhljóða.

Edda Kvaran spurðist fyrir um gjöf hússtjórnar Iðnó, er gefin var á 60 ára afmæli félagsins. Formaður kvað henni óráðstafað og væri hún í sérstakri sparisjóðsbók.

Brynjólfur Jóhannesson þakkaði stjórninni starf hennar á árinu og þakkaði Guðm. Pálssyni einnig fyrir störf hans við Happdrættið.

Fleira var ekki gert og fundi frestað til framhaldsaðalfundar.

Á fundi voru 29 félagar og 2 aukafélagar.

Steindór Hjörleifsson
Ritari.

Jón Sigurbjörnsson.
Formaður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn þriðjudaginn 16. september 1958 kl. 8,3o .
Formaður setti fundinn og bað ritara lesa fundargjörð síðasta fundar, sem síðan var samþykkt samhljóða.
Þá las gjaldkeri upp endurskoðaða reikninga fyrir leikárið 1957 - 58. Niðurstöðutölur á Rekstrarreikningi voru krónur 1.027.200,- Kaup leikara, starfsfólks og stjórnar var kr. 373.311,6o Húsaleiga varð á leikárinu kr. 112.000,-
Auglýsingar kr.101.613,35.
Aðgöngumiðasala á 109 sýningum í bænum og einni úti á landi varð kr: 813.285,- Auk þessara 11o sýninga voru 9 sýningar á leikritinu "Tannhvöss tengdamamma" á vegum leikendanna sjálfra. Styrkir námu kr. 140.000,- á árinu.
Hagnaður á leikárinu reyndist kr: 85.165,56.
Að skýrzlu gjaldkera lokinni voru reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða.

Þá var tekið fyrir næsta mál á dagskrá, sem voru tillögur stjórnar og þeirra Helgu Valtýsdóttur og Árna Tryggvasonar um nýja launaskrá fyrir félagið, en þau Helga og Árni voru kjörin til þess að athuga launaskrá fél. ásamt stjórninni.

Tillögurnar voru svohljóðandi:

| | |
|---|---|
| Sérflokkur kr: 330,- á sýningu. | Aðeins heimilt að greiða 3 leikurum á leikári. |
| 1. flokkur.kr: 250,- á sýningu. | Þeir sem leikið hafa hjá fél. 10 ár samfl. eða lengur og eru skráðir félagar. |
| 2. flokkur.kr: 200,- á sýningu. | Þeir, sem leikið hafa 5 ár samfleytt ~~hjá fél~~. Jafngilt þessu getur stjórnin þó talið próf ~~hjá~~ frá viðurkenndum leiklistarskóla og að m.k. ársþjónustu hjá félaginu. |
| 3. flokkur. kr: 150,- á sýningu. | Félagsbundnir leikendur á 1. ári. |
| 4. flokkur. kr: 100,- á sýningu. | Ófélagsbundnir byrjendur. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. flokkur. kr. 60,- á sýningu.    Aukaleikendur.

fyrir hvert leikár milli 1-2 og 2-3 flokks, fær hver félagsbundinn leikandi aldurshækkun, kr. 10,-

Fyrir aðalhlutverk er þó heimilt að greiða kr. 250,- á sýningu þó leikari tilheyri lægri launaflokki. Stjórnin, ásamt leikstjóra hvers leikrits úrskurðar, hvað teljast skuli aðalhlutverk.

Launareglugerð þessi gildir aðeins fyrir félagsmenn L.R. Við ófélagsbundna leikara skal samið hverju sinni. Kaup þeirra skal þó aldrei vera hærra en kaup í 1.flokki.

~~XXXXXXXXXXXX~~ Launaskrá þessi var borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Fleiri mál lágu ekki fyrir og var fundi slitið.

Á fundinum voru 18 félagar.

Jón Sigurbjörnsson
Formaður.

Steindór Hjörleifsson
Ritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

177. fundur

# Leikfélag Reykjavíkur

STOFNAÐ 1897

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó, laugardaginn 16. maí 1959, kl. 3 e.h. Formaður, Jón Sigurbjörnsson, setti fundinn og minntist tveggja félaga er látist höfðu á árinu, þeirra Gunnþórunnar Halldórsdóttur og Einars Björnssonar. Bæði voru þau heiðursfélagar L.R. Gunnþórunn heitin var einn af stofnendum L.R. og eru þeir nú allir fallnir í valinn. Stjórnin hefur ákveðið að leggja eitt þúsund krónur í Húsbyggingarsjóð félagsins til minningar um Frk. Gunnþórunni Halldórsdóttur. Formaður bað fundarmenn heiðra minningu þessara látnu félaga, með því að rísa úr sætum.
Formaður bað ritara að lesa fundargjörð síðasta aðalfundar og var hún síðan samþykkt samhljóða. Tvær inntökubeiðnir höfðu borist, frá
180. - 181. Gísla Halldórssyni og Baldri Hólmgeirssyni. Stjórnin mælti með að þær yrðu báðar bornar upp og voru þær samþykktar samhljóða.

Formaður flutti skýrzlu sína og sagði frá breytingum er gerðar hefðu verið á leiksviði. Skipt var um allar rár og nýjar drapperingar keyptar og ný fortjaldsrenna og fleiri breytingar gerðar. Magnús Pálsson var fastráðinn leiktjaldamálari og Guðmundur Pálsson ráðinn framkvæmdastjóri. Formaður skýrði frá að leigt hefði verið húsnæði til að smíða og mála í leiktjöld og vonir stæðu til að það fengist næsta starfsár einnig. Styrkur bæjarins til L.R. fékkst hækkaður um krónur 30 þúsund á árinu og einnig styrkur ríkissjóðs um krónur 30 þúsund. Fastir styrkir nema því nú kr: 200 þúsund. Menntamálaráð ~~xxxytix~~ styrkti og uppsetningu á "Túskildingsóperunni" með 35 þús. krónum. Ákveðið var að veita Árna Tryggvasyni fjárupphæð þá, sem Hússtjórn Iðnó gaf í tilefni 60 ára afmælis L.R. og 30 ára leikafmælis Brynjólfs Jóhannessonar. Skv. gjafabréfinu átti formaður hússtjórnar Iðnó, (Jón Axel Pétursson) formaður leikfélagsins og Brynjólfur Jóhannesson að úthluta gjöf þessari.
97 sýningar voru búnar á leikárinu fram að aðalfundi, en sýningum enn ekki lokið. 43 sýn. á "Allir synir mínir" 5 sýn. á "Nótt yfir Napólí" 8 sýn. "Þegar nóttin kemur". 36 sýn. búnar á "Delerium Bubonis" og 5 sýn. á "Túskildingsóperunni" Áformað er að fara í leikför til Akureyrar með leikritið "Allir synir mínir".
Þá gaf ~~fði~~ gjaldkeri bráðabirgðayfirlit yfir stofnkostnað og útkomu leikrita. Stofnkostn. á "Allir synir mínir" var um kr. 58.000,- Ágóðinn af sýningum þess c.a. 7000,- kr. Ein sýning var leikin á því leikriti fyrir Félag ísl. leikara. Á sýningum á "Nótt yfir Napólí", sem tekin var upp frá fyrra ári varð tap c.a. 15.000,- Stofnkostn. á "Þegar nóttin kemur" var kr. 38.000,- og tap ~~xxxxxxxþxxx~~ c.a 50 þúsund. Stofnkostn. á "Delerium Bubonis" c.a. 75.000,-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Leikfélag Reykjavíkur**
STOFNAÐ 1897

Ágóði af 34 sýn. uppgerðum c.a. 5o.ooo,- krónur. Á "Túskildingsóperunni" er búið að greiða rúmar loo þús. í stofnkostn. Þær 4 sýningar sem uppgerðar eru, hafa rúml.staðið undir kvöldkostnaði.
Fyrir endurbætur á leiksviði er búið að greiða kr: 54.532,-

Að lokinni skýrzlu gjaldkera var gengið til stjórnarkosningar. Kvaðst formaður, Jón Sigurbjörnsson, ekki gefa kost á sér sem formanni aftur og stakk uppá Steindóri Hjörleifssyni. Þorst. Ö. Stephensen stakk uppá Gísla Halldórssyni. Fleiri uppástungur voru ekki og var Steindór Hjörleifsson kjörinn formaður með 15 atkv. Gísli Halldórsson fékk 8 atkv. Auðir seðlar voru tveir. Í starf gjaldkera var tilnefndur Guðmundur Pálsson og var hann kjörinn með 23 atkv. einn seðill auður. Sem ritara tilnefndi Jón Sigurbjörnsson Magnús Pálsson. Þorst. Ö. Stephensen kvaðst ekki álíta heppilegt að fastráðinn starfsmaður félagsins væri jafnframt í stjórn þess og stakk uppá Gísla Halldórssyni. ~~Komu ekki fleiri uppástungur og var Magnús Pálsson kosinn ritari með 15 atkv. Gísli Halldórsson fékk 9 atkv. einn seðill var auður.~~ Wilhelm Norðfjörð sagðist ekki telja þetta neitt atriði á ~~þes~~ þessu stigi málsins, en hugsanlegt væri í framtíðinni, þegar að félagið réði máske marga fasta starfsmenn, að stjórnin yrði ólaunuð.
Magnús Pálsson var kosinn ritari með 15 atkv. Gísli Halldórsson fékk 9 atkv. einn seðill var auður.
Varaformaður var kjörinn Brynjólfur Jóhannesson samhljóða. Varagjaldkeri Árni Tryggvason og vararitari Karl Sigurðsson,báðir með samhljóða atkvæðum fundarmanna.
Guðbjörg Þorbjarnardóttir sagði frá störfum fjáröflunarnefndar. Haldinn var dansleikur um jólin, en gaf því miður ekki mikinn ágóða. Einnig sagði hún frá fjáröflunarbókinni "Kálfskinnu".
Stjórnin lagði fram svohljóðandi tillögu: "Leggjum til að stofnaður verði sjóður, sem notaður verði til að styrkja starfandi meðlimi félagsins til náms og kynningarferða erlendis. Sjóðurinn heiti Utanfararsjóður L.R. Stjórnin semji reglugerð fyrir sjóðinn og verði hún lögð fram til samþykktar á n.k. framhaldsaðalfundi. Stjórnin leggur til að fyrsta framlagið verði greitt úr félagssjóði og verði það kr: 5.000,- " Formaður talaði fyrir tillögu þessari og talaði m.a. um að hluti L.R. af því sem innkæmi fyrir aðalæfingar hjá félaginu rynni í þennan fyrirhugaða sjóð. Hann sagði að hann teldi jafn-nauðsynlegt nýju leikhúsi að leikarar félagsins fengju tækifæri til að mennta sig erlendis og kynnast leiklist þar.
Umræður urðu nokkrar um þetta mál. Wilhelm Norðfjörð taldi að ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

178. fundur →

## Leikfélag Reykjavíkur

STOFNAÐ 1897

væri ráðlegt að dreyfa kröftum félagsmanna frá því meginmarkmiði að safna fé í Húsbyggingarsjóðinn. Slíkur sjóður væri til hjá Fél. ísl. leikara. Skv. tillögu frá Áróru Halldórssd. breytti stjórnin tillögu sinni og var hún borin upp og samþykkt samhljóða þannig: "Kosin verði 3 manna nefnd til að athuga um stofnun sjóðs sem notaður verði til að styrkja starfandi meðlimi félagsins til náms og kynnisferða erlendis. Skili nefndin áliti á framhaldsaðalfundi." -- Í nefndina voru kosin: Jón Sigurbjörnsson með 18 atkv. Karl Sigurðsson, með 18 atkv. og Sigríður Hagalín með 10 atkv. Guðm. Pálsson fékk 8 atkv. Árora Halldórsd. 6 atkv. Wilhelm Norðfjörð 2 atkv. Guðbjörg Þorbjarnard. 1 atkv. Auðir 2,----

Björn Thors þakkaði Jóni Sigurbjörnssyni fyrir störf hans í formannsstarfi og bað fundarmenn hrópa húrra fyrir honum og var það gert kröftuglega. Jón Sigurbjörnsson þakkaði fyrir stuðning félagsmanna í starfi sínu og sagði fundi frestað til framhaldsaðalfundar. Á fundi voru 25 félagar og einn aukafélagi.

Jón Sigurbjörnsson
Formaður.

Steindór Hjörleifsson
Ritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var settur í Iðnó föstudag 1959 21. ágúst kl. 9 e.h. Formaður félagsins, Jón Sigurbjörnsson setti fundinn og bað ritara lesa fundargerð fyrrihluta aðalfundar og var hún síðan samþykkt samhljóða. Því næst las gjaldkeri upp endurskoðaða reikn. s.l. leikárs. Sýningar urðu alls 1o6 og auk þess ein sýn. til ágóða fyrir Fél. ísl. leikara. Á "Delerium Bubonis" urðu 4o sýn. "Allir synir mínir",- 42 sýn. (og ein sýn. fyrir. F.Í.L.) "Nótt yfir Napóli" 5 sýn. (Það leikrit tekið upp frá fyrra ári) "Þegar nóttin kemur" 8 sýn. ( 4 sýn. í Iðnó, 3 í Austurb.bíói og 1 í Keflavík) og "Túskildingsóperan",- 7 sýningar. Auk þess var farin leikför til Akureyrar og haldnar 4 sýn. á "Allir synir mínir" Hagnaður á rekstrarreikningi á leikárinu varð kr. 19.186,97 Sala aðgöngumiða nam kr. 1.o89,34o,- Leikskrá ásamt auglýsingum gaf kr. 104 þús. brúttó. Styrkir á árinu námu kr. 235 þús. Kaup leikara og starfsfólks nam kr. 690.2o5,25 Húsaleiga kr. 159 þús. Auglýsingar kr. 1o5 þús. og skemmtanaskattur kr. 53 þús. höfundarþókn. kr. 38 þús. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi voru kr: 1.436.245,oo Í Húsbyggingarsjóði eru kr. 480.9o5,56 og urðu tekjur hans á árinu kr. 44.934,26. Til frekari upplýsinga vísast til endurskoðaðs Rekstrar og efnahagsreiknings frá N. Manscher & Co.

Að skýrzlu gjaldkera lokinni voru reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða. Þá fór fram kosning endurskoðenda og voru þeir endurkjörnir: Guðjón Einarsson og N. Manscher & Co. löggiltir endurskoðendur.
Guðbjörg Þorbjarnardóttir gerði skil f.h. fjáröflunarnefndar Húsbyggingarsjóðs.

Þá var tekin fyrir tillaga frá þeim Jóni Sigurbjörnssyni Karli Sigurðssyni og Áróru Halldórsdóttur, en þau höfðu á síðasta fundi verið kjörin til að fjalla um tillögu stjórnarinnar um stofnun sjóðs til að styrkja fél. L. R. til utanfarar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga þeirra þriggja var svohlj. "Leggjum til að stofnaður verði sjóður til að styrkja starfandi meðlimi Leikfélagsins til náms og kynnisferða erlendis. Fyrst í stað, eða þar til öðruvísi verður ákveðið,skulu tekjur sjóðsins verða helmingur af aðgangseyri þeim er innkemur á aðalæfingum félagsins. ennfremur leggjum við til að sjóðurinn sé í vörzlu gjaldkera félagsins og sé óheimilt að úthluta úr honum fyr en hann er orðinn a.m.k. 12 þús.enda hafi þá verið samþykkt skipulagsskrá. Sjóðurinn heiti Utanfararsjóður L.R. og geymist í sérstakri bankabók". Um þessa tillögu urðu nokkrar umræður og hún samþykkt samhljóða með þeirri breytingu að tillögumenn hækkuðu nefndar 12 þús. í 15 þúsund.

Því næst var tekin fyrir tillaga frá stjórninni um húsbyggingarnefnd svohljóðandi: "Stjórnin leggur til að kosin verði 5 manna nefnd er heiti "Húsbyggingarnefnd Leikfélags Reykjavíkur" Nefndin sé kosin til eins árs í senn og geri grein fyrir störfum sínum á aðalfundi. Nefndin velji sér framkvæmdastjóra og skipti að öðru leyti með sér verkum. starfssvið nefndarinnar verði: 1. Að hafa á hendi allan undirbúning og framkvæmd við byggingu leikhússins. 2. Að skipuleggja og sjá um fjáröflun í því skyni.
Eignum Húsbyggingarsjóðs má ekki ráðstafa án samþykkis stjórnar L.R." - Stjórnin"
Form. fylgdi tillögunni úr hlaði og sagði það einróma álit stjórnarinnar að húsbyggingarmálin væru í höndum sérstakrar nefndar, þar eð stjórnin hefði kappnóg að gera allan veturinn við rekstur félagsins. Árni Tryggvason og Áróra Halldórsdóttir lögðu til að nefndin yrði aðeins skipuð 3 mönnum, því 5 manna nefndarstarf yrði of þungt í vöfum. Ýmsir mæltu gegn þessu áliti. Rætt var fram og aftur um starfsvið nefndarinnar og Br. Jóhannesson skýrði frá grein,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem Sigurður Einarsson í Holti skrifaði í Alþýðublaðið um leik-húsbyggingu L.R. Þorst.Ö. Stephensen deildi á stjórnina fyrir stefnuleysi í húsbyggingarmálinu og þótti hún lítt undirbúin í því máli. Jón Sigurbj. og Steindór svöruðu þessu nokkrum orðum og töldu tillöguna einmitt túlka ákveðna stefnu og vilja stjórnarinnar í málinu. Stjórnin lagði til að eftirtaldir félagar yrðu kosnir í Húsbyggingarnefnd: Brynjólfur Jóhannesson, Þorsteinn Ö. Stephensen, Wilhelm Norðfjörð, Björn Thors og Magnús Pálsson. Voru þessir félagar kosnir í nefndina samhljóða.

Þorst. Ö. Stephensen tók til máls. Ræddi hann þær aðgerðir stjórnarinnar að beita sér fyrir niðurfellingu leikritavalsnefndar. Taldi hann aðferð stjórnarinnar í málinu ekki drengilega, þar sem hann hafi verið erlendis. Hann deildi einnig á stjórnina m.a. fyrir uppfærzluna á "Túskildingsóperunni", - þýðinguna á verkinu og leikstjórn. Sagði hann að stjórnin hefði átt að hætta við æfingu verksins, því henni hefði átt að vera ljóst er á leið, að verkið mundi misheppnast. Gagnrýndi hann og þær áætlanir hinnar nýju stjórnar að sýna "Sex verur leita höfundar" og "Waiting for Godot" hvort á eftir öðru. Átaldi hann einnig að formaður félagsins skyldi vera að leika í Þjóðleikhúsinu svo fella hafi orðið niður sýningar hjá félaginu þess vegna.

Form. Jón Sigurbjörnsson svaraði þessum ummælum Þorsteins. Hann neitaði þeirri ásökun Þorsteins að niðurfellingu leikritavalsnefndar hafi verið beitt gegn Þorst. Ö. Steph. Viðvíkjandi gagnrýni Þorsteins á uppfærzlu "Túskildingsóperunnar", sagði hann rétt vera að sýningin hefði ekki orðið góð, en ef stjórnin hefði í því tilfelli átt að stöðva æfingar á verkinu þá væri það sitt álit að slíkt hefði eins átt að gera við sjálft afmælisleikritið "Þrjár systur" því að sínum dómi hafi það verið misheppnuð sýning. Viðvíkjandi þeim xxxxxxxx ásökunum Þorst. að orðið hafi að fella niður sýningar hjá félaginu vegna starfa ~~hans~~ sinna í þjóðleikhúsinu, sagði Jón að hvorki ~~honum~~ þér né líklega öðrum hafi komið til hugar að "Allir synir mínir" gengju svo lengi sem raun varð á og það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri satt að fella hafi orðið niður sýningu á annan í jólum og í þess stað höfð skemmtun til ágóða fyrir húsbyggingarsjóð. Steindór tók til máls og kvaðst fagna því að Þorst. Ö. Stephensen kæmi hér fram með gagnrýni á störf stjórnarinnar á félagsfundi. Slík gagnrýni gæti verið til góðs og kvað einmitt að sínum dómi hafa verið oflítið um það að félagsmenn tækju til máls á fundum og segðu álit sitt á gerðum stjórnarinnar. Viðvíkjandi þeim ummælum Þ.Ö. Steph. að fella hafi orðið niður sýn. vegna starfa formanns hjá Þjóðleikhúsinu gat hann þess að nefnd sú er kjörin var á sínum tíma til að undirbúa stjórnarmyndun í félaginu hafi fengið Jón til formannsstarfs gegn því vilyrði að hann mætti taka að sér óperuhlutverk í Þjóðleikhúsinu ef biðust, og í þeirri nefnd hafi verið Þorst. Ö. Stephensen. Viðvíkjandi gagnrýni Þorsteins á þeirri ætlun stjórnarinnar að sýna þau tvö leikrit sem hann nefndi, hvort á eftir öðru, þá mundi stjórnin taka þá gagnrýni til íhugunar áður en það mál yrði endanlega afráðið. Lárus Sigurbjörnsson tók til máls og skýrði m.a. frá starfsháttum og starfssviði leikritavalsnefndar í félaginu á fyrri árum. Þá hafi nefnd þessi þótt nauðsynleg. Nú kvað hann reynslutíma félagsins lokið og ekki óeðlilegt að nefnd þessi yrði niðurlögð. Lárus kvaðst vera á móti því að þau tvö leikrit, sem nefnd hefðu verið, yrðu tekin til sýningar. L.R. væri ekki "experimental" leikhús. Sjálfsagt kvað hann að hinir ungu menn í stjórninni ráðfærðu sig við eldri menn í félaginu. Wilhelm Norðfjörð tók til máls og bað menn hætta karpi og skoraði á Þorstein að leika með félaginu. Þorsteinn tók til máls og sagði m.a. að aðkallandi væri að ákveða stefnu félagsins í framtíðinni og lagði til að reynt yrði að færa starfið í "professionala" átt og festa leikara til starfa.
Steindór tók undir þessi ummæli Þorsteins og sagði það álit sitt að brátt kæmi að því að nauðsynlegt yrði að félagið gæti tryggt sér starfskrafta með einhverskonar fastráðningu leikara. Einnig taldi hann æskilegt að félagið setti á stofn leikskóla.
Ýmsir fleiri tóku til máls um fastráðningu leikara hjá félaginu.

X

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fráfarandi formaður, Jón Sigurbjörnsson þakkaði samstarfsmönnum sínum í stjórninni fyrir ágæta samvinnu og óskaði þeim og félaginu alls þess bezta í framtíðinni.
Steindór þakkaði xxxxxx Jóni Sigurbjörnssyni fyrir störf hans í þágu L.R. á undanförnum árum og gott og ánægjulegt samstarf og kvað það von sína að hann ætti eftir að starfa mikið hjá félaginu á komandi árum og helzt takast aftur á hendur forustu í félaginu. Að lokum bauð hann Magnús Pálsson velkominn í stjórn félagsins og sagði síðan fundi slitið. Á fundi voru 24 félagar og 2 aukafélagar.

Jón Sigurbjörnsson. Form.  Steindór [illegible] Ritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

179. fundur

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó þriðjudaginn 7. júní 1960.

Formaður Steindór Hjörleifsson setti fundinn kl. 8.50 e. h. og minntist nýlátins félaga frú Eufemiu Waage. Hún hafði verið mikilsverður starfskraftur fyrir félagið um áratuga skeið og heiðursfélagi þess síðan 11. jan. 1947. Bað hann fundarmenn rísa úr sætum í minningu hinnar látnu.

Þá bað formaður ritara að lesa fundargerð síðasta aðalfundar, og var hún síðan boðin til umræðna.

Þorsteinn Ö. Stephensen kvað sig ekki geta samþykkt fundargerðina að áheyrn einni lokinni. Hann hefði það mikið við hana að athuga, að hann yrði að lesa hana, til þess að geta gert sínar athugasemdir. T. d. teldi hann ekki rétt meðfarin ummæli Jóns Sigurbjörnssonar um leiksýningu, sem þeir höfðu rætt á téðum fundi, og að öðru leyti væri fundargerðin tæpast nógu greinargóð.

Formaður gat þess að þessi fundargerð væri rituð af sér, sem þáverandi ritara. Umæli Jóns Sigurbjörnssonar teldi hann rétt bókuð, og viðvíkjandi því að fundargerðin væri tæpast nógu greinargóð minntist hann þess, að áðu hafi komið fram ummæli um of ítarlega fundargerð.

Áróra Halldórsdóttir áréttaði að rangt væri farið með umæli Jóns Sigurbjörnssonar.

Formaður bar þá undir fundinn, hvort ætti að fresta samþykkt fundargerðarinnar, svo að Þorsteini gæfist tóm til að athuga hana, og var það samþykkt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Inntökubeiðnir höfðu borist fimm talsins, þar af ein um endurinngöngu frá Gunnari Eyjólfssyni. Hinar voru frá
182. Guðrúnu Ásmundsdóttur, Kristjáni Benjamínssyni, Jónasi Jónassyni og Helga Skúlasyni. Voru þær allar samþykktar. Hinir nýju meðlimir voru boðnir velkomnir, en þau komu þrjú á fundinn, Guðrún, Helgi og Gunnar.

Næsta mál á dagskrá var skýrsla stjórnarinnar. Formaður hafði orð fyrir henni og byrjaði á að geta þess, að nú væru 24 dagar frá síðustu frumsýningu, þ.e. á Grænu Lyftunni, sem virtist ætla að ná góðri aðsókn, en þetta verkefni væri tilvalið að taka upp aftur að hausti.

Hann gat þess um fjárhag félagsins, að styrkinir myndu mæta tapinu, og að líkur væru til þess að útkoma leikársins yrði ekki mun verri en síðasta leikárs. Sýningafjöldi á leikárinu væri orðinn 105 og skiptist þannig:

Delerium Búbónis, sem byrjaði 11. oktober, 54 sýningar,
Sex persónur leita höfundar, frums. 3. nóv., 6 sýningar,
Gestur til miðdegisverðar, frumsýnt 14. jan., 30 sýningar,
Beðið eftir Godot, frumsýnt 29. mars, 7 sýningar,
Græna Lyftan, frumsýnd 14. mai, 8 sýningar og ein eftir, svo að væntanlega yrði sýningafjöldinn 106 sýingar alls.

Reynt hafði verið að fá til starfa hjá félaginu nokkra erlenda leikstjóra, en án árangurs.

Fyrst nefndi formaður danska leikstjórann Sam Besekov, og hafði athugun leitt í ljós að kostnaður við störf hans hér, yrði félaginu ofviða.

Næst nefndi hann frú Önnu Borg Reumert, en hún reyndist svo störfum hlaðin við Konunglega leikhúsið að henni var ekki mögulegt að koma á þessu leikári.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá nefndi hann sænska leikstjórann Hermann Ahlsell í Gautaborg og kom inn á deilu þá, sem hann harmaði mjög, að risið hafði milli meirihluta stjórnarinnar og Magnúsar Pálssonar fyrv. ritara. Las hann upp greinargerð, sem Magnús hafði komið með á fund stjórnar og varastjórnar í januar s.l.,en þar var lýst ástæðum þeim, sem hann hafði haft fyrir því að segja af sér sem ritari félagsins, en þær voru veigamestar, val annars verkefnis leikársins, Gestur til miðdegisverðar, og afstaða meirihluta stjórnarinnar til umleitana þeirra, er hann hafði haft með höndum fyrir stjórnina við Herman Ahlsell um að hann kæmi hingað og tæki að sér leikstjórn fyrir félagið. Meirihlutinn hefði viljað bíða átekta áður en ákvörðun yrði tekin og dregið málið óhæfilega á langinn. Þá las formaður fundargerð viðkomandi stjórnarfundar, og kom þar fram, að afsögnin var tekin til greina, eftir að lagt hafði verið að Magnúsi að sjá sig um hönd, og var Karli Sigurðssyni falið að gegna ritarastarfi til Aðalfundar.

Formaður gerði nú hlé á ræðu sinni og bauð Magnúsi Pálssyni orðið, svo að hann gæti skýrt málið frá sínum sjónarhól.

Magnús Pálsson flutti ræðu, þar sem hann lýsti því yfir, að orsökin fyrir því, að hann sagði af sér, væri óbeit á því hugarfari, sem lægi að baki leikritavalinu og framkomunni við Herman Ahlsell. Leikritavalið væri grundvallaratriði, og þegar svo nefnd "kassastykki" yrðu aðalatriðið, til þess að leikararnir hefðu atvinnu við að vekja nokkra hlátra, væri komið inn á hættulega braut.

Ræðumaður kvaðst vilja að hér eins og erlendis væri litlu kostað til tjalda og búninga, en kostað kapps um að láta listina njóta sín. Gera þurfi upp við sig, hvort verið sé

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að vinna sér til ánægju, eða að vinna sér inn skattfrjálsar aukatekjur. Hann gerði samanburð á Sex persónum... og Godot annarsvegar og Delerium Búbónis, Gestinum,og Grænu lyftunni hinsvegar og minntist þess,að þegar Del. Búb. var farið að "sjúskast" svo að til skammar var orðið, vildi hann láta taka það út, en það verið aftekið með öllu, og talið það svik við félagið og leikarana. Sér hefði fundist koma til greina að leika eingöngu íslenzk verk, en í staðinn væru helzt leikin erlend kassastykki, og taldi hann þá upp allmörg leikrit því til sönnunar. Svo væri komið, eftir sextíu ára starf L.R., að enginn boðlegur leikskáldskapur væri hér til.

Hann lýsti stefnu sinni í eftirfarandi atriðum: Hætt sé við kassastykki. Leiksýningar gerðar sem minst háðar fjárhags ástæðum með sparnaði í tjöldum og búningum. Verkefni séu valin eftir listrænu mati. Öll starfsemin færð til nútímalegra forms.

Að lokum mæltist hann til þess, að stjórnin skýrði stefnu sína á liðnu leikári.

Formaður þakkaði Magnúsi fyrir ítarlega ræðu, og sagðist telja margt rétt og satt, sem hann hefði sagt, og vildi hann beina orðum hans til næstu stjórnar til íhugunar.

Þá las formaður upp bréf frá Herman Ahlsell, en það var svar við bréfi, sem stjórnin hafði skrifað eftir að Magnús sagði af sér. Svar Ahlsells var á þá lund að hann gerði sér ljósa afstöðu stjórnarinnar, og þess utan hefði hann svo mikið að gera, að sér væri ómögulegt að taka boði frá L.R.

Formaður nefndi umsögn Magnúsar um að æfingar á Beðið eftir Godot hefðu verið felldar niður, meðan verið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var að æfa kassastykki. En meirihlutinn stjórnarinnar áleit þörf fjárhagsins vegna á slíku leikriti, og þar að ~~aukx~~ auki hafði komið ~~hafðixxkm~~ fram gagnrýni í fyrra á því að ætla að leika Sex persónur og Godot hvort á eftir öðru.

Hvað snerti sparnað í uppsetningu, eins og Magnús vildi, þá upplýsti hann að kostnaðar áætlun fyrir Sex persónur, hafði verið 30 þús. krónur, en kostnaðurinn fór í nærri 50 þúsund, þrátt fyrir að Magnús starfaði sjálfur að sýningunni. Að lokum minntist formaður á það, að Magnús vildi taka út leikrit í fullum gangi, til að koma öðru verkefni að, og að sér virtist það stórt spursmál, hvort hægt væri að bjóða leikurum félagsins upp á þau skilyrði sem fælust í stefnuyfirlýsingu hans.

Þá óskaði formaður eftir því, að fleiri létu álit sitt í ljósi.

Þóra Borg Einarson gerði athugasemd við upptalnigu Magnúsar Pálssonar á kassastykkjum, þar sem hann nefndi "Det var engang" meðal þeirra í niðrandi merkingu. Hún kvaðst vilja upplýsa, að þegar það leikrit var leikið hér fyrst, var það undir stjórn fyrsta erlenda leikstjórans, sem hingað kom, Adam Poulsen, og hafi það verið merkur áfangi í starfssögu félagsins.

Þorsteinn Ö Stephensen kvað það skemmtilegt að hér færu fram umræður um þessa hluti, en þó hann væri sammála Magnúsi um margt, þætti sér eikennilegt að hann skyldi taka sæti í stjórn félagsins berandi fyrir brjósti þessar óskir um ~~áhugamanna~~ tilraunar leikhús. L.R. væri ekki af því tagi og hefði ekki verið frá fyrstu tíð. Magnús hefði átt að bera fram óskir sínar og tillögur áður en hann tók sæti í stjórninni. Ræðumaður kvað L.R. þróast í þá átt,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að verða "professionalt", m.a. með leikhúsbyggingu sem stefnuatriði. Slíkar breytingar, sem Magnús vildi, yrðu að gerast með sérstökum hætti. Um leikritaval yrði allt-af ágreiningur, en brýna þurfi fyrir hverri stjórn, að velja sem minst af lélegum leikritum, sú skoðun Magnúsar væri réttmæt, enda þótt L.R. héldi áfram, eins og verið hefði. Þó að það gæti verið skemmtilegt, að koma hér á leikhúsi með gáfuðum áhugamönnum, sem ef til vill væri erfiðara hér en annars staðar, þá væri það ekki hlutverk leikfélagsins, en það spor væri farsælla, að gera það að atvinnuleikhúsi, vegna listrænnar keppni milli leik-húsa.

Magnús Pálsson kvað sér ekki keppikefli, að breyta L.R. í áhugamanna- eða tilraunaleikhús, heldur að vinna að því að kostnaður sé skorinn niður, og laun greidd í samræmi við inntektir, og að fylgst sé með straumnum í listrænum efnum. Hann bað Þóru Borg afsökunar á því, að hann skyldi nefna "Det var en gang", og snéri sér síðan að formanniog sagði, að ekkert afsakaði lélegt leikrita val. Viðvíkjandi kostnaði við uppsetningu á Sex persónum og Godot sagði hann það hafa verið vonlaust að ætla að halda honum niðri, vegna krafna leikstjóra og ósamkomu-lags stjórnar. Mögulegt hefði verið að koma þeim upp fyrir 10 þús. krónur hvoru leikriti, ef hann hefði mátt ráða.

Formaður svaraði, að sér væri ókunnugt um, að kröfur hafi verið gerðar um óhæfilegt bruðl við þessar sýningar. Þá mintist formaður á ummæli Magnúsar úr fyrri ræðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um leikferðir í "drapperingum", og taldi hann rétt að gerðar væru lágmarks kröfur um útbúnað. Hann kvaðst þess fullviss, að leikferðir félagsins, þó leikið væri í "drapperingum, ykju mjög á vinsældir þess út um landið. Og varðandi það, að senda leiksýningu með fullkomnum útbúnaði út á land, tók hann sem dæmi, að " Allir synir mínir" var sent til Akureyrar, og þó að sýnt væri fjórum sinnum fyrir fullu húsi þá bar sú leikför sig með naumindum.

Nú komu fram tilmæli frá Brynjólfi Jóhannessyni um að umræðum skyldi hætt.

Gissur Pálsson fékk þá orðið og kvaðst ekki vilja hætta umræðum. Hann kvað sig furða á ádeilum Magnúsar Pálssonar og álíta að félagið yrði fljótt dautt, ef eingöngu ætti að sýna verk eins og Sex perónur og Godot. Betra væri að blanda verkefnum. Til hvers væri að leika ef enginn vildi sjá. Einnig findist sér skrítið, ef minna þyrfti að vanda til leiktjalda hér í bænum, að eitthvað væri við það að athuga, þó leikið væri út á landi í "drapperingum".

Hinsvegar væri það hæpið, að leikarar færu í leikferðir meðan leikritið gengi hér í bænum. Þó virtist sér erfitt að draga markalínuna, og þessvegna ástæða fyrir félagana að láta álit sitt í ljósi.

Magnús Pálsson sagðist ekki vera á móti gamanleikjum, en viss standard væri nauðsynlegur, og það væri verk stjórnarinnar og félagsins að marka stefnuna.

Fleiri tóku ekki til máls um þessi mál, og var nú skýrslu stjórnarinnar lokið að sinni.

Næsta mál á dagskrá var stjónarkjör.

Steidór Hjörleifsson tilkynti að hann gæfi ekki kost á,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sér aftur, og las þvínæst upp eftir farandi tillögu, er ~~borix~~ borist hafði: Meirihluti stjórnar L.R. mælir með þessum mönnum í næstu stjórn félagsins.

Formaður Þorsteinn Ö Stephensen
Ritari Helgi Skúlason.
Gjaldkeri Guðmundur Pálsson.

Formaður bað nú um frekari uppástungur um formannsefni og var þá stungið upp á Gunnari Eyjólfssyni.

Klemens Jónsson kvaddi sér hljóðs og sagðist vera mótfallinn því að fundarmönnum væri skipað að kjós ákveðna menn, eins og fælist í fram kominni tillögu.

Birgir Brynjólfsson óskaði eftir því, að formannsefni, Þorsteinn Stephensen, lýsti stefnumálum sínum, varðandi félagið.

Þorsteinn svaraði að ekki væri víst að mikið ynnist á einu ári, en smátt og smátt yrði unnið að því ag gera L.R. að atvinnuleikhúsi. Von sín væri, að á næstu árum yrði það færara um að gegna slíku hlutverki.

Gunnar Eyjólfsson lýsti því yfir, að hann hefði tekið ákvörðun um að gefa kost á sér, en vildi taka það fram, að hann væri ráðinn í eitt leikrit við Þjóðleikhúsið,og myndi setja upp Reviu í Sjálfstæðishúsinu, en að öðru leyti væri hann fús að helga krafta sína L.R.

Árni Tryggvason sagðist viðurkenna, að hann hefði ekki alltaf verið sammála Þorsteini á undanförnum árum, en mælti nú með honum, þar sem okkar litli hópur þyldi enga sundrungu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fór nú fram kosning formanns.
Þorsteinn Stephensen var kosinn með 25 atkæðum.
Gunnar Eyjólfsson hlaut 4 atkv., auðir voru 4.

Formaður bað um uppástungu um ritara,en engin kvaddi sér hljóðs, og var því Helgi Skúlason einn í kjöri.
Helgi var kosinn með 23 atkvæðum.
Auðir voru 9 og 1 ógildur.
Engar uppásungur komu um gjaldkera.
Guðmundur Pálsson var kosinn með 29 atkæðum.
Auðir voru 4.
Varaformaður var kosinn Brynjólfur Jóhannesson með lófaklappi.
Vararitari var kosinn Karl Sigurðsson með 19 atkv.
Helga Vltýsdóttir hlaut 14 atkvæði.
Varagjaldkeri var kosin Helga Valtýsdóttir með 15 atkv.
Birgir Brynjólfsson hlaut 11 atkv., Edda Kvaran hlaut 6 atkv.
Árni Tryggvason hlaut 1 atkv., en hann hafði ~~neitað~~ hafnað kjöri.
Þá voru tekin fyrir önnur mál.
Klemens Jónsson óskaði hinni nýkjörnu stjórn til hamingju, og tók um leið fram, að sér væri illa við útboðslista, eins og hér hefði komið fram, betra væri að fólkið kysi sjálft.
Þorsteinn Stephensen þakkaði það traust, sem sér væri sýnt. Hann kvaðst ekki telja neitt athugavert við það, að stjórnarkjör væri undirbúið. Fráfarandi stjórn ætti að vera heimilt að ~~velja~~ gera uppástungu um eftirmenn sína. Hann kvað hina nýju stjórn hafa fullan hug á að starfið gengi sem bezt í fjárhagslegu og listrænu tilliti, og vonaði að samstarfið ~~gengi~~ yrði happadrjúgt.
Þá kom fram fyrirspurn um, hvað liði húsbyggingarmálinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorsteinn sagði að nefndin hefði ekkert framkvæmt, og óvíst væri hvort hægt væri að útskýra það. Nefndin hefði haldið fundi fyrir nokkrum vikum, og þá hafi einhver viljað fara að gera eitthvað. Hann kvaðst hafa dregið úr því, þar sem ekkert væri hægt að gera að gagni héðan af, og nefndin þurfi að hefja starf í byrjun leikárs. En nefndin sé staðráðin í því að undirbúa sókn fyrir næsta ár.

Klemens Jónsson taldi þetta mál vera of einskorðað við L.R., sér fyndist ~~þetta~~ það eiga að vera keppikefli fyrir alla, annað leikhús væri aðkallandi. Hann tjáði sig fúsan að hjálpa til eftir mætti.

Knútur Magnússon kvaðst vilja átelja það, að Kálfskinna skyldi ekki hafa verið höfð í gangi í vetur.

Magnús Pálsson sagði að mælst hefði verið til þess, að Vilhelm Norðfjörð yrði formaður nefndarinnar og kallaði hana saman. En hann hafði átt við vanheilsu að stíða í vetur, og væri það ein orsök þess að ekki varð úr störfum.

Það álit kom fram að rétt væri að nefndin gerði frekari grein fyrir sér á framhaldsaðalfundi og var þá fundi frestað. Þá var klukkan 12 á miðnætti. Fundinn sátu 33 félagar og 3 aukafélagar.

Karl Sigurðsson
ritari

Steindór Hjörleifsson
formaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

180. fundur

Framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur 1960 var haldinn í Iðnó Miðvikudaginn 31. ágúst.

Formaður félagsins Steindór Hjörleifsson setti fundinn kl. 8. 50 e.h.

Fyrsta mál fundarins var að lesin skyldi fundargerð framhaldsaðalfundar 1959, en samþykkt hennar hafði verið frestað á síðasta fundi vegna athugasemda.

Steindór kvaðst hafa reiknað með að hann og Þorsteinn Ö Stephensen færu sameiginlega yfir téða fundargerð, til þess að glöggva sig á hvað í henni væri missagt, en slíkt hefði ekki verið gert.

Þorsteinn lýsti því þá yfir að það væri á misskilningi byggt, að hann hafi ætlast til þess að þeir færu yfir fundargerðina til að breyta henni í nokkru. Hann las þá athugasemd er hann hafði samið og óskaði að yrði færð inn í fundargerðabók.

Hún fer hér á eftir orðrétt: " Ég hef þá athugasemd að gera við framanritaða fundargerð að hún er samin eins og ekki á að semja fundargerðir. Fundargerðir eiga að vera hlutlaus skýrsla um það sem fram fer á fundum, þar sem þeim aðilum sem kunna að hafa deilt er gert jafn hátt undir höfði. Hér hefur ritari fallið í þá freistni að gerast verjandi þess aðila sem ég einkum beindi ádeilu minni að, sjálfs sín og sinna meðstjórnarmanna. Þetta tel ég hann hafa gert með því, í fyrsta lagi, að geta í sem fæstum orðum þess, sem ég hafði við störf stjórnarinnar að athuga, en engra röksemda minna, en

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verja til þess sínu lengra máli að greina frá svörum stjórnarinnar og styðja þau rökum. í öðru lagi með því að greina ekki frá nokkrum atriðum sem miklu máli skiftu, svo sem því er fyrv. form. játaði afdráttarlaust að ásakanir mínar varðandi Túskildingsóperuna og varðandi niðurfellingu sýningar vegna starfa hans hjá Þjóðleikhúsinu væru réttar. Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð, en þegar grundvallarreglur um hlutleysi fundarritara eru alvarlega brotnar eins og hér er gert má það ekki vera óátalið."

Þessu næst var fundargerðin lesin og boðin til umræðu.

Steindór kvaðst ekki, sem ritari þessarar fundargerðar, geta viðurkennt réttmæti ásakana Þorsteins, og ekki geta séð að honum væri á nokkurn hátt mismunað.

Varðandi ummæli Jóns Sigurbjörnssonar las hann upp svofellt svar, er Jón hafði skrifað frá Ítalíu.

Orðrétt: " Eftir því sem ég man bezt, sagði ég að ef ástæða var til að hætta við Túskildingsóperuna, og kannske var ástæða til þess, þá var ekkert síður ástæða til að hætta við Þrjár systur."

Brynjólfur Jóhannesson kvaðst vilja benda á að ekki bæri mikið á milli ummæla Jóns í fundargerðinni og svars hans í bréfinu, og væri því óhætt að bera hana undir atkvæði.

Formaður sagðist þá bera fundargerð framhaldsaðalfundar 1959 eins og hún væri frá hendi fundarritara undir atkvæði, og var hún samþykkt með 15 atkv. samhljóða, en 8 sátu hjá.

Þá var fundargerð fyrrihluta aðalfundar 1960 lesin og samþykkt samhljóða, með orðalagsbreytingum, sem færðar voru inn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Næsta mál var afgreiðsla endurskoðaðra reikninga, sem gjaldkeri las upp. Sýningar urðu alls 106 á leikárinu. Tap á rekstursreikningi nam kr. 28. 969,32. Sala aðgöngumiða nam að frádregnum söluskatti kr. 1.071.360,oo. Leikskrá með auglýsingum kr. 105.400,oo. Styrkir á árinu voru kr. 200.000,oo. Kaup leikara og starfsfólks kr. 701.863,37. Í húsbyggingarsjóði voru kr. 500.845,57, og urðu tekjur hans á árinu kr. 19.940,ol Frekari upplýsingar má finna í endurskoðuðum reikningum félagsins frá N. Manscher & Co lögg. endurskoðendum.

Formaðmr óskaði eftir umræðum um reikningana.

Vilhelm Norðfjörð tók til máls og sagðist ekki sjá ástæðu til að gagnrýna reikningana að ráði, en vildi mæla gegn því að húsbyggingarsjóður væri"innviklaður" í félagssjóð. Hann ætti að vera sjálfstæður.

Formaður talaði næstur og mintist á skemmtanaskattinn. Kvaðst hafa rökstuddan grun um að líklegt væri að hann fengist felldur niður á næsta Alþingi, og að menntamálaráðherra væri því fylgjandi. Hann beindi því til næstu stjórnar að fylgja því fast eftir.

Reikningarnir voru nú bornir upp og samþ. samhlj. Þá fór fram kosning endurskoðenda og voru endurkjörnir Guðjón Einarsson og N. Manscher & Co.

Næsta mál var að Húsbyggingarnefnd gerði grein fyrir störfum sínum.

Þorsteinn Ö. Stephensen hafði orð fyrir nefndinni og kvað öllum vera ljóst að ekki hefði verið um mikil framkvæmdastörf að ræða síðan á síðasta fundi, en nefndin hefði rætt þessi mál og glöggvað sig á því, sem hún

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

teldi heppilegast. Í vændum væri mikið og erfitt átak. Ákveðnum aðilum bæri að hjálpa Leikfélaginu. Við yrðum sjálf að leggja mikið að okkur en það yrði ekki nóg, skyldur Reykjavíkurbæjar við félagið væru ótvíræðar. Til samanburðar mætti nefna mörg myndarleg félagsheimili út um landið, en hér í höfuðborginni 65 ára gamalt leikhús, sem ekki ætti þak yfir sig. Mættu þetta vera augljós rök fyrir bæjarstjórnina. Sóknin þyrfti nú að beinast að söfnun hjá einstaklingum og ákveðnum óskum um fjárframlög af hálfu bæjarins.

Magnús Pálsson bað um orðið og lýsti því yfir, að hann tæki ekki sæti í nefndinni áfram, en væri fús að vinna að framgangi málsins. Hann stakk upp á því að nefndarmenn yrðu aðeins þrír og kysu sér framkvæmdastjóra utan nefndarinnar. Heppilegt væri að nefndin væri ekki stór en "konsentreruð".

Birgir Brynjólfsson stakk upp á því, að ef skemmtanaskattur fengist niður felldur yrði nokkuð af tilsvarandi upphæð látið renna í húsbyggingarsjóð.

Gunnar Eyjólfsson þakkaði Birgi fyrir uppástunguna. Sagði að sér fyndist félaginu og nefndinni hafa orðið lítið ágengt, og ekki gera sér nógu vel grein fyrir nauðsyn þess að gera bæjaryfirvöldunum ljóst að eitthvað sé gert. Leikarar ættu að hafa meiri möguleika en aðrir, til þess að afla fjár.

Guðmundur Pálsson gaf þá yfirlit um hvernig áraskipti hefðu orðið á fjáröfluninni. 1957-58, happdrætti kr. 244 þúsund, en heildarfjáröflun kr. 256 þúsund. 1958-59, kr. 44.900,oo, og 1959-60, kr. 19.940,ol.

Gunnar Eyjólfsson sagði þá að ljóst væri, að áhuginn hefði farið minkandi.

Vilhelm Norðfjörð svaraði að dugnaðurinn upphaflega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri vegna ákveðinnar gjafar, og starfið þá bara vinna við að koma henni í peninga.

Brynjólfur Jóhannesson sagði þá að félagar gerðu sér ekki nægilega ljóst hve mikinn undirbúning þetta mál þyrfti. Nú vildum við koma af stað varanlegri söfnun. Rætt hafi verið um gjafahlutabréf og fleiri tillögur um söfnunaraðferðir. Eðlilegt væri að skoðanir væru skiptar, og hann vonaðist til að næsta húsbyggingarnefnd notfærði sér þær tillögur sem fram kæmu.

Þorsteinn Ö. Stephensen svaraði Gunnari Eyjólfssyni og taldi að ekki yrði tjón af að fara til bæjaryfirvaldanna. Kvaðst hafa verið að tala um að hefja sókn, og smtímis ætti að vera óhætt að leita til bæjarins. Sér fyndist hæpið að skemmtanir, sem Gunnar hafði minst á, gæfu mikið af sér eftir fyrri reynslu.

Gunnar Eyjólfsson sagði þá að,hvort sem leitað væri til einstaklinga eða þess opinbera,væri betra að geta sýnt vott um að eitthvað sé á sig lagt fyrir málefnið.

Björn Thors sagði frá að skemmtun var haldin til ágóða fyrir húsbyggingar-sjóð, en hún gaf lítið af sér.

Formaður,Steindór Hjörleifsson, talaði um að oft væri búið að ræða þetta. Valdir hefðu verið í nefndina fimm beztu mennirnir, en þar hefðu greinilega orðið einhver mistök. Guðmundur Pálsson hafi sýnt hvernig fjáröflunarstarfið hafi gengið niður á við. Ekkert hefði komið nýtt fram í ræðu Þorsteins. Brynjólfur og Þorsteinn hefðu áður talað við Gunnar Thoroddsen meðan hann var borgarstjóri og hann þá sýnt málinu mikinn áhuga.

Áróra Halldórsdóttir stakk upp á því að kosin væri þriggja manna nefnd, sem aðeins væri fjáröflunarnefnd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorsteinn Ö. Stephensen sagði að hugmyndin um fjáröflunarstarfið væri sú að allir félagarnir væru í þeirri nefnd. Hún þyrfti aðeins verkstjórn og það gæti sú nefnd, sem kjósa ætti annast. Hann kvaðst vilja hvetja menn til að gefa holl ráð og halda áhuganum vakandi.

Anna Guðmundsdóttir sagði að bæði félagar L. R. og leikarar almennt vildu vinna að þessu. Nokkuð hafi farið fyrir málinu en árangur því miður lítill. Hún kvaðst taka undir með Þorsteini að árangur af skemmtunum væri vandkvæðum háður. Vildi gera að tillögu sinni að allir vinni, og ekki síður í kyrrþey en með bægslagangi; Ef allir legðu sig fram mundi safnast þegar saman kæmi.

Karl Guðmundsson sagðist vilja minna á orð Þorsteins. Líka væri ástæða til að oftar væri komið saman að ræða þetta mál og stappað í okkur stálinu. Við verðum að sameinast og mynda stemningu.

Formaður bar nú fram tillögu um að kjörin skyldi þriggja manna nefnd í húsbyggingarmálið með sama starfssviði og áður, og var það samþykkt.

Stungið var upp á Þorsteini Ö. Stephensen, Brynjólfi Jóhannessyni og Birni Thors í nefndina og urðu þeir allir sjálfkjörnir.

[redacted]

Kjörinn formaður Þorsteinn Ö. Stephensen þakkaði fráfarandi stjórn fyrir störfin. Hún hefði sýnilega viljað gera sitt bezta, þó ýmislegt hefði miður farið.

Guðmundur Pálsson þakkaði Steindóri fyrir óvenju lipurt og ánægjuríkt samstarf og bað um kröftugt lófaklapp, sem látið var af hendi.

Steindór þakkaði og kvaðst vilja vísa þessum ummælum yfir á þann sem sagði þau. Hann bauð Helga Skúlason velkominn í félagið og til starfa í stjórninni. Þá minntist hann á leikskólann og kvaðst trúaður á að hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gæti orðið til góðs fyrir félagið, og mæltist til
til þess við stjórnina að hlúa að honum og efla.

Var nú komið að fundarlokum enda nálægt miðnætti
og fundi slitið.

Fundinn sátu þegar flest var 29 félagar og 3 aukafél.

Karl Sigurðsson
(ritari)

Steindór Hjörleifsson
(formaður)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

181. fundur

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó Laugardaginn 3. júní 1961.

Formaður Þorsteinn Ö. Stephensen setti fundinn kl 6.20 e.h. og bað ritara að lesa fundargerð síðasta fundar. Vararitari las fundargerðina í fjarveru Helga Skúlasonar og var hún samþykkt samhljóða.

Formaður minntist látins félaga, Helga Guðmundssonar kirkjugarðsvarðar, en hann hafði verið starfsmaður félagsins um langan tíma. Stjórnin hafði sent aðstandendum hans samúðarskeyti og lagt fram 500 króna minningargjöf til húsbyggingar sjóðs. Fundarmenn risu úr sætum til virðingar hinum látna.

Næsta mál var skýrsla stjórnarinnar.
Formaður ræddi leikárið og hvernig gengið hefði. Sýningar orðnar 105 og vonandi nokkrar eftir á leiknum Sex eða Sjö, sem svo væntanlega yrði tekinn upp aftur að hausti.
Aðsókn hefði orðið góð miðað við aðstæður. Um verkefnaval mætti eflaust deila, en tvær höfuðskyldur hefðu verið ræktar. Í fyrsta lagi nýtt innlent verk tekið til sýninga og í öðru lagi gefið sýnishorn af því nýjasta í drama samtímans með sýningum á leikritum eftir Ionesco.
Það, að sýna gallað byrjandaverk eins og Pókók, væri umdeilanlegt, en það gekk eiginlega vel, varð kvatning fyrir höfundinn og náði þar með tilgangi. Allir, sem að sýningunni stóðu, höfðu lagt sig mjög fram um að gera hana sem bezt úr garði og ættu þakkir skyldar. Tíminn og Við hafði orðið vinsæl sýning, fremur vel sótt, oft leikin og til sóma. Leikrit Ionescos væru ekki viðbúin tekjulind og frá fjárhags sjónarmiði villa að hafa ekki jafnframt í gangi annað verkefni, sem örugglega skilaði hagnaði. Fjárhagurinn að loknu leikárinu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri fremur slæmur en það gætu menn rætt á eftir, þegar skýrsla framkvæmdastjórans hefði verið flutt.

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri Guðmundur Pálsson gaf því næst yfirlit um reksturinn á leikárinu og fer það hér á eftir: Af þeim 104 sýningum, sem verið hafa á þessu leikári frá 2. okt. og fram til 28. mai að þessi skýrsla er tekin saman, var á Grænu Lyftunni 31 sýning, Tíminn og Við 35 sýningar, Pókók 25, Kennslustundin og Stólarnir 5, og Sex eða Sjö 8 sýningar. Allar þessar 104 sýn. samanl. hafa gefið í aðgangseyrir um 1 miljón króna brúttó, sem skiptist þannig: Græna Lyftan 302 þús., Tíminn og Við 288 þús., Pókók 285 þús., Kennslust.&Stól. 31 þús. og Sex eða Sjö 76 þús. af þeim 8 sýn., sem hér eru reiknaðar, en búast má við 2 eða 3 í viðbót. Greiddur stofnkostnaður við þessar sýningar hefur orðið þessi: Græna L. 63 þús., Tíminn og Við 80 þús., Pókók 79 þús., K. & S. 48,5 þús., Sex eða Sjö 32 þús., og má gera ráð fyrir að töluvert sé ennþá ógreitt af stofnkostnaði á þessum 2 síðast töldu. Af stofnkostnaði á Grænu L. hefur verið greitt um 15 þús. á þessu ári.

Ef við gerum ráð fyrir að auglýsingakostnaður sé 1300 kr. fyrir hverja sýningu, hann var 1400 í fyrra og ég veit að hann er eitthvað lægri núna, þá koma leikritin út þannig, eins og sakir standa: Græna L. hagnaður ca. 40 þúsund, Tíminn og Við tap uppsetningarkostn. 80 þús. og höfundarl. 4 £ pr. sýningu, Pókók tap 60 þús., Kennslust. og Stólarnir tap 58 þús., Sex eða Sjö hagnaður 10 þús. af 8 sýn. sem búnar eru, en greiddur stofnkostnaður nú er 32 þús. kr.

| | |
|---|---|
| Upp í skuldir er til Bæjar sjóðsstyrkur | kr. 40.000,00 |
| og óinnheimtar leikskrárauglýsingar o.fl. | " 12.000,00. |
| alls | kr. 52.000,00. |

Ógreiddir reikningar, sem vitað er um eru um 90 - 100 þúsund krónur og þar að auki auglýsingar í mai og júní og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kaup leikara og starfsfólks fyrir 13 eða 14 sýningar í maí og júní. Þar á móti á eftir að koma inn fyrir 2 eða 3 sýningar á Sex eða Sjö, sem eftir eru.

Yfirdráttur í Útvegsbankanum er fullnotaður 100 þús. kr.

Að lokinni skýrslu gjaldkera var orðið gefið frjálst. Steindór Hjörleifsson bar fram fyrirspurn um hver heildarupphæð skuldanna væri, og svaraði Guðmundur Pálsson því að þær næmu með yfirdrættinum ca. 200 þúsund krónum.

Fleiri tóku ekki til máls vegna skýrslu stjórnarinnar.

Næsta dagskrárefni var kosning stjórnar. Þorsteinn Ö. Stephensen tilkynnti að hann gæfi ekki kost á sér aftur í formannsstarf, enda þótt sér fyndist eðlilegt að sinna því í 2 ár. En vegna annara annasamra starfa hefði hann óskað eftir að vera ekki í kjöri, en vonaðist til að geta með öðru móti hjálpað til við að rétta fjárhaginn.

Þá var stungið upp á Brynjólfi Jóhannessyni sem formanni, og var hann kosinn með 25 atkvæðum, 1 seðill var auður. Í stöðu ritara var stungið upp á Helga Skúlasyni, hann hlaut 21 atkvæði, 4 seðlar voru auðir.

Í stöðu gjaldkera var stungið upp á Guðmundi Pálssyni, hann hlaut 24 atkvæði, auðir seðlar voru 2.

Varaformaður var kosinn Steindór Hjörleifsson með 22 atkvæðum, auðir seðlar voru 3.

Vararitari var kosinn Karl Sigurðsson með 24 atkvæðum, auðir seðlar voru 2.

Varagjaldkeri var kosin Helga Valtýsdóttir með 17 atkvæðum, 7 seðlar voru auðir.

Þar með var stjórnarkosningu lokið.

Næsta mál var skýrsla Húsbyggingarnefndar.

Þorsteinn Ö. Stephensen hafði orð fyrir nefndinni og kvaðst persónulega ganga undir sök að ekki hefði orðið úr framkvæmdum á vetrinum, og valdið því annríki og ~~xxxxxxx~~.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dugnaðarleysi. Samt hafði verið unnið allmikið í því að ræða við bæjaryfirvöldin um lóð þá, sem félaginu hafði verið gefinn kostur á í borgarstjóratíð Gunnars Thoroddsen. Síðan höfðu orðið mannaskipti í embætti skipulagsstjóra bæjarins, og uppi verið ýmsar ráðagerðir um byggingar á lóðinni, þar sem m.a. væri lagt meira upp úr því að byggja verzlanir, og leikhúsið gert að aukaatriði. Nefndin hafði lagst á móti þessu og nú væru fram komnar tillögur, þar sem leikhúsinu væri skár fyrirkomið.

Ræðumaður lýsti sig óánægðan með staðsetningu leikhússins í þessu bæjarhverfi og taldi að byggja ætti ekki fjarri þeim stað, sem L. R. hefur verið á alla æfi. Þann stað taldi hann jafnvel fundinn fyrir sunnan Prófessorabústaðina, suðvestur af Háskólanum. Þó yrði að fara varlega í allt, sem gæti tafið fyrir, og bezt að velja þann stað, sem flestir gætu sætt sig við. Haldið verði áfram viðræðum við Borgarstjóra og Skipulagsstjóra, og vonandi komist fjáröflunin í gang, svo að bráðlega hilli undir árangur. Hann kvatti félagsfólk til að hefja öfluga herferð með söfnunarlistana, sem afhentir yrðu hér á fundinum, en sendir í pósti til þeirra, sem fjarverandi væru.

Hugmyndin hefði verið að halda skemmtun ~~fyx~~ til ágóða fyrir húsbyggingarsjóð og 3 ágætar konur hefðu þegar unnið allmikið að undirbúningi, en sökum anna hefði orðið að fresta henni til haustsins. Að lokum lagði hann til að fjáröflunarnefnd yrði kosin hér á fundinum.

Síðan var óskað eftir umræðum.

Brynjólfur Jóhannesson skýrði frá því að góðvinur félagsins, Egill Vilhjálmsson, hefði lofað 25 þúsund króna framlagi til húsbyggingarsjóðs. Var þessu fagnað innilega og Brynjólfur beðinn að flytja Agli þakkir fundarins og kveðjur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnar Eyjólfsson kvaddi sér hljóðs og ræddi um staðarval fyrir leikhúsið. Taldi hann alla staði ákjósanlegri en Háaleitið, og benti á, sem góðan byggingarstað, ~~XXXXX~~ Vatnsmýrina í grennd við Umferðamiðstöðina, sem er þar í byggingu.

Brynjólfur Jóhannesson andmælti því að verið væri að hringla með staðsetningu leikhússins og kvaðst ekki vilja sleppa Háaleitinu meðan ekki lægi annað fyrir, sem örugglega væri betra.

Þá kom fram tillaga um að kjósa fjáröflunarnefnd og stungið upp á Áróru Halldórsdóttur, Helgu Valtýsdóttur og Sigríði Hagalín og voru þær allar samþykktar í einu hljóði.

Fram kom fyrirspurn um Kálfskinnu og upplýstist að hún hafði ekki legið frammi í vetur, m.a. vegna þess að ekki hafði fengist uppfest auglýsing um hana í húsinu, forráðamenn Iðnó höfðu neitað.

Guðmundur Pálsson skýrði frá því að höfundur Pókók, Jökull Jakobsson, hefði gefið í húsbyggingarsjóð höfundarlaun sín fyrir 5 sýningar. Var því fagnað með dynjandi lófaklappi.

Frekari umræður urðu ekki. Formaður þakkaði samstarfsmönnum sínum og frestaði síðan fundi kl. 8.10.

Fundinn sátu 26 aðalfél. og 3 aukafélagar.

(
________________________
ritari

________________________
formaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

182. fundur

Framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur 1961 var haldinn í Iðnó mikvikudaginn 6, september.

Formaður félagsins Þorsteinn Ö. Stephensen setti fundinn kl. 8.45 og bað ritara að lesa fundargerð fyrrihluta aðalfundar og var hún samþykkt samhljóða.

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri las upp endurskoðaða reikninga síðast liðins leikárs. Sýningar urðu alls 1o7, sem skiftast þannig: Græna lyftan- 31 sýning, Tíminn og við - 35 sýningar, Pókók - 25 sýningar, Kennslustundin og Stólarnir - 5 sýningar og Sex eða sjö - 11 sýningar. Sala aðgöngumiða nam að frádregnum söluskatti kr.1.oo5.319.- Leikskrá með auglýsingum kr. 85.65o.-. Styrkir á árinu voru kr. 2oo.ooo.-. Kaup leikara og starfsfólks kr. 572.9o1.5o. Í húsbyggingarsjóði voru kr. 581.o2o.19 og urðu tekjur hans á árinu kr, 8o.174.62.

Formaður þakkaði gjaldkera greinargóðan flutning á reikningum og sagði þá liggja frammi og óskaði eftir fyrirspurnum. Steindór Hjörleifsson bað um skýringu á tapi leiklistarskólans og varð Guðmundur Pálsson fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svörum og sagði orsakir vera þær að kennslugjaldi hefði verið stillt mjög í hóf, húsnæði væri dýrt og nemendum fækkað á árinu, en kostnaður staðið í stað.

Síðan voru reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða. Þá fór fram kosning endurskoðenda og voru þeir endurkjörnir: Guðjón Einarsson og N. Manscher & Co., löggiltir endurskoðendur.

Formaður tók því næst til máls og ræddi um leikhúsbygginguna og fyrirætlanir húsbyggingarnefndar og stjórnar. Kvaðst hafa skýrt á fyrri fundi frá viðræðum við borgarstjóra og skipulagsstjóra vegna óánægju margra félagsmanna með lóð þá er bærinn hefði ætlað félaginu í Háaleiti. Hefði nefndin bent á ákjósanlega lóð við tjörnina (Ísbjarnarlóðina) og borgarstjóri lofað að athuga það mál.

Í söfnunarmálum væri ekki vitað hvað gerzt hefði hefði hjá félagsmönnum milli funda, menn almennt bundnir við önnur störf eða ekki í bænum.

Síðan vék formaður að máli sem hann teldi mjög mikilvægt, en það væri breyting á grundvelli og skipulagi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félagsins . Taldi út í hött að koma upp leikhúsbyggingu nema breyta fyrirkomulagi hins innra leikhúss, Kvað nauðsynlegt að tryggja nokkrum leikurum föst laun, en slíkt væri ekki hægt nema stuðningur bæjarins kæmi til.

Síðan skýrði Helga Valtýsdóttir frá fyrirætlunum fjáröflunarnefndar; sagði að í undirbúningi væri kvöldskemmtun fyrir almenning og barnaskemmtun.

Brynjólfur Jóhannesson skýrði frá söfnun í húsbyggingarsjóð og hvatti menn til aukinna átaka. Urðu um söfnunarmálin fjörugar umræður.

Jón Sigurbjörnsson spurði hvort ekki væri mögulegt að fastráða leikara og kvað það verða meira aðkallandi með hverju ári. Beindi hann þeim tilmælum til næstu stjórnar að vinna að því máli.

Formaður kvað öllum ljós nauðsyn þess, en benti á að slíkt væri ekki hægt án stuðnings bæjarins.

Brynjólfur Jóhannesson sagði að komið hefði til tals að taka Iðnó á leigu fyrir ákveðna mánaðarleigu og bar fram eftirfarandi tillögu: Framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur haldinn 6/9. 1961, veitir stjórn félagsins heimild til að semja við hússtjórn Iðnós um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að L.R. taki að sér rekstur hússins gegn ákveðinni mánaðarleigu.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt einróma.

Næsti liður á dagskrá var kosning húsbyggingarnefndar og var hún endurkosin.

Formaður gat þess að félagið hefði nú rekið leiklistarskóla í tvö ár og væri áríðandi að halda honum áfram. Þyrfti að semja reglugerð um skólann svo honum yrði komið á fastari grundvöll.

Þóra Borg bar fram fyrirspurn til væntanlegs formanns um leikritaval vetrarins, en Brynjólfur kvað ekki unnt að skýra frá því að svo stöddu.

Frekari umræður urðu ekki og var fundi slitið um kl.11.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

183. fundur

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur 1962 var haldinn þriðjudaginn 15, maí í Iðnó. Formaður félagsins Brynjólfur Jóhannesson setti fundinn kl. 9 og bað fundarmenn í tilefni af 65 ára afmælinu að minnast stofnenda félagsins með því að rísa úr sætum. Síðan bað hann ritara að lesa fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða.

Formaður bar upp tvær inntökubeiðnir sem borizt höfðu frá 186. Gunnari R. Hansen og 187. Sveini Einarssyni og voru þær samþykktar. Einnig hafði borizt ein úrsögn úr félaginu, frá Emilíu Jónasdóttur og var hún tekin gild.

Formaður gaf síðan skýrslu um starfsemina á leikárinu. Sýnd voru alls 5 leikrit, þar af eitt frá fyrra ári. Var það gamanleikurinn Sex eða sjö sem sýndur var 14 sinnum á vetrinum, 25 sinnum alls. Gat hann þess að vegna brottfarar eins leikarans hefði orðið að fella niður sýningar um tíma. Þá hefði borizt tilboð um sýningar á söngleiknum Allra meina bót og hefði stjórnin tekið því boði. Alls urðu sýningar á því leikriti 9 talsins

Fyrsta nýja leikrit vetrarins, Kviksandur var síðan frumsýnt 2. nóvember og var leikið 40 sinnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður gat þess að allmiklir erfiðleikar hefðu verið með val leikrits til sýningar á 65 ára afmæli félagsins. Meðal annars hefðu 2 leikrit sem valin voru ekki legið á lausu og endanlega valið leikritið Hvað er sannleikur ? eftir Priestley. Þjóðleikhússtjóri lánaði Indriða Waage sem leikstjóra og færði formaður honum þakkir fyrir. Leikritið var sýnt 16 sinnum. Því næst hefði verið valíð leikritið Nautabanavalsinn eftir Anouilh en aðalleikarinn þ.ö.st. síðan brugðizt. Þá var Taugastríð tengdamömmu sett upp og var sýnt 16 sinnum.

Formaður vék síðan að erfiðleikum þeim sem steðjuðu að félagsstarfinu. Bæri fyrst að nefna skort á leikstjórum og í öðru lagi væri leikarahópurinn ekki nógu stór og öruggur. Breyta þyrfti starfsemi félagsins og færa það nær atvinnumannaleikhúsi, með því að ráða leikhússtjóra og fasta leikara.

Stjórnin hefði kannað möguleika á því að fá Iðnó til umráða, en það ekki fengizt. Einnig hefði bærinn athugað um kaup á húsinu, en kaupverðið reynzt of hátt. Stjórninni tókst að fá styrki hækkaða um kr. 50.000.oo frá bænum og annað eins frá ríkinu. Loforð hafði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fengizt fyrir afnámi skemmtanaskattsins af félaginu, en ekki komizt til framkvæmda á síðasta Alþingi. Skoraði formaður á næstu stjórn að fylgja því máli fast eftir.

Síðan gaf gjaldkeri bráðabirgðaskýrslu um afkomu félagsins á árinu. Gamanleikurinn Sex eða sjö hafði um það bil borgað sig. Allra meina bót skilaði 2.500.00 kr. í hagnað. Á Kviksandi varð um 23.000.00 kr. tap og einnig Hvað er sannleikur um 24,000.00 kr. tap. Taugastríð tengdamömmu skilaði 8.000.00 kr. í hagnað

Engar athugasemdir voru gerðar við skýrslu stjórnarinnar og var þá gengið til stjórnarkosninga. Brynjólfur Jóhannesson baðst undan endurkosningu og kvað það sjálfsagt að unga fólkið tæki við stjórnartaumum. Kosnir voru Helgi Skúlason formaður með 18 atkvæðum, 2 seðlar auðir, ritari Helga Valtýsdóttir með 17 atkvæðum 3 auðir og gjaldkeri Guðmundur Pálsson með 18 atkvæðum 2 auðir. Í varastjórn voru kosnir Steindór Hjörleifsson varaformaður, vararitari Karl Sigurðsson og varagjaldkeri Gissur Pálsson. Síðan bar formaður upp eftirfarandi tillögu: " Stjórn Leikfélags Reykjavíkur leggur til að kosin verði á aðalfundi í dag 5 manna nefnd til að endur-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skoða lög félagsins. Nefndin leggi fram nýtt fjölritað frumvarp til laga, er sendist félagsmönnum til athugunar hálfum mánuði fyrir framhaldsaðalfund á næsta hausti". Nokkrar umræður urðu og bar Þorsteinn Ö. Stephensen upp þessa breytingartillögu: Stjórninni verði falið ásamt tveim mönnum til viðbótar kosnum á aðalfundi -- o.s.frv. Steindór Hjörleifsson kvað frestinn til að skila uppkasti of stuttan, en formaður sagði það ekki ætlunina að nefndin skilaði fullkomnu uppkasti á framhaldsaðalfundi, væri þetta frekar meint sem nokkurt aðhald. Breytingartillaga Þorsteins var samþykkt og síðan öll tillagan. Óskað var eftir uppástungum um 2 menn í nefndina og voru kjörnir þeir Þorsteinn Ö. Stephensen og Steindór Hjörleifsson.

Formaður húsbyggingarnefndar Þorsteinn Ö. Stephensen flutti því næst skýrslu um störf nefndarinnar. Haldin var barnaskemmtun um haustið sem gaf góðar tekjur og varð félaginu til sóma. Einnig var áætluð skemmtun fyrir fullorðna en vegna margskonar erfiðleika varð ekki úr framkvæmdum. Sagðist Þorsteinn vonast til að úr þessari skemmtun gæti orðið í haust, og þá í sambandi við alls-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

herjar herferð í húsbyggingarmálinu. Staðarval leikhússins hafði verið rætt við Skipulagsstjóra og borgarstjóra og væri vænlegasti staður nú Klambratún. Formaður félagsins lagði fram tillöguuppdrátt sem garðyrkjustjóri bæjarins hafði gert og var á honum gert ráð fyrir leikhúsi sem einu byggingunni á svæðinu. Fjáröflunarnefndin var síðan endurkjörin, en kosningu húsbyggingarnefndar frestað til haustsins.

Formaður bar síðan upp tillögu um að laun stjórnar og framkvæmdarstjóra hækkuðu og urðu nokkrar umræður um það, síðan samþykkt að laun stjórnar skyldu vera kr.2oo.- á kvöldi í stað kr. loo.- áður,og laun framkvæmdarstjóra hækki úr kr.3.5oo.- í kr, 5.ooo.-. Gissur Pálsson tók til máls og lýsti yfir ánægju með staðsetningu leikhússins á Klambratúni og skoraði á stjórn og húsbyggingarnefnd að hrinda málinu í framkvæmd. Fundi var síðan frestað um kl. 11. Mættir voru 22 félagsmenn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

184. fundur Framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn mánudaginn 1. október, 1962 í Iðnó.

Varaformaður félagsins setti fundinn í fjarveru formanns og stýrði honum. Ritari las upp fundargerð síðasta ~~fundar~~ aðalfundar og var hún samþykkt. Þvínæst las gjaldkeri félagsins upp endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðasta leikár:

Sýningar urðu alls 95, sem skiptast þannig
Sex eða sjö, 14 sýningar
Kviksandur, 4o sýningar
Allra meina bót, 9 sýningar
Hvað er sannleikur, 16 sýningar
Taugastríð tengdamömmu 16 sýningar

| | |
|---|---|
| Sala aðgöngumiða nam alls: | 882.325.oo kr. |
| Leikskrá með auglýsingum: | 1o4,7o5.oo kr. |
| Styrkir á árinu | 3oo.ooo.oo kr. |
| Kaupleikara, stjórnar og annars starfsliðs: 479. | 479.868.oo kr. |
| I Húsbyggingarsjóði voru | 717.543.16 kr. |
| Tekjur sjóðsins á árinu: | 136.522.97 kr. |

Voru reikningarnir samþykktir samhljóða.

Kosning endurskoðenda fór fram og voru þeir endurkjörnir: Guðjón Einarsson og N. Manscher og Co., löggiltir endurskoðendur.

Varaformaður bar síðan upp eina inntökubeiðni frá Steinþóri Sigurðssyni og var hún samþykkt samhljóða.

Formaður hinnar nýkjörnu stjórnar, Helgi skúlason flutti því næst skýrslu um starf stjórnarinnar milli funda. Hafði stjórnin ákveðið í upphafi að reyna að knýja fram breytingu á salarkynnum leikhússins. Skýrði hann frá samtölum við formann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

husstjórnar Iðhós, Jón Axel Pétursson og borgarstjóra, Geir Hallgrímsson, sem báðir hefðu sýnt málinu mikinn skilning. Væri verkið þegar hafið undir stjórn húsameistara bæjarins, Einars Sveinssonar. Áætlaður kostnaður á þeim hluta verksins sem L.R. ber straum af, en það er hækkun salarins og stólar í sal, væri um kr. 300.000.00 og hefði borgarstjóri gefið loforð um ríflegan stuðning bæjarins. Breytingar á svölum ber hins vegar húsið sjalft og færði formaður öllum þeim sem unnið höfðu að þessu, þakkir. Leikárið mundi hefjast strax og breytingunum væri lokið með sýningum á "Hart í bak" eftir Jökul Jakobsson, síðan kæmi "Ástarhringurinn" eftir Schnitzler og loks "Eðlisfræðingarnir" eftir Dürrenmatt.

Laganefndin sem kosin var í vor hafði haft litinn tima til starfa og gæti því ekki skilað lokatillögum sinum fyrr en siðar i vetur og lagði formaður til að fundi yrðifrestað, þangað til síðar.

Fundarstjóri þakkaði skýrsluna. Borin var upp tillaga stjórnarinnar um að gera Harald Björnsson leikara að heiðursfélaga. Var hún síðan samþykkt.

Formaður Húsbyggingarnefndar Þ.Ö.St. gaf síðan skýrslu um störf nefndarinnar og fyrirætlanir og urðu nokkrar umræður um það mál. Síðan fór fram kosning Húsbyggingarnefndar og var hún endurkjörin.

Framkvæmdastjóri félagsins, Guðm. Pálsson skýrði frá því að samninganefnd Félags íslenzkra leikara óskaði eftir viðræðum við stjórn félagsins um launakjör leikara og leikstjóra og bar fram tillögu þess efnis að L.R. viðurkenndi F.I.L. sem samningsaðila. Allmiklar umræður urðu og var loks samþykkt tillaga frá Gissuri Pálssyni: Framhaldsaðalfundur L.R.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heimilar stjórn sinni að semja við F.I.L. og reyna að sjá til að launareglur F.I.L. verði ekki hærri en L.R. getur staðið undir. Takist samningar falla launareglur F.I.L. inn í launaskrá L.R.

Að þessu loknu var ákveðið að fresta fundi þar til síðar, er laganefndin hefði lagt fram tillögur sínar.

Fundi var frestað um kl. 11.

Á fundi voru 15 félagar.

Steindór Hjálmarsson
Vara form

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

185 fundur

Framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó laugardaginn 11. maí 1963 kl. 2 e.h. Formaður Helgi Skúlason setti fundinn og bað fundarmenn að rísa úr sætum og heiðra minningu Önnu Borg leikkonu.

Lesin var fundargerð síðasta aðalfundar. Var hún samþykkt.

Aðalverkefni fundarins var þvínæst tekið fyrir, en frumvarp laganefndar um breytingar á lögum félagsins. Hafði félagsmönnum verið sent frumvarpið til athugunar með fyrirvara. Formaður las greinar frumvarpsins lið fyrir lið og bað fundarmenn að gera þær athugasemdir er þeir teldu að fram þyrftu að koma.

Einar Pálsson kvaddi sér fyrstur hljóðs. Taldi hann breytingartillögur laganefndar varðandi myndun fimm manna leikhúsráðs geta orðið erfiðar í framkvæmd, og taldi heppilegra að 3ja manna stjórn réði áfram félaginu. Alltaf væri erfitt að ná mönnum saman til funda, og því færri sem þeir væru, því betra.

Brynjólfur Jóhannesson taldi þetta stjórnarfyrirkomulag í frumvarpinu allt of þungt í vöfum og flókið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leikfélagið væri í rauninni hlutafélag, og hæfði því þessvegna ekki leikhúsráð heldur félagsstjórn. Það yrði tafsamt fyrir væntanlegan leikhússtjóra að vera bundinn leikhúsráði og leiklistarráðunaut. Allir vissu hve erfitt hafi reynzt að mynda síðustu stjórn, en erfiðara yrði að mynda leikhúsráð. Brynjólfur sagði að það væri á allra vitorði að hann væri andvígur einræði. En í leikhúsi verður að vera einræði, sagði hann.

Næstur tók til máls Vilhelm Norðfjörð, og benti á að lagabreytingar hafi lengi verið á döfinni. Hafi þetta mál verið mikið rætt þegar árið 1950. Þessvegna hafði hann álitið að hér væri nú um róttækari breytingar að ræða. Hann kvaðst hlynntur einfaldara fyrirkomulagi en frumvarpið felur í sér, og óskaði eftir nánari skýringum laganefndar.

Formaður Helgi Skúlason þakkaði fundarmönnum ábendingar þeirra. Vildi hann taka það fram til skýringar á tilkomu leikhúsráðs, að þar sem Leikfélagi væri samábyrgðafélag, yrði samkvæmt lögum að kjósa félagsstjórn. En til þess að fá fulltrúa skipaðan af borgarstjóra sem aðila að félagsstjórninni, væri ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um aðra leið að ræða en myndun leikhúsráðs. Eftir tilkomu leikhúsráðs væri verkefni stjórnarinnar lítið annað en að halda og stjórna aðalfundum félagsins, auk þess sem stjórnin á sæti í ráðinu. Formaður sagði að laganefndin hefði mikið rætt um að hve miklu leyti þyrfti að takmarka völd leikhússtjóra, og verið sammála um að í fátæku félagi yrði fjárhagsábyrgðin að hvíla á herðum fleiri manna. Sagði hann að áður en breytingartillögur laganefndar hafi verið sendar félagsmönnum hafi þær verið bornar undir lögfræðing félagsins.

Einar Pálsson bar fram munnlega tillögu um að einn þeirra manna, sem skipuðu leikhúsráð, tæki að sér að lagfæra þýðingar á væntanlegum leikritum, því eins og allir vissu væri þess oft þörf, og færi oft gífurlega mikill tími leikstjóra í það starf.

Karl Sigurðsson sagði að tillögur laganefndar fælu í sér miklar og ákjósanlegar breytingar. Taldi hann að réttara hefði verið fyrir nefndina að hafa framsögumann, þó að formaður félagsstjórnar hefði gert málinu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

góð skil. Óskaði Karl nánari skýringa á því hvers vegna gert væri ráð fyrir að leikhússtjóri væri ráðinn til 3ja ára en leikhúsráð kosið til tveggja ára.

Gísli Halldórsson taldi að með tillögum laganefndar væri leikhússtjóra of þröngur stakkur sniðinn, og kvaðst sammála því að ráðgert stjórnarfyrirkomulag gæti reynzt of þungt í vöfum. En með tilkomu leikhússtjóra væri hvorki honum né félaginu greiði gerður með því að veita honum aðstöðu til að geta siglt félaginu fjárhagslega í strand upp á eigin spýtur, án ábyrgðar fleiri manna. Og eðlilegt taldi Gísli að óskað væri meira liðsinnis frá borgarstjórn. Gísli bar fram breytingartillögur við nokkrar greinar í frumvarpi laganefndar, og verður skýrt frá þeim í lok þessarar fundargerðar.

Guðmundur Pálsson svaraði spurningum Karls Sigurðssonar varðandi ráðningartíma leikhússtjóra og starfstíma leikhúsráðs. Hafi þetta verið gert með það í huga að aldrei yrðu allir aðilar nýir í starfi á sama tíma.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nokkrar umræður urðu um breytingartillögur Gísla Halldórssonar, og því næst tók Þorsteinn Ö. Stephensen til máls. Áleit hann ekki að það fyrirkomulag, sem gert væri ráð fyrir í tillögunum yrði eins þungt í vöfum og mönnum sýndist í fyrstu, og gerði grein fyrir hvað fyrir sér og fyrir nefndinni allri hefði vakað. Hér ætti að gera gagngerða breytingu á stjórn leikhússins, ráða leikhússtjóra sem að líkindum yrði maður sem ekki hefði áður fengið reynslu í leikhúsrekstri. Félagið yrði því að tryggja fulla hlutdeild og eftirlit af sinni hálfu. Til þess ætti leikhúsráð að vera. Um það að hafa bæði stjórn og leikhúsráð kvað hann nefndina hafa fengið þá vitneskju að samkvæmt landslögum bæri að hafa stjórn í félagi sem væri skipulagt eins og L.R., og væri stjórnin því að mestu formsatriði. Henni væri ekki ætlað annað starf en að stjórna félagsfundum, en raunveruleg stjórn félagsins væri leikhúsráðið. Að svo mikil störf hlæðust á formann stjórnar og leikhúsráðs að gera yrði úr því launað embætti eins og Karl Sigurðsson hefði talað um, áleit Þorsteinn ekki þurfa að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óttast. Tilganginn með því að fá tilnefndann einn fulltrúa frá Reykjavíkurborg í leikhúsráðið sagði hann að væri að efla tengsl félagsins við bæinn, sem væri nú þegar byrjaður, og mundi vonandi framvegis í vaxandi mæli sýna áhuga á starfi félagsins. Breytingartillögur Gísla Halldórssonar um að ætla öllu leikhúsráðinu að jafna ágreiningsmál milli leikhússtjórans og þeirra manna er ættu að ráða með honum leikritavali og hlutverkaskipun, áleit hann mjög óheppilegar, og yrði framkvæmd þessara starfa þá fyrst þung í vöfum, ef að þeim yrði farið.

Vilhelm Norðfjörð sagði að málin lægju nú öll ljósar fyrir. Þó gæti hann varla hugsað sér að nokkur maður vildi taka að sér starf, sem fæli í sér jafn mikla valdatakmörkun og starf tilvondandi leikhússtjóra. Vildi Vilhelm gera þá athugasemd við 13. grein, að ekki væri ástæða til að gera ráð fyrir ágreiningi milli leikhússtjóra og leikstjóra, og lagði til að sá kafli yrði felldur niður.

Helgi Skúlason svaraði því til að með þessum kafla væri ekki verið að gera ráð fyrir ágreiningi, heldur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri hann aðeins varúðarráðstöfun.

Þorsteinn Ö. Stephensen sagði að ekki væri ástæða til að ætla að ekki fengist maður í starf leikhússtjóra. Sá maður tæki við leikfélagi, en ekki fullmótuðu leikhúsi, og bæri að skilja mismuninn þar á. Ekki taldi Þorsteinn ástæðu til að einskorða verksvið eins fulltrúa í leikhúsráði við yfirfærslu á þýðingum, og þá sízt nú þar sem styrkur tilvonandi leikhússtjóra væri einmitt á bókmenntasviðinu.

Einar Pálsson gerði fyrirspurn um kostnaðaráætlun vegna breytinga á lögunum, og gaf framkvæmdastjóri félagsins, Guðmundur Pálsson lauslega áætlun yfir kostnað samfara ráðningu leikhússtjóra.

Steindór Hjörleifsson kvað satt vera að blint væri rennt í sjóinn varðandi heildarkostnað vegna lagabreytinganna. Ekki væri heldur vitað hvort væntanlegur leikhússtjóri sætti sig við lögin. Benti hann á að þótt fyrirhugaður leikhússtjóri yrði ráðinn, vantaði einnig mann með praktíska þekkingu og reynzlu í starfi. Væri því heppilegt að hafa framkvæmdastjóra á launum við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hlið leikhússtjórans.

Brynjólfur Jóhannesson bað um frest til endurskoðunar á tillögum laganefndarinnar, og sagði að þar væri margt, sem heyrði frekar undir reglugerð en lög.

Formaður svaraði því til að ekki væri unnt að fresta afgreiðslu málsins vegna aðalfundar sem haldinn yrði eftir viku, en verkefni hans er m.a. að kjósa leikhúsráð.

Gengið var til atkvæða um tillögur laganefndar um breytingar á lögum félagsins. Voru fyrst bornar upp þær greinar, sem ekki höfðu komið fram breytingartillögur við, og þær allar samþykktar með handauppréttingu. Því næst voru bornar upp breytingartillögur Gísla Halldórssonar í réttri röð.

1) Fyrsta breytingartillagan er við 10. grein. Aftan við hana bætist:"Stjórnin ákveður laun leikhússtjóra". Breytingartillaga þessi var samþykkt með 17 atkvæðum gegn 4.

2) Breytingartillaga við 11. grein. Greinin hljóði svo: Stjórn félagsins myndar,ásamt leikhússtjóra og einum fulltrúa tilnefndum af borgarstjóra,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leikhúsráð -, og skal formaður félagsstjórnar jafnframt vera formaður leikhússráðsins. Þessi breytingartillaga var samþykkt með 19 atkvæðum gegn 2. Einn seðill var auður.

3) Samkvæmt breytingartillögu við 10. grein, sem samþykkt hefur verið, fellur af sjálfu sér niður úr 12. grein setningin: Leikhúsráð ákveður laun leikhússtjóra.

4) Breytingartillaga við 13. grein var dregin til baka að öðru leyti en því að orðalag breytist. Í stað orðanna " og leikhússtjóri segir fyrir um í samráði við leikstjóra hvernig hlutverkum skuli skift milli leikara", í miðri greininni kemur:"Leikstjóri segir fyrir um í samráði við leikhússtjóra hvernig hlutverkum skuli skift milli leikara." Var orðalagsbreyting þessi samþykkt með samhljóða atkvæðum.

5) Síðasta breytingartillagan var við 14. grein. Í stað orðanna: " ef félagið hefur ekki ætlað viðkomandi félagsmanni nægilegt verkefni á sama tíma" í lok fyrstu málsgreinar komi: " ef það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

brýtur ekki í bága við þau störf sem viðkomandi félagsmaður hefur þegar tekið að sér hjá félaginu". Breytingartillaga þessi var samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.

Nokkuð var rætt um það hvort síðari málsgrein 14. greinar laganna skyldi eingöngu ná til þeirra sem eru á A-samningi hjá Þjóðleikhúsinu, eða einnig til hinna, sem eru á B-samningi. Var samþykkt að greinin skyldi ná til A og B samningsmanna.

Ekki voru fleiri breytingar gerðar á tillögum laganefndar. Fundinn sátu þegar flest var 29 félagar.

Formaður þakkaði fundarmönnum komuna og hvatti þá til að fjölmenna á aðalfund félagsins, sem haldinn yrði laugardaginn 18. maí. Þar sem ekki lágu fleiri mál fyrir þessum framhaldsaðalfundi, sagði formaður fundinum slitið

ritari

formaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

186. fundur

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó, laugardaginn 18. maí 1963 kl. 14. Helztu verkefni fundarins voru kjör fyrsta leikhússtjóra félagsins og kjör þriggja manna stjórnar, sem jafnframt ætti sæti í leikhúsráði samkvæmt samþykktum síðasta framhalds-aðalfundar.

Helgi Skúlason formaður félagsins bauð fundarmenn velkomna, en síðan var lesin fundargerð síðast framhalds-aðalfundar, sem var mjög mikilvægur vegna gagngerðra breytinga á lögum félagsins. Var fundargerðin samþykkt samhljóða.

Þá gaf Guðmundur Pálsson, gjaldkeri félagsins, lauslegt yfirlit yfir rekstur félagsins á síðasta leikári, og áætlaða afkomu þess.

Þorsteinn Ö. Stephensen bað um orðið til að gera grein fyrir breytingartillögu við 11. grein laganna, sem hann hafði afhent formanni. Kvaðst hann af knýjandi ástæðum hafa þurft að fara af síðasta fundi á meðan verið var að ræða frumvarp laganefndar, en

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frétt seinna að þar hefði komið fram og verið samþykktar breytingartillögur, sem raskað hefðu algerlega því"prinsipi", er fyrir sér hefði vakað, og hann haldið að vakað hefði fyrir laganefndinni allri, þegar hún orðaði tillögur sínar um tilhögun á stjórn félagsins. Það "prinsip" væri í því fólgið að ráðinn yrði leikhússtjóri, sem hefði með höndum daglega stjórn á rekstri leikhússins ásamt framkvæmdastjóra, sem hann væntanlega réði sér. En vegna þess hvernig Leikfélagið væri skipulagt hefði laganefnd talið sjálfsagt að kosið yrði leikhúsráð, sem gæti af félagsins hálfu fylgzt með rekstrinum, og þessir tveir aðilar ynnu saman. En leikhússtjóri og framkvæmdastjóri ættu ekki sæti í leikhúsráði.

Ýmsir tóku til máls og féllust á sjónarmið Þorsteins. Taldi Brynjólfur Jóhannesson ekki rétt að framkvæmdastjóri ætti sæti í því ráði, sem hann svo þyrfti að leita til og fá samþykki hjá um ýmis mál varðandi hag félagsins.

Guðmundur Pálsson kvaðst samþykkur því að fram-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvæmdastjóri væri ekki í leikhúsráði, en hinsvegar væri tillaga Þorsteins ekki löglega fram komin, þar sem hún hefði ekki borizt stjórninni með nægum fyrirvara. Karl Sigurðsson lýsti sig samþykkan tillögu Þorsteins, en þar sem ekki var getið um lagabreytingar í fundarboði, væri ekki rétt gagnvart fjarstöddum félagsmönnum að tillagan yrði rædd á þessum fundi. Heppilegra væri að ræða hana á framhalds-aðalfundi.

Þorsteinn Ö. Stephensen kvaðst álíta að tillagan væri aðeins framhald af starfi hans í laganefnd. Í þeirri skriflegu tillögu, sem hann hefði lagt fram, væri aðeins rætt um setu framkvæmdastjórans í leikhúsráði. Ef fundurinn féllist á að afgreiða þá tillögu, sagðist Þorsteinn einnig vilja leggja fram skriflega tillögu um að leikhússtjóri ætti ekki sæti í ráðinu.

Gissur Pálsson sagði að þar sem félagslög væru svo stutt sem þessi, gæti undir vissum kringumstæðum verið erfitt að binda sig við það eitt, sem í þeim stæði. Stundum þyrfti að hugleiða hvað tíðkaðist í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hliðstæðum lögum annarra félaga. Þar sem tillaga Þorsteins var ekki komin fram með nægum fyrirvara lagði Gissur til að hún yrði engu að síður borin upp, ef til þess fengist samþykki allra fundarmanna. Var þessi málamiðlunartillaga Gissurs Pálssonar tekin til aðkvæðagreiðslu. Kom þá í ljós að ekki vildu allir fundarmenn samþykkja að tillaga Þorsteins yrði lögð fram til atkvæðagreiðslu, og málið því tekið út af dagskrá.

Næst lá fyrir fundinum kjör leikhússtjóra. Formaður Helgi Skúlason, bar fram þá tillögu félagsstjórnarinnar, sem flestum fundarmönnum var fyrirfram kunn, að Sveinn Einarsson yrði kjörinn. Var það einróma samþykkt með lófataki.

Þá var komið að stjórnarkjöri. Formaður var endurkjörinn Helgi Skúlason. Guðmundur Pálsson var kjörinn meðstjórnandi, og Steindór Hjörleifsson var kjörinn ritari. Í varastjórn voru kosin: Helga Valtýsdóttir varaformaður, Gissur Pálsson meðstjórnandi og Karl Sigurðsson vararitari.

Fundinn sátu 32 félagsmenn þegar flest var.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar sem ekki lágu fleiri mál fyrir aðalfundi, sagði formaður fundinum slitið.

________________________
ritari

________________________
formaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

187. fundur

Framhaldsaðalfundur L.R. var haldinn 16. desember 1963.

Formaður félagsins Helgi Skúlason setti fundinn og bað mætta félagsmenn afsökunar á hve dregizt hefði að boða til þessa fundar, en töfin stafaði af breytingum á rekstri félagsins.

Samþykkt var starfsheiti þess stjórnarmeðlims er kemur í stað gjaldkera, - meðstjórnandi- .

Guðmundur Pálsson las reikninga félagsins sem gáfu til kynna góða afkomu (semþykktir).

Brynjólfur Jóhannesson lagði fram nokkrar fyrirspurnir; Hvort búið væri að innheimta happdrætti. Hvort búið væri að sækja um styrk til Alþingis. Hvernig væri með veðsetningu í Útvegsbankanum, hvort væri þar skuld. Guðmundur Pálsson svaraði þeirri fyrirspurn að sparisjóðsbók væri veðsett og hún orðin að ársbók. Að veði fyrir yfirdrætti 44. þúsund króna bók. Söfnun frá Brynjólfi sjálfum en enginn annar afhenti. Brynjólfur kvað þetta lélega frammistöðu félagsmanna, afhenti síðan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sparibauk frá Bolvíking, Benedikt Benediktssyni með smámynt. Uppástunga um tilgátu hvað mikið væri í bauknum. "Vitum ekki aura okkar tal" sagði Guðmundur Pálsson um leið og hann tók við myntinni í fjarveru Húsbyggingarnefndar.

Tillögur um kosningu endurskoðenda. Samþykktir þeir sömu Manscher & Co. og Guðjón Einarsson.

Sveinn Einarsson þakkaði það traust sem sér hefði verið sýnt með því að kjósa hann leikhússtjóra félagsins. Hugur hans hefði jafnan snúist um leiklist og hann áliti það mikils virði ef hann reyndist þess trausts verðugur. "Ég þarf traust ykkar, því ég er starfsmaður ykkar" sagði hinn nýi leikhússtjóri. Um starfsemi vetrarins fór hann nokkrum orðum. Sýnt hefði verið"Hart í bak". Aðsókn meiri en dæmi eru til. Auk þess hefði Sumarleikhúsið boðizt til að sýna "Ærsladrauginn" til ágóða fyrir Húsbyggingarsjóð og voru 7 sýningar. Fyrsta nýja leikritið yrði "Fangarnir í Altona" eftir Sartre, eitthvert merkasta leikrit okkar tíma og vonandi yrði menningarauki að því að fá það hér á svið. Í öðru lagi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kæmi svo gamanleikur í janúar "Sunnudagur í New York" eftir Norman Krasna. "Við vitum öll"sagði hann, " að á árinu 1964 eru 4oo ár liðin frá fæðingu Shakespeare". Teldi því stjórnin ánægjulegt að sýna leikrit eftir hann í tilefni þessa. Tomas Mac Anna hefði fallizt á að taka að sér stjórn þess, en langt væri síðan erlendur leikstjóri hefði starfað hjá félaginu eða ekki síðan "Hamlet" var settur hér á svið,- nú yrði það "Rómeó og Júlía" og yrði vonandi til sóma. Á stefnuskrá félagsins væri svo einnig að koma með íslenzk leikrit til uppörvunar íslenzkum rithöfundum. Til tals hefði komið að hefja umræðufundi um leikgagnrúni með fyrirmynd af slíkum fundi úr brezka útvarpinu.

Rætt hefði verið um bókmenntalegan kabarett, þá ef til vill til ágóða fyrir Húsbyggingarsjóð, um barnaleikrit í Tjarnabæ, en ekki hefði verið gengið frá því endanlega.

Undirbúningur undir leikáætlun næsta árs yrði komin langt á veg fyrir næsta aðalfund.

Leikhússtjóri svaraði fyrirspurn Brynjólfs Jóhannessonar um styrkveitingu frá Alþingi. Sótt hefði verið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um allverulega hækkun 150 þúsund í rekstrarkostnað. Sótt um styrk til Menntamálaráðs vegna komu írska leiksjórans Mac Anna. Gat hann þess einnig að styrkur frá ríkinu hefði ekki verið hækkaður vegna niðurfellingar á skemmtanaskatti.

Stefna bæri í átt atvinnuleikhúss. Fyrsti vottur að kvöldkaup var hækkað. Breytingin yrði vonandi með haustinu að fastráðinn yrði hópur sem hægt væri að leita til. Hann kvað borgarstjóra hafa skipað mann í leikhúsráð, Baldvin Tryggvason. Hefði Leikfélagið verið heppið í því vali. Að lokum bar hann fundarmenn ræða þessi mál, sem væru mál okkar allra. Brynjólfur Jóhannesson þakkaði skýrslu leikhússtjóra og sæist á henni að mikill undirbúningur væri á döfinni þó ekki hefði enn gerzt mikið nýtt á árinu. Hann bað um að ekki yrði hreyft við máli Húsbyggingarnefndar þar sem formaður væri ekki viðstaddur.

Formaðurinn bað um atkvæðagreiðslu þar sem ætti að liggja fyrir fundi næst að kjósa Húsbyggingarnefnd.

Jónas Jónasson tók til máls og sagði að ný vakning

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yrði að hefjast. Deyfðin skapaðist af því að menn vissu ekki hvar leikhúsið ætti að standa.

Gissur Pálsson sagði að ekki væri hægt að láta svo mikilvægt mál liggja þó nefndin hefði ekki starfað. Samþykkja yrði að leggja hana niður eða hringja í for- þ.ö.54. manninn. Formaður nefndar sagði í síma við formann félagsins að tekin yrði ákvörðun í janúar hvort formlega yrði afhent lóð til félagsins.

Fundarmenn ræddu málin fram og aftur og tillögur komu fram um að hagkvæmt væri að fela leikhúsráði umsjón húsbyggingamála, því ef ekki væri hægt að endurkjósa nefndina gæti hún ekki starfað sem slík. Helga Valtýsdóttir spurði hvort ekki mætti fresta þessum umræðum þar sem formaður nefndarinnar væri ekki viðstaddur og gæti því ekki svarað fyrirspurnum.

Brynjólfur Jóhannesson sagðist sammála því, en að ekki væri um annað að ræða. Helga Bachmann óskaði þess að ef tillagan yrði borin upp að kæmi þá fram í henni að þessi breyting á fyrirkomulagi væri gerð af nauðsyn, því annars leggðist nefndin niður.

Steindór Hjörleifsson sagði nefndina ef til vill

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki hafa gert mikið, en höfum við gert nokkuð sjálf ? Tillaga sín að leikhúsráð starfi með nefndinni næsta ár.

Gissur Pálsson sagðist ekki vilja kasta rýrð á neinn einn, og formaður nefndarinnar hefði sjálfsagt gert margt einn en ekki í samstarfi við nefndina. Eftir nokkrar umræður kvað Sveinn Einarsson sér hljóðs. Sagðist ekki geta tekið afstöðu þar sem málin væru sér ekki nógu kunnug, en legði til að boðað yrði til annars fundar um húsbyggingarmál síðar. Tillögur voru þá teknar til baka og samþykkt einróma að fresta umræðum. Formaður Helgi Skúlason sleit fundi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

188. fundur

Aðalfundur Leikfélag Reykjavíkur var haldinn í Iðnó, fimmtudaginn 25. júní 1964 kl. 9 e.h. Aðeins 9 félagsmenn voru mættir á fundinum. Formaður L.R. Helgi Skúlason settu fundinn, - kvað löglega til hans boðað og teldist hann því löglegur þó fámennur væri. Formaður bað ritara lesa fundargerð síðasta aðalfundar og var hún síðan samþykkt. Helga Valtýsdóttir varaformaður félagsins nýtur eigi lengur félagsréttinda, þar eð hún er orðin fastráðin leikkona við Þjóðleikhúsið. Að tillögu leikhússtjóra var Helgu Valtýsdóttur þökkuð frábær störf í þágu L.R.

Leikhússtjóri flutti stutta skýrslu um störf leikársins. Alls urðu sýningar 158 á leikárinu og er það langhæsti sýningafjöldi hjá L.R. á einu leikári. 150 sýningar voru í leikhúsi L.R. í Iðnó, en 8 sýningar utan þess, 3 sýningar á "Hart í bak" á Akranesi og 5 sýningar á sama leikriti í Þórshöfn í Færeyjum. Sýnd voru 4 ný leikrit á árinu og 1 frá fyrra ári. Auk þess urðu 7 sýningar á "Ærsladraugnum" eftir Noel Coward, en það leikrit sýndi Sumarleikhúsið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

víða um landið. Var það sýnt á vegum L.R. til ágóða fyrir húsbyggingasjóð. Sýningar leikársins skiftust þannig: Hart í bak - 65 sýningar

Fangarnir í Altona - 29 sýningar

Sunnudagur í New York - 29 sýningar

Rómeó og Júlía - 26 sýningar

Ærsladraugurinn - 7 sýningar

Brunnir Kolskógar - 2 sýningar.

Rómeó og Júlía var sýnt í tilefni 4oo ára afmæli Shakespeare og Brunnir Kolskógar, nýtt íslenzkt leikrit eftir Einar Pálsson sýnt í tilefni Listahátíðarinnar. Það verk yrði sýnt áfram næsta haust, einnig áformað að Hartí bak og Sunnudagur í New York verði leikin áfram á næsta leikári.

Leikhússtjóri gat einnig umræðufundar um leikgagnrýni er haldin var á vegum félagsins á vetrinum. Breytingar voru gerðar á fatageymslu og aðgöngumiðasölu og er öll aðstaða þar stórbætt. Einnig gerð ný skrifstofa, sem leigð er félaginu. Leikhússtjóri skýrði frá starfi leiklistarskólans og taldi þá við-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leitni vera á réttri leið. Leikfélag Reykjavíkur fór í leikför til útlanda í annað sinn í sinni tilveru. Árið 1948 var farið með Gullna Hliðið til Finnlands. Nú var farið með Hart í bak til Færeyja. Sýningar í Þórshöfn urðu fimm og móttökur allar frábærar. Vonandi verður þessi för upphaf leiklistarsamstarfs færeyinga og íslendinga. Leikhússtjóri kvaðst geta og þess með mikilli ánægju að einn af leikurum félagsins, Helgi Skúlason, hefði hlotið Silfurlampann fyrir leik sinn í leikriti L.R., Fangarnir í Altona. Hafnar eru æfingar á leikriti Tsjekhovs Vanja frænda til sýningar á næsta leikári. Að lokum þakkaði leikhússtjóri félagsmönnum starfið á leikárinu. Allir hafa lagt sig fram og mikið hafi verið starfað.

Gissur Pálsson þakkaði leikhússtjóra og leikhúsráði störf þeirra á leikárinu og sagði árangurinn sannarlega glæsilegan. Óskaði hann þess að sem fyrst yrði byrjað á komandi hausti og haldið áfram af fullum krafti á sömu braut.

Samþykkt var að fresta kosningu varaformanns í stað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Helgu Valtýsdóttur til framhaldsaðalfundar. Í því tilfelli að formaður forfallaðist fram að þeim fundi er það ákveðinn vilji fundarins að ritari gegni störfum formanns.

Nokkrar umræður urðu um húsbyggingarmálið. Enginn meðlimur húsbyggingarnefndar var mættur á fundinum, þó umræður um húsbyggingarmál hafi verið boðaðar í fundarboði. Einnig upplýstist á fundinum að einn af nefndarmönnum, Brynjólfur Jóhannesson hafi sagt af sér störfum í nefnd þessari.

Karl Sigurðsson bar fram svohljóðandi tillögu: Aðalfundur L.R. 25/6. 1964, ályktar að þar sem húsbyggingarnefnd félagsins er óstarfhæf, taki leikhúsráð málið að sér og geri tillögur um áframhaldandi framvindu málsins á næsta aðalfundi. Tillaga þessi rædd og að lokum samþykkt breytingatillaga frá Gissuri Pálssyni þannig: Aðalfundur L.R. 25/6. 1964 ályktar að þar sem húsbyggingarnefnd félagsins er óstarfhæf, felur fundurinn leikhúsráði að taka málið að sér. (samþykkt með 7 atkvæðum, 1 atkvæði á móti).

Stjórninni hafði borizt tillaga til lagabreytinga frá Gissuri Pálssyni svohljóðandi : Legg til að í 2o gr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

komi, á eftir orðunum "má þó aldrei fara fram úr sex". Tillaga um heiðursfélagskjör skal hafa borizt stjórn félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund, en stjórnin ein hefur rétt til að leggja slíka tillögu fyrir félagsfund. Gerði Gissur grein fyrir þessari tillögu sinni. Sagðist hann vera fyllilega samþykkur kjöri þeirra heiðursfélaga sem nú væru í félaginu, en það gæti valdið vandræðum ef félagsmenn gætu á aðalfundi tilnefnt félaga til heiðursfélagakjörs.

Tillaga þessi var rædd og síðan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki fyrir tekið og frestaði formaður fundi til næsta aðalfundar.

Steindór Hjörleifsson
ritari

______________________
formaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

189. fundur

Framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó sunnudaginn 13. des. 1964.
Formaður L.R. Helgi Skúlason setti fundinn og minntist Gunnars Róbertsonar Hansen, leikstjóra, er nýlátinn var og bað fundarmenn heiðra minningu þessa merka leikhúsmanns og félaga, með því að rísa úr sætum.
Fundargerð síðasta fundar var þvínæst lesin og samþykkt. Inntökubeiðnir höfðu borist frá leikurunum 188. Borgari Garðarssyni, 189. Erlingi Gíslasyni og 190. Pétri Einarssyni og voru þær allar samþykktar samhljóða.
Þá fór fram kjör varaformanns, en því hafði verið frestað á síðasta fundi. Regina Þórðardóttir var kjörin með öllum greiddum atkvæðum.
Framkvæmdastjóri félagsins, Guðm. Pálsson las þvínæst upp endurskoðaða reikninga félagsins. Nettóhagnaður var kr. 1o7.575,71. Seldir aðgöngumiðar kr: 2.353.45o,- ~~Sýningar skv. rekstrarreikningi urðu 143 og~~ brúttótekjur af hverri sýn. kr. 16.457,- Til samanburðar má geta þess að á leikárinu 1962/63 voru meðaltekjur ásýningu kr. 16.623.3o ~~Auk þessara sýninga voru 3 sýn. á Akranesi og 5 sýn. í Þórshöfn í Færeyjum (Hart í Bak) og 7 sýningar á Ærsladraugnum, til ágóða fyrir Húsbyggingarsjóð~~. Sýningar ~~því~~ urðu alls á leikárinu 158. Til frekari upplýsinga vísast til endurskoðaðs rekstrar og efnahagsreiknings, ásamt endurskoðunarskýrslu frá löggiltum endurskoðanda, N. Manscher & Co. Að lokinni skýrzlu framkvæmdarstjóra voru reikningarnir samþykktir samhljóða. Endurskoðendur fyrir næsta leikár voru endurkjörnir, Guðjón Einarsson og N. Manscher & Co. Þá var tekin fyrir tillaga frá stjórn L. R. svohljóðandi:"Framhaldsaðalfundur L.R. 13/12. 1964 samþykkir að veita Leikhúsráði heimild til að leggja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kr. 10.000,- í Minningarsjóð Frú Stefaníu Guðmundsdóttur leikkonu. Einnig að leggja kr. 10.000,- í Utanfararsjóð L.R. og felur leikhússtjóra að semja reglugerð fyrir hann fyrir næsta fund". Brynjólfur Jóhannesson tók til máls og fagnaði þessari tillögu og tóku fleiri fundarmenn í sama streng. Tillagan var síðan samþ. samhljóða. Leikhússtjóri skýrði frá því að hann, ásamt Baldvin Tryggvasyni og Ragnari í Smára hafi skoðað margar teikningar af leikhúsum og og átt marga fundi saman til að gera sér grein fyrir væntanlegri leikhúsbyggingu. Einnig skýrði hann lítillega framkomnar hugmyndir um fjáröflun. Einnig ræddi hann um stað þann er til greina hefur komið að byggja leikhúsið á... hið nýja "Miðbæjarsvæði" við Miklubraut og Kringlumýrarbr. Til máls um húsbyggingarmálin tóku m.a. Jóhann Pálsson, Jónas Jónasson og Gissur Pálsson. Lýsti Gissur yfir mikilli ánægju sinni yfir þeirri hugmynd að leikhúsið yrði staðsett á þessu svæði. Óskaði hann þess að fundurinn lýsti yfir samþykki sínu og ánægju yfir þessu staðarvali. Var það gert einróma. Fleira gerðist ekki og sleit formaður fundi. Á fundinum voru 14 félagar.

Steindór Hjörleifsson
ritari

Helgi Skúlason
formaður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

190. fundur

Aðalfundur L. R. var haldinn <u>laugardaginn 26. júní 1965.</u>
Formaður L.R. Helgi Skúlason, setti fundinn og minntist eins félaga er látist hafði á árinu, <u>Ingibjargar Steinsdóttur</u> leikkonu. Bað hann fundarmenn minnast hinnar látnu með því að rísa úr sætum og var svo gert. Þvínæst las ritari fundargerð síðasta aðalfundar og var hún síðan samþykkt samhljóða.
Bornar voru fram tvær inntökubeiðnir, frá 191 <u>Arnari Jónssyni</u> og 192 <u>Bjarna Steingrímssyni</u> og voru þær báðar samþykktar samhljóða.
Ein úrsögn úr félaginu hafði og borist, frá Þorsteini Ö. Stephensen.
~~[illegible]~~.

Leikhússtjórinn, Sveinn Einarsson, flutti skýrzlu sína. Hann sagði síðasta leikár sannkallað góðæri, starfsemin hefði aukist mjög, aðsókn mikil að sýningum félagsins og starfsemin orðið fjölþættari. Sagði hann þetta gleðilega þróun og í rétta átt. Á leikárinu voru sýnd 9 leikrit, þar af 3 leikrit sýnd áfram frá fyrra ári. Af þessum 9 leikritum voru 3 íslenzk en 6 erlend. Sýningar skiptust þannig. "Sunnudagur í New York" 23 sýn. "Brunnir Kolskógar" (ísl. leikrit, Höf. Einar Pálsson) 8 sýn. "Hart í Bak" (ísl. leikrit höf. Jökull Jakobsson) 1o sýn. (Sýn. alls á því leikriti 2o5) "Vanja frændi" 25 sýn. "Saga úr dýragarðinum" 18 sýn. "Ævintýri á gönguför" 8o sýn. "Almansor Konungsson" (ísl. barnaleikrit, höf. Ólöf Árnadóttir) sýnt í Tjarnarbæ, 25 sýn. "Þjófar, lík og falar konur" 27 sýn. "Sú gamla kemur í heimsókn" 1o sýningar. Sýningar urðu alls 218 og er það hæsta sýningartala í sögu L.R. á einu leikári. Tveir ísl. leikstjórar störfuðu í fyrsta sinn hjá L.R. Erlingur Gíslason og Ragnhildur Steingrímsdóttir. Einn erl. leikstj. starfaði og á árinu, Christian Lund frá Stokkhólmi. Á þessu leikári voru í fyrsta sinn starfandi fastráðnir leikarar, 7 að tölu. Einnig var ráðinn umsjónarmaður Tjarnarbæjar Borgar Garðarsson. Í sýningum leikársins tóku alls þátt 59 leikarar og aukaleikarar (statistar) eða nánar tiltekið 15 leikkonur, 19 leikarar, 19 nemendur leiklistar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skólans og 6 aukaleikarar. Í leiklistarskólanum voru 10 nemendur í framhaldsdeild og 17 byrjendur. 7 nem. luku prófi í vor.
Leikhússtjóri kvað von til að fjölga mætti fastráðnum leikurum á næsta leikári. Á næsta leikári yrði strax teknar upp sýn. á Ævintýrinu og "Sú gamla kemur í heimsókn" og að líkindum á "Þjófar,lík og falar konur" á seinni hluta næsta leikárs. Æfingar væru þegar hafnar á nýju leikriti eftir Jökul Jakobsson. Leikhússtjóri sagði að nú væri beðið eftir skipulagi á svæði því er leikhúsi L.R. væri ætlað að standa á og er það væri fengið yrði boðað til samkeppni um teikningu að leikhúsinu. Fyrir næsta leikár yrði reynt að betrumbæta aðstöðu á leiksviði og athugað ýms teknisk atriði því tilheyrandi. Að lokum þakkaði leikhússtjóri félagsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf á vetrinum og einlægan áhuga þeirra er starfað hefðu við leikhúsið.
Gissur Pálsson kvaðst vilja þakka leikhússtjóra og leikhúsráði ágætt starf á leikárinu. Sagði hann leikritaval hafa heppnast vel að sínum dómi. Þó leikhússtjórinn okkar sé ungur að árum hefur hann þegar sýnt að hann er fullkomlega fær í starfi, sagði Gissur. Hann kvað líka brýna nauðsyn að fá aðstöðu til að smíða og mála leiktjöld og bæta skipulag á ýmsum atriðum eða störfum á leiksviðinu.
Gengið var til stjórnarkosningar. Helgi Skúlason baðst eindregið undan endurkjöri í formannssæti. Stungið var upp á Steindóri Hjörleifssyni og var hann kosinn með 19 atkv. auður seðill var 1. Ritari var kosinn Steinþór Sigurðsson með 18 atkvæðum.. auðir seðlar 2. Meðstjórnandi var kjörinn Guðmundur Pálsson með 18 atkv. auðir 2. Varaform. kjörin Regína Þórðardóttir með 18 atkv. auðir 2. Vararitari kjörinn Karl Sigurðsson með 17 atkv. Gissur Pálsson 1 atkv. Auður seðlar 2. ~~xxxxxxxx~~ Varameðstjórnandi kjörinn Gissur Pálsson með 16 atkv. Karl Sig. 1 atkv. auðir seðlar 3.
Borgar Garðarson gerði fyrirspurn um hver yrðu launakjör leikara er ekki væru fastráðnir við leikhúsið. Leikhússtj. sagði nefnd F.Í.L. sem kjörin var til samn. um mál þetta við L.R. hafa átt fundi með leikhúsráði, en þeim viðræðum væri hvergi nærri lokið. Leikhússtjóri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sagði einnig frá því að í ráðum væri að hafa aðstoðarleikstjóra starfandi með leikstjórum á næsta leikári.
Frestað var kjöri endurskoðenda til framhaldsaðalfundar og þar sem umræður urðu ekki meiri sagði formaður aðalfundi frestað til framhaldsaðalfundar. Á fundi voru 2o félagsmenn.

xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx
Ritari.

xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx
formaður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

191. fundur

Framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó, laugardaginn 28. nóv. 1965 xxxxxx kl. 5 e.h.

Formaður L.R. Helgi Skúlason setti fundinn og minntist

Karls Sigurðssonar leikara, er xxxxxxx andaðist í leikför

L.R í júlímánuði. Harmaði formaður mjög missi hins ágæta félaga og leikara og bað fundarmenn rísa úr sætum í minningu hans.

Ritari las fundargerð fyrri hluta aðalfundar og var hún því næst samþykkt samhljóða. Tveir ungir leikarar sóttu um inngöngu í félagið,- 193 Sævar Helgason og 194 Björg Davíðsdóttir og xxxxxxxxxxxx var innganga þeirra samþykkt samhljóða.

Þá las framkvæmdastjóri xxxxxxx upp endurskoðaða efnahags og rekstrar-reikninga. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi voru kr. 1.360.399,50 Aðgöngumiðasala í Iðnó og Tjarnarbæ nam kr. 3.831.267.00 Hagnaður af leikskrá reyndist kr. 316.923,30 Greiddir styrkir á reikningsárinu (1.sept.xxx 1964 til 31. xxx ágúst 1965) krónur 676.000,-

Afskrifaðxx af eignum kr. 101.290,37

Rekstrartap á xxxx árinu reyndist krónur 511.942.03 Niðurstöðutala á Efnahagsreikningi voru kr. 1.478.661,92 Eignir húsbyggingarsjóðs voru kr. 1.006.063.42 Í utanfararsjóði kr. 29.778.26 (Ýtarlegri upplýsingar um reikninga leikársins er að finna í Endurskoðunarskýrzlu N.Manscher & Co.) Reikningarnir voru bornir upp og samþykktir að skýrzlu framkvæmdastjóra lokinni.

Kosinn var vararitari í stað Karls heitins Sigurðssonar. Kosin var Helga Bachmann með 14 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurskoðendur voru ~~xjöxnix~~ endurkjörnir N.Manscher & Co,- löggiltir endurskoðendur og Guðjón Einarsson.

Kosin var þvínæst skemmtinefnd til að annast undirbúning og framkvæmd á skemmtun til fjáröflunar fyrir húsbyggingarsjóð. Kosnir voru í nefndina eftirtaldir félagsmenn: Aróra Halldórsdóttir, Bjarni Steingrímsson Jóhann Pálsson, Arnar Jónsson, Borgar Garðarsson og Guðrún Ásmundsdóttir.

Leikhússtjóri upplýsti að fyrirhugað væri að sýna Fjalla-Eyvind á ~~xxxxx~~ næsta leikári.

Fráfarandi formaður Helgi Skúlason bauð Steindór Hjörl. velkominn í formannssætið og þakkaði samstarf liðinna ára í stjórn L.R. Steindór þakkaði Helga öll störf hans í þágu L.R. og kvaðst vona að hann kæmi fljótlega að stjórnarstörfum aftur. Síðan sleit hann þessum aðalfundi. Á fundi voru 14 félagar.

Steindór Hjörleifsson
ritari.

-------------------------
formaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 192. fundur

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó 18. júlí 1966 kl. 8. e.h. Mættir voru 19 félagar.

Formaður L,R, Steindór Hjörleifsson setti fundinn og minntist Kristínar Thorberg er unnið hafði við leikhúsið á liðnum árum, ~~en~~ om andaðist á árinu, Bað hann fundarmenn rísa úr sætum í minningu hennar.

Ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Þrír leikarar sóttu um inngöngu í félagið, Emelía (afturk. úrsögn) Jónasdóttir, Inga Þórðardóttir (195) og Sigmundur Örn Arngrímsson (196) og voru þau samþykkt sem nýir félagar samhljóða.

Stjórn L.R. bar fram tillögu þess efnis að Brynjólfur Jóhannesson yrði kjörinn heiðursfélagi Leikfélags Reykjavíkur. Var tillagan samþykkt samhljóða og með miklu og langvarandi lófataki.

Þá flutti leikhússtjóri skýrslu um störf leikársins o.fl.

Sýningar á árinu voru samtals 219 (árið áður 218).

Sætanýting í Iðnó .......... 80,67o/o (árið áður 80,72 o/o)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðsókn að sýningum félagsins og starfsemin í heild var svipuð og árið áður, sem var metár hvað sýningafjölda og aðsókn snerti, Taldi hann þetta benda til þess að fastur og öruggur grundvöllur væri fyrir hinni mjög svo auknu starfsemi.

Verkefni 1965 - 66.

1. Ævintýri á gönguför ( Hostrup )

Sýningar í Iðnó 63

( á fyrra leikári 123)

samtals 186 sýningar

2. Sú gamla kemur í heimsókn ( Dürrenmatt)

Sýningar í Iðnó 15

( á fyrra leikári 10)

samtals 25 sýningar

3. Sjóleiðin til Bagdad ( Jökull Jakobsson)

Sýningar í Iðnó 4o

Leikför út á landsbyggðina í undirbúningi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Grámann, barnaleikrit ( Stefán Jónsson)

Sýningar í Tjarnarbæ 26

5. Hús Bernörðu Alba ( Garcia Lorca )

Sýningar í Iðnó 18

6-8. Orð og leikur

Ég er kominn til að fá upplýsingar ( Tardieu )

Leikur án orða ( Beckett )

Skemmtiferð á vígvöllinn ( Arrabal )

Síðdegissýningar 8

9. Þjófar lík og falar konur ( Dario Fo )

Sýningar 23

Sýningar á Akureyri 4

( á fyrra leikári 27

samtals 54 sýningar

10. Dúfnaveizlan ( Halldór Laxness )

Sýningar 22

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sjö leikstjórar unnu að verkefnum leikársins; þar af þrír í fyrsta sinn hjá L.R., Helga Backmann, Bjarni Steingrímsson og Sveinn Einarsson.

Með hlutverk fóru samtals 37 leikarar; 18 leikkonur og 18 leikarar. Auk þess 21 nemandi og 4 aukaleikarar. Samtals tóku 62 leikarar þátt í sýningum félagsins. Auk þess komu fram (eða sást í) starfsfólk á sviði í nokkrum tilfellum.

Á leikárinu hlaut Þorsteinn Ö Stephensen silfurlampann fyrir leik sinn sem pressarinn í Dúfnaveizlunni, og Gestur Pálsson Skálholtssveininn fyrir leik sinn í hlutverki Ills í Sú gamla kemur í heimsókn.

Leikhússtjóri sagði að í dag þ.e, 18. júlí, hefði L.R. fest kaup á húsi við Súðavog 24. Þetta væri iðnaðarbygging, tvær hæðir og einnig fylgdu samþykktar teikningar og réttur til að byggja þriðju hæð. 1. hæð væri 3oo $m^2$ og 2. hæð 12o $m^2$. Kaupverð hússins væri kr. 2.ooo.ooo.-, þar af greiddi L.R. kr. 1.ooo.ooo.- úr húsbyggingarsjóði, og framlag frá Reykjavíkurborg næmi kr. 1.ooo.ooo.-. Þessi húskaup kvað leikhússtjóri bæta úr brýnni þörf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir málaraverkstæði, smíðaverkstæði, búningageymslu, leikmuna- og húsgagnageymslu og jafnvel saumastofu, Allt þetta hefði verið á hrakhólum og dreift um bæinn í köldum bröggum og skúrum eða þá hvergi haft inni, og myndi aðstaða til starfsemi stórbatna með tilkomu þessa húsnæðis.

Að lokinni skýrslu sinni kom leikhússtjóri með uppástungu þess efnis að gefa út hljómplötu í tilefni 70 ára afmælis L.R. á næsta ári. Stakk hann upp á að efni plötunnar yrði t.d. upptökur úr fjórum leikritum, Hart í bak, Dúfnaveizlunni, Fjalla Eyvindi og Gullna hliðinu. Einnig stakk hann upp á að út yrði gefið smárit í tilefni afmælisins.

Leikhúsbyggingarmál L.R. voru rædd og helztu upplýsingar um þau mál voru, að enn væri ekki búið að ákveða staðsetningu fyrirhugaðs leihúss og meðan engin lóð væri ákveðin væri ekki hægt að hefja samkeppni um byggingu þess.

Önnur mál voru ekki rædd og sagði formaður fundi frestað til framhaldsaðalfundar.

ritari formaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

193. fundur

Framhaldsaðalfundur L. R. 14. nóvember 1966 kl. 2o.3o í Iðnó uppi.

Á fundir voru mættir 15 félagar.

Formaður L. R. Steindór Hjörleifsson setti fundinn. Ritari las fundargerð síðasta fundar, er var samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum. Þrjár umsóknir um inngöngu í L. R. bárust; frá 197 Bríeti Héðinsdóttur, 198 Sigurði Karlssyni og 199 Valgerði Dan. Voru þau samþykkt sem nýir félagar samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Formaður bað því næst gjaldkera L. R. að lesa reikninga félagsins. Að þeim lestri loknum voru einstakir liðir reikninganna ræddir nokkuð. Furðuðu fundarmenn sig á hinum háa auglýsingakostnaði til blaða og útvarps, og ræddu möguleika á að lækka þennan kostnaðarlið; og þá helzt með því að auglýsa minna. Brynjólfur Jóhannesson taldi það ekki ráðlegt, og að horfast yrði í augu við nauðsyn og mátt auglýsinganna á vorum tímum. Að loknum umræðum um þetta mál voru reikningar félagsins samþykktir.

Brynjólfur Jóhannesson kvaðst hafa orðið þess var á undanförnum árum að fundargerðir félagsins væru ýmist handskrifaðar eða vélritaðar á laus blöð og ekki færðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn í fundargerðarbók og taldi hann þetta vítarvert. Formaður kvað málið hafa verið tekið fyrir nýlega, svo að nú væri þetta lagfært að mestu leyti eða að fullu. Brynjólfur kvaddi sér hljóðs og þakkaði L. R. heiður þann er honum var sýndur með því að kjósa hann heiðursfélaga. Leikhússtjóri sagðist efast um að nokkurntíma áður í sögu L. R. hefðu menn verið jafn sammála og einhuga um kjör heiðursfélaga. Þá ræddi leikhússtjóri mál leikhússins almennt; sagðist hafa orðið þess var að starfsemi L. R. væri gaumur gefin erlendis t.d. fyrir sérstöðu sína sem "leikhús leikaranna" ef svo mætti orða það. Víða væri í athugum og áhugi fyrir að stofna nokkurskonar leikararáð sem hefði ítök í stjórn leikhúsa, hér hjá L.R. væri þetta staðreynd sem gæfist vel, að öllu jöfnu, en frumskilyrði fyrir slíkri starfsemi væri að allir kraftar L. R. starfi heilshugar fyrir félagið. Kvað hann ógerlegt fyrir L. R. að reka atvinnuleikhús ef starfsmenn þess virði að vettugi 14. grein laga félagsins. Þá minnti leikhússtjóri á 70 ára afmæli L. R. og óskaði eftir uppástungum og umræðum um afmælishaldið. Urðu allmiklar umræður og heilabrot um þetta mál. Brynjólfur Jóhannesson kom með uppástungu þess efnis að efnt yrði til sýningar á leikmyndum og minjum frá liðnum árum. Fundarmenn sýndu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tillögu þessari áhuga og var stjórninnni falið að athuga möguleika á slíkri sýningu.

Því næst tók Gissur Pálsson til máls. Kvaðst hann vona að fundarmenn væru ófeimnir að ræða og gagnrýna gjörðir stjórnarinnar þótt reikningar félagsins sýndu tap á liðnu ári. Hann taldi leikritaval ársins í heild ekki jafn gott og árið áður. Síðan þakkaði hann stjórn, leikhússtjóra og framkvæmdarstjóra störf þeirra og taldi að vel hefði tekizt að sigrast á erfiðleikum og vandamálum starfseminnar á árinu.

Sigmundur Örn Arngrímsson tók til máls. Hann sagði að leiknemar fengju ókeypis aðgang að leikhúsunum, en að útskrifaðir starfandi leikarar sem ekki væru meðlimir F. Í. L., en greiddu aðstöðugjald þar yrðu að kaupa sig inn fullu verði í Þjóðleikhúsinu. Leitað hefði verið eftir aðstoð F. Í. L. til að fá lagfæringu á þessu ranglæti en án árangurs. Og spurði hvort L. R. gæti hlutazt til um að þessu yrði breytt. Stjórnin lofaði að gera sitt bezta til að fá lagfæringu á þessu máli.

Því næst voru endurkjörnir endurskoðendur, Guðjón Einarsson og E. Manscher og Co. Fleiri mál voru ekki rædd, og formaður sagði fundi slitið.

Steinþór Sigurðsson
Þorsteinn Gunnarsson (?) form

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

194. fundur

Aðalfundur L. R. var haldinn 3. júní 1967 í Iðnó.

Mættir voru 24 félagar.

Formaður L. R. Steindór Hjörleifsson setti fundinn og minntist tveggja félaga er látizt höfðu á árinu, þeirra Guðlaugs Guðmundssonar og Hendriks Berndsen. Bað hann fundarmenn minnast hinna látnu með því að rísa úr sætum og var svo gert. Þvínæst las ritari fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða.

Borin var upp ein inntökubeiðni í L. R. frá 200 Ragnari Hólmarssyni og var hún samþykkt samhljóða.

Því næst flutti leikhússtjóri skýrslu sína. Hann sagði að starfssemin á síðasta leikári hefði gengið vel, og svipað og árið áður. Leikárinu lauk fyrr en venjulega eða 20. júní, sömuleiðis mundu æfingar hefjast fyrr en áður eða 20. ágúst. Þá ræddi leikhússtjóri 70 ára afmæli L. R. og lýsti því er gert var til hátíðabrigða. Sem afmælissýning var valin Fjalla-Eyvindur Jóhanns Sigurjónssonar í leikstjórn Gísla Halldórssonar og með leikmyndir eftir Steinþór Sigurðsson. Af undirtektum áhorfenda og gagnrýnenda, mátti greina að afmælisins þótti veglega minnst með sýningu þessari. Þá var og efnt til sýningar á munum og minjum, myndum, búningum og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og leikmyndum sem lýstu nokkrum þáttum í þessari 70 ára sögu. Um uppsetningu á þessari sýningu sáu Magnús Pálsson og Sigmundur Örn Arngrímsson, en hún var haldin í Unuhúsi. En sýningarsal þar lét Ragnar Jónsson félaginu í té endurgjaldslaust. Þá var gefið út smárit með myndum og fróðleik af starfi félagsins á síðustu árum. Loks var svo efnt til afmælishófs fyrir félagsmenn og gesti þeirra á Hótel Sögu. Mun það flestra manna mál að afmælishald þetta hafi verið félaginu til sóma, en fjölmargir sýndu í orðum og verki leikfélaginu hlýhug sinn á þessum tímamótum.

Þá vék leikhússtjóri að öðrum efnum, kvað hann margt leikhúsfólk hafa látið í ljós kvíða yfir því að harðna myndi í ári við tilkomu sjónvarps, en reynsla þessar vetrar hefði verið betri en búist var við, þar eð áhorfendafjöldi mundi vera svipaður, eða meiri en undanfarna vetur.

Þá upplýsti leikhússtjóri að í athugun væri að festa kaup á nýju ljósakerfi frá Strand Elektrik.

Þá skýrði hann frá næsta verkefni sem yrði Indíánaleikur eftir René de Obaldia. Leikstjóri yrði Jón Sigurbjörnsson og fagnaði leikhússtjóri því að hann skyldi aftur starfa fyrir félagið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að lokum vék hann að húsbyggingarmálum og sagði frá gagnasöfnun frá Danmörku; ennfremur sagðist hann vera á förum til Montreal að sitja þing sérfræðinga er fjalla mundu um leikhúsbyggingar í dag.

Formaður þakkaði leikhússtjóra fyrir skýrslu hans.

Gengið var til stjórnarkosninga. Formaður var kjörin Steindór Hjörleifsson með 24 atkvæðum,1 auður. Ritari kjörinn Steinþór Sigurðsson með 24 atkvæðum, 2 auðir. Guðmundur Pálsson baðst mjög eindregið undan endurkjöri í embætti meðstjórnanda og stakk upp á Pétri Einarssyni í sinn stað. Einnig var stungið upp á Sigmundi Erni Arngrímssyni. Kjörin var Pétur Einarsson með 2o atkvæðum, Sigmundur Örn hlaut 4 atkvæði, 1 seðill var auður. Varastjórn var endurkjörin, varaformaður Regína Þórðardóttir með 23 atkvæðum, 2 auðir, vararitari Helga Bachmann með 21 atkvæði, 4 auðir, varameðstjórnandi Gissur Pálsson með 21 atkvæði, 4 auðir.

Formaður þakkaði traust félagsmanna og þakkaði fráfarandi meðstjórnanda ómetanlegt starf í stjórn á liðnum níu árum, eða óslitið frá 1958.

Formaður boðaði tillögu um breytingu á 17 grein félagslaganna, sem fram yrði borin á næsta fundi, og sagði síðan fundi frestað til framhaldsaðalfundar.

Steindór Hjörleifsson St. Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

195. fundur

Framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó sunnudaginn 26. nóvember 1967 kl. 5 e.h.

Mættir voru 14 félagar.

Formaður L. R. Steindór Hjörleifsson setti fundinn. Ritari las fundargerð fyrri hluta aðalfundar og var hún samþykkt athugasemdarlaust.

Því næst las framkvæmdarstjóri L. R. upp endurskoðaða efnahags og rekstrarreikninga félagsins. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi voru kr. 2.892.o25.oo

| | | |
|---|---|---|
| Aðgöngumiðasala í Iðnó nam | kr. | 5.811.41o.oo |
| Hagnaður af leikskrám nam | kr. | 134.636.oo |
| Afskrifað af eignum | kr. | 71.169.oo |

Rekstrartap á árinu reyndist kr. 339.2o4.oo og þar af var tap á rekstri Tjarnarbæjar kr. 226.645.oo. Eignir húsbyggingarstjóðs voru kr. 1.2o1.478.oo.

Fundarmenn óskuðu eftir nánari skýringum á taprekstri Tjarnarbæjar. Framkvæmdastjóri sagði rekstur hússins væri kostnaðarsamur, t.d. nam rafmagnsreikningur s.l. árs kr. 161.627.oo. Hinsvegar kæmi lítið og stundum ekkert inn frá þeim aðilum sem hafa afnot af húsinu.

Reikningarnir voru bornir upp og samþykktir að skýrslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framkvæmdastjóra lokinni.

Formaður tók til máls og lýsti ánægju sinni með hversu vel hefði til tekizt með fjáröflunarskemmtun í Austurbæjarbíói fyrir húsbyggingarsjóð. Sjóðurinn væri um 2oo þúsund kr. ríkari og það væri almannarómur að skemmtunin hefði heppnast vel í alla staði. Þakkaði hann öllum sem að henni unnu og ekki sízt undirbúningsnefnd, en hana skipuðu þær Aurora Halldórsdóttir og Guðrún Ásmundsdóttir.

Leikhússtjóri gat þess að Sigmundur Örn Arngrímsson hefði gefið vinnu sína við undirbúning minjasýningar L. R. í Unuhúsi. Þá upplýsti hann að byggingarmál félagsins væru stöðugt í athugun og undirbúningi; aflað hefði verið margvíslegra gagna um leikhúsbyggingar víða að og viðræður við arkitekta og bæjaryfirvöld stæðu yfir. Þá sagði hann að skrif í blöðum og umræður meðal manna hefðu orðið til þess að nú væri í athugun hvort gerlegt væri að staðsetja leikhús í gamla miðbænum.

Formaður bar upp breytingartillögu á 17 gr. laga frá stjórninni um eftirfarandi: í fyrsta lagi - framhaldsaðalfund skal halda ekki síðar en 1. september- í staðinn komi 1. desember, og í öðru lagi - boða skal til aðalfundar með 1/2 mánaðar fyrirvara í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ábyrgðarbréfi - í staðinn komi bréfi.

Breytingartillagan var samþykkt með 14 samhljóða atkvæðum.

Þá bar stjórnin upp tillögu þess efnis að Hafliði Bjarnason yrði kjörinn heiðursfélagi L. R. Tillagan var samþykkt samhljóða og með lófataki fundarmanna. Formaður bauð Hafliða velkominn í hóp heiðursfélaga og kvað hann fylla þann hóp með sæmd.

Hafliði þakkaði heiður þann er honum væri sýndur og hann vonaðist til að vinna með félaginu áfram, því hér hefði sér liðið vel alla tíð.

Fleira var ekki rætt á fundinum en að lokum bauð formaður Pétur Einarsson velkominn í stjórn og sleit framhaldsaðalfundi þessum.

[signature] form. Steinþór Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

196. fundur

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó 3. september 1968 kl. 5.

Mættir voru 27 félagar.

Formaður setti fundinn og minntist félaga er látizt höfðu á árinu, þeirra Haraldar Björnssonar, Guðrúnar Indriðadóttur, Egils Vilhjálmssonar, Helgu Valtýsdóttur og Lárusar Pálssonar. Þar af voru 3 þeirra heiðursfélagar. Kvað formaður stórt skarð höggvið í félagahópinn og vandfyllt. Bað hann fundarmenn rísa úr sætum sínum í minningu þessara félaga.

Ritari las fundargerð framhaldsaðalfundar og var hún samþykkt samhljóða.

Þrír starfskraftar L. R. sóttu um inngöngu í félagið, þeir 201 Guðmundur Guðmundsson, 202 Kjartan Ragnarsson og 203 Þorsteinn Gunnarsson og voru þeir samþykktir sem félagsmenn með 25 atkvæðum og tveim auðum að auki.

Leikhússtjóri bar fram fyrirspurn þess efnis hvort nægilega greinileg ákvæði væru í lögum félagsins um réttindi og skyldur félaga gagnvart leikhúsinu. Einnig kvað hann það alltof algengt og alls óviðunandi að lögin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væru oft þverbrotin þar sem félagar tækju að sér störf utan félagsins hjá leikhúsum eða leikfélögum án þess að láta vita eða samkvæmt lögum hafa fengið samþykki stjórnar félagsins til þess. Slíkt leyfi ber stjórninni að veita ef það brýtur ekki í bága við þau störf sem viðkomandi félagsmaður hefur tekið að sér hjá félaginu. Ennfremur sagði leikhússtjóri að á fundinum væru t.d. þremenningar; félagar í L. R. , brotlegir í þessum efnum, er ynnu við nýstofnaðan leikflokk. Bar hann fram fyrirspurn hvort þeir hefðu í raun og veru rétt til fundarsetu.

Sigmundur Örn tók til máls og kvaðst vera einn þessara þremenninga. Hann sagði að umræddur leikflokkur væri ekki stofnaður, en í undurbúningi og taldi hann að á þessu stigi hefðu þeir félagar rétt til fundarsetu.

Nokkrar umræður urðu um þetta mál.

Gissur Pálsson kom með tillögu þess efnis að stjórn sé falið að athuga hvort ekki vanti viðurlög við slíkum brotum og skuli þetta athugað fyrir næsta aðalfund. Var tillaga þessi samþykkt.

Þvínæst flutti leikhússtjóri uppkast að reglugerð um utanfararstjóð Leikfélags Reykjavíkur. Voru talsverðar umræður um þetta mál, sérstaklega um teljumöguleika fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjóðinn. Kom uppástunga þess efnis að félagsgjöld skyldu renna í utanfararsjóð, en Lárus Sigurbjörnsson benti á að félagsgjöld mættu ekki notast á þann hátt, þótt í góðum tilgangi væri.

Brynjólfur Jóhannesson taldi ekki rétt að samþykkja reglugerð þessa fyrr en tekjumöguleikar fyrir sjóðinn hefðu verið athugaðir betur, og var stjórninni falið að gera það.

Þá bar stjórnin fram tillögu þess efnis að Lárus Sigurbjörnsson yrði kjörinn heiðursfélagi L. R. Brynjólfur Jóhannesson stóð upp og kvaðst styðja tillöguna af heilum hug, og var Lárus kjörinn með lófataki allra fundarmanna.

Lárus þakkaði heiður þann er honum væri sýndur með þessu og sagði að þó hann ynni ekki við leikhúsið núna væri hann alla tíð að vinna fyrir L. R. meira eða minna. Hann væri t.d. að taka saman skrá yfir alla leikara sem starfað hafa hjá L. R. fram á þennan dag. Hann kvaðst alltaf halda tryggð við félagið og að mikið þyrfti út af að bera ef svo yrði ekki áfram.

Þá tilkynnti leikhússtjóri að keypt hefðu verið ný ljósatæki í leikhúsið og bað hann ljósameistara að segja nánar frá þessum tækjum. Gissur Pálsson lýsti tækjunum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og taldi þetta mikla og nauðsynlega endurbót fyrir starfsemina.

Þá flutti leikhússtjóri mjög ítarlega skýrslu um húsbyggingarmál leikfélagsins frá upphafi og að henni lokinni voru lagðar fram frumteikningar af fyrirhuguðu leikhúsi og fundarmenn kynntu sér teikningarnar.

Þá óskaði formaður þess að fundurinn veitti stjórninni umboð til áframhaldandi vinnu við undurbúning leikhússbyggingarmálum.

Var það samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

Fleiri mál voru ekki rædd og fundi slitið.

Steindór Hjörleifsson
form.

Steinþór Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

197. fundur

Framhaldsaðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó 1. desember 1968 kl. 3 e. h.

Á fundinum voru mætti 22 félagar.

Formaður L. R. Steindór Hjörleifsson setti fundinn.

Ritari las fundargerð fyrri hluta aðalfundar og var hún samþykkt samhljóða.

Tvær leikkonur sóttu um inngöngu í félagið – 204 Hrafnhildur Guðmundsdóttir og 205 Helga Kristín Hjörvar og var inngangа þeirra samþykkt samhljóða.

Þá las framkvæmdastjóri upp endurskoðaða efnahags og rekstrarreikninga. Að loknum þeim lestri kom fram fyrirspurn varðandi ógoldin félagsgjöld, en þau námu kr. 27 þúsundum. Var spurt hvernig stæði á þessu. Framkvæmdastjóri gaf þá skýringu að hér væru að mestu leyti um skuldir óstarfandi félaga að ræða. Reglan væri sú að strika viðkomandi út af félagsskránni ef þeir greiddu ekki félagsgjöld í 5 ár.

Einnig urðu umræður um rekstur Tjarnarbæjar, en rekstrarhalli þar nam kr. 131.934.oo.

Reikningar voru því næst bornir upp og samþykktir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurskoðendur voru endurkjörnir N. Manscher og Co,- löggiltir endurskoðendur og Guðjón Einarsson.

Formaður bar upp tillögu stjórnarinnar á breytingu 14 gr. félagslaga, er felur í sér í fyrsta lagi; viðurlög við brotum á ákvæðum greinarinnar, og í öðru lagi orðalagsbreytingu; í stað "eða önnur leikhús" komi - "eða hjá öðrum aðilum er stofna til leiksýninga."

14 grein verði þá svohljóðandi: Félagsmenn mega því aðeins taka þátt í eða starfa að sjónleikasýningum utan félagsins á starfsárinu, að þeir hafi fengið samþykki stjórnar félagsins til þess. Slíkt leyfi ber stjórninni að veita, ef það brýtur ekki í bága við þau störf sem viðkomandi félagsmaður hefur tekið að sér hjá félaginu. Vanræki félagsmaður að leita þessa leyfis, varðar það missi félagsréttinga í eitt ár. Félagsmenn, sem fastráðnir eru, eða verða kunna við Þjóðleikhúsið (A og B samningur) eða hjá öðrum aðilum er stofna til leiksýninga í eitt ár eða lengur, skulu skoðaðir sem aukafélagar án skuldbindinga og félagsréttinda ráðningartímann. Fullgildir félagar verða þeir að nýju að ráðningartíma þeirra loknum og við undirskrift félagslaga.

Tillaga þessi var samþykkt með 19 atkvæðum, 3 seðlar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

voru auðir.

Formaður bar því næst upp tillögu að reglugerð um utanfararsjóð L. R. Taldi hann tímabært að bera hana undir atkvæði. Alltaf mætti endurbæta reglugerðina, svo og bæri nauðsyn til að finna fjáröflunarleiðir í utanfararsjóðinn. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Leikhússtjóri tók til máls og kvaðst fagna þeim góða árangri er náðist á skemmtun húsbyggingarsjóðs, "Þegar amma var ung". Þakkaði hann skemmtinefnd, Auroru Halldórsdóttur, Guðrúnu Ásmundsdóttur svo og Pétri Einarssyni fyrir mjög vel unnið starf, og var þeim þakkað með miklu lófataki.

Borgar Garðarsson bar upp eftirfarandi tillögu: Stjórn L. R. gangist fyrir því að allir fastir starfsmenn félagsins, svo og menn í burðarhlutverkum ( þe. leiksviðsmenn) fari haust hvert í allsherjar læknisskoðun. Kostnað við slíka skoðun skal L. R. bera að hálfu, en þolandi að hálfu. Fyrsta skoðun fari fram fyrir 12. desember 1968. En komandi ár fyrir 1. nóvember. Fundarmenn töldu tillöguna mjög gagnlega. Stjórn L. R. bar fram breytingartillögu þess efnis að stjórnin athugi kostnað og möguleika á sem víðtækasti læknisskoðun á leikurum og starfsfólki í byrjun hvers leikárs. Ef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mögulegt er, fari slík læknisskoðun fram þegar á þessu leikári. Kostnaður skiptist til helminga milli L. R. og viðkomandi starfsmanna. Borgar dró tillögu sína til baka og var breytingartillagan samþykkt samhljóða.

Borgar Garðarsson tók til máls; kvaðst hann leggja til að sjóður yrði stofnaður til að standa að einhverju leyti kostnað á bættu loftræstikerfi í búningsherbergum. Einnig taldi hann nauðsynlegt að starfsfólk á sviði fengi einhverja aðstöðu eða afdrep. Það hefði alls engan samastað baksviðs. Pétur Einarsson kvaðst taka að sér athugun þessara mála innan stjórnarinnar.

Þá taldi Borgar æskilegt ef hægt væri að koma á umræðufundum með leikhúsráði og félögum þar sem fram kæmi verkefnaval og ákvarðanir leikhúsráðs. Taldi hann óþarflega mikla leynd yfir ákvörðunum ráðsins.

Leikhússtjóri kvaðst fagna þessum hugmyndum. Frekar einfalt væri að gera verkefnaval langt fram í tímann, en því miður mjög erfitt að framfylgja því af ýmsum ástæðum, jafnvel þeim að leikarar neiti að vinna saman. Taldi leikhússtjóri nauðsyn á meiri samvinnu og samstöðu og að umræðufundir gætu aðeins orðið til góðs.

Talsverðar umræður urðu um þessa hugmynd og sýndist sitt hvorum, en flestir lýstu sig fylgjandi málinu og var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því vísað til stjórnar og nánari athugunar.

Gissur Pálsson tók til máls og kvaðst vilja ítreka þakklæti til allra er stóðu að skemmtun húsbyggingarsjóðs. Kvaðst hann varla hafa verið hrifnari í annan tíma en með þá ósérhlífni, vinnu og áhuga er allir þátttakendur sýndu.

Þá ræddi hann verkefnaval félagsins og taldi of mikið að leikritum sem ekki hefðu möguleika á aðsókn. Leikhúsgestir vilja skemmta sér, hrífast og sjá eitthvað eftirminnilegt og verkefni eins og t.d. Yvonne höfðuðu ekki til fólks. Slík verk ætti að taka sjaldnar og fylgja þeim úr hlaði með rækilegri kynningu og umræðum á sýningum sem væru eflaust til góðs.

Þóra Borg tók til máls. Hún sagði meðal annars, að alltaf væri gott og blessað að fá gangstykki og peninga, en kannske væri samt þýðingarmest að ná listrænum árangri.

Fleiri mál voru ekki rædd, og sleit formaður þessum aðalfundi.

Steinþór Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

198. fundur

Aðalfundur L. R. haldinn 10. júní 1969 í Iðnó kl.8.30
Mættir voru 28 félagar.

Formaður félagsins Steindór Hjörleifsson setti fundinn og bauð Regínu Þórðardóttur sérstaklega velkomna á fundinn, en hún hafði átt við veikindi að stríða að undanförnu. Því næst minntist hann tveggja félaga er látizt höfðu á árinu, þeirra Arndísar Björnsdóttur og Gests Pálssonar. Bað hann fundarmenn minnast hinna látnu með því að rísa úr sætum.

Ritari las því næst fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum.

Formaður bar upp inntökubeiðnir í L. R. frá Jóni (206) Aðils, Eddu Þórarinsdóttur (207), Arnhildi Jónsdóttur (208), Þórunni Sigurðardóttur (209) og Erlendi Svavarssyni (210). Voru þau samþykkt sem félagar með öllum greiddum atkvæðum, og boðin velkomin í L. R. með lófataki.

Formaður upplýsti að í mörg undanfarin ár hefði ekki verið framfylgt lagaákvæðum þess efnis að nýir félagar undirriti lög félagsins og boðaði bót þar á, er kæmi til framkvæmdar strax á næsta fundi.

Þá gerði framkvæmdastjóri grein fyrir undirbúningsathugun á læknaskoðun fyrir leikara og starfsfólk L. R.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Allsherjarskoðun myndi kosta 13-15 hundruð krónur á mann, en sjúkrasamlagið tæki ekki þátt í kostnaði þessum, sem þá myndi skiptast á L. R. og félagana. Kvaðst framkvæmdarstjóri athuga málið betur fyrir haustið.

Þvínæst gerði leikhússtjóri grein fyrir störfum undanfarins leikárs. Hann kvaðst oft hafa verið ánægðari með skýrsluflutning en nú. Það væri staðreynd að aðsókn hafi verið verri en undanfarin ár; ástæður gætu verið margar - ytri ástæður svo sem minni fjárráð fólks, eða sjónvarp, svo og kannski innri ástæður, verkefnaval og rekstur. Á leikárinu voru sýnd 9 leikrit, Koppalognið, Sá sem stelur fæti, Leynimelur 13, Maður og kona, Yvonne, Orfeus og Evrýdís, Rabbi, Yfirmáta ofurheitt og Hedda Gabler.

Leikhússtjóri flutti ítarlega skýrslu um fjölda leikara, leikstjóra, leikmyndateiknara o.s.frv. Hann upplýsti einnig að ólíklegt væri að leiklistarskóli á vegum L. R. yrði rekinn næsta ár. Allar aðstæður til skólahalds væru mjög slæmar, sömuleiðis væri það álit flestra sem til þekktu að stofna bæri ríkisleiklistarskóla. Þörfin fyrir hann yrði enn augljósari þegar skóli L. R. starfaði ekki lengur. Leikhússtjóri kvaðst nýkominn af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráðstefnu (Vasaseminaret) en þar voru ræddar hugmyndir um leiklistarskólamál og skipulagningu skóla.

Þá kvað hann L. R. hafa fengið 4o þúsund krónur danskar úr Nordisk kulturfond til að standa straum af kostnaði vegna heimsóknar Odin leikhússins. Spáði hann að þetta yrði lærdómsríkt námskeið.

Formaður þakkaði skýrsluna.

Borgar Garðarsson kvaðst álíta það mjög varhugavert að loka leiklistarskólanum því hann hefði gegnt merku hlutverki og þaðan komið góðir kraftar undanfarin ár.

Leikhússtjóri tók undir þýðingu leiklistarskólans, en ítrekaði nauðsyn á stofnun ríkisleiklistarskóla og upplýsti að hann hefði verið tilnefndur að hálfu L. R. í undirbúningsnefnd að ríkisleiklistarskóla. Engir fundir hefðu verið boðaðir í þeirri nefnd og hann hafi nýlega sagt sig úr henni.

Þá tók Gissur Pálsson til máls. Hann kvaðst í rauninni ekki óánægður með verkefni og verkefnaval leikársins, en nauðsynlegt væri að kynna ítarlega verkefni leikhússins út á við. Taldi hann sjónvarpstökur úr leikritum meira til ógagns en gagns og blaðagagnrýni allt annað en örfandi fyrir leikhúsið, hún dræpi jafnvel niður góðar sýningar. Finna yrði leið til að kynna verkefni og ná til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fólks með nýjum leiðum.

Leikhússtjóri tók til máls. Hann sagði að þó að L. R. stefni í þá átt að verða Borgarleikhús, sé fyrir mestu að reksturinn verði lýðræðislegur. Taldi hann fráleitt og óæskilegt ef félagar litu á leikhúsið sem stofnun með skrifstofuveldi.

Til að ná til fólks utan veggja leikhússins þurfum við öll að taka höndum saman skipuleggja ferðir í skóla og á vinnustaði, kynna verk okkar og sjónarmið og kanna hvað fólk vill sjá í leikhúsi og hversvegna. Leikhússtjóri benti á ýmsa möguleika og leiðir til slíkrar starfsemi, en taldi að þetta yrði að gerast með samvirku og samstilltu átaki.

Borgar Garðarsson stakk upp á að haldnir yrðu rabbfundir með umræðum um mál leikhússins t.d. einu sinni í mánuði.

Fékk uppástunga þessi góðan hljómgrunn hjá fundarmönnum og var samþykkt að halda slíkan rabbfund innan skamms og síðan í haust eftir því sem við væri komið.

Síðan var gengið til stjórnarkosninga. Formaður var kjörinn Steindór Hjörleifsson með 26 atkvæðum, 2 auðir. Ritari var kjörinn Steinþór Sigurðsson með 27 atkvæðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1 auður. Meðstjórnandi var kjörinn Þorsteinn Gunnarsson með 18 atkvæðum, Pétur Einarsson hlaut 9 atkvæði, 1 seðill var auður. Regína Þórðardóttir var kjörin varaformaður með lófataki, sömuleiðis Helga Bachmann vararitari og Gissur Pálsson varameðstjórnandi.

Helgi Skúlason tók til máls og taldi frekar harkalegt að kjósa nýjan meðstjórnanda í stað Péturs Einarssonar, þar sem hann væri fjarverandi. Hann þakkaði stjórninni starf á liðnu ári, sérstaklega fráfarandi meðstjórnanda og bauð Þorstein Gunnarsson velkominn í stjórn. Þorsteinn Gunnarsson þakkaði fundarmönnum það traust er sér væri sýnt, en tók undir með Helga og sagði að honum þætti miður að vera kosinn í stað Péturs þar sem hann væri í útlöndum.

Borgar Garðarsson kvaðst ráða af samtali við Pétur Einarsson að hann óskaði ekki eftir endurkosningu. Sömuleiðis upplýsti leikhússtjóri að Pétur hefði verið ásamt sér á Vasaráðstefnunni og þeir hafi verið sammála um öll mál varðandi ríkisleiklistarskóla og leikhúsmál almennt.

Formaður upplýsti að borizt hefði bréf frá leikhússtjóra þar sem bent væri á að samningur við hann væri útrunninn. Tekizt hefði að fá samning við Svein Einarsson í eitt ár til viðbótar, en því miður ekki til lengri tíma.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann kvað orðið laust og vonandi tækist einhverjum félaga að hafa áhrif á Svein og ná lengri samningi.

Sigmundur Örn kom með fyrirspurn hvort leikhússtjóri væri ekki fáanlegur að sitja önnur 3 ár og byggja upp áfram tillögur og hugmyndir þær sem hann hefði.

Helga Bachmann tók til máls og sagðist ekki ætla sér þá dul að telja Svein á að sitja áfram. En þar sem hann hefði við skólauppsögn leiklistarskólans nýverið sagt starfi sínu sem skólastjóri lausu, vildi hún nota tækifærið og þakka honum ómetanleg störf sem skólastjóri þar undanfarin ár.

Emilía Jónasdóttir kvað Svein hafa hringt í sig fyrir 5 árum, gamla konuna, og beðið sig að koma og starfa hjá L. R. Síðan hefði hún stöðugt verið að yngjast.

Leikhússtjóri þakkaði fundarmönnum hlýhug og traust er sér væri sýnt og kvaðst gefa kost á sér til starfa í eitt ár og það væri von sín og ósk , allt að því krafa, að allir kraftar leikfélagsins ynnu saman á næsta ári.

Því næst var kosinn meðstjórnandi í stjórn utanfararsjóðs. Kjörinn var Jón Sigurbjörnsson.

Formaður sagði að nefndin kæmi saman fljótlega og ákvæði styrkupphæðina og meiningin væri að veita úr sjóðnum í vor.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleiri mál voru ekki rædd.

Formaður bauð Þorstein Gunnarsson velkominn í stjórn og sleit fundi.

Steinþór Sigurðsson

Steindór Hjörleifsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur